**SKOÐUN**

Tímanum var illa varið í að lesa blogg um greinarnar mínar þrjár, skrifar Sighvatur Björgvinsson. 30



**MENNING**

Jón Gnarr samsamaði sig sjóræningjum í æsku. 56



**SPORT**

Ekki sér fyrir endann á markaskorun Lionel Messi hjá Barcelona. 62





Peðin í stjóratafli Abramovich. 64


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
22. nóvember 2012
275. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Valið á framboðslista** Forval VG í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi fer fram á laugardaga. Þá velja sjálfstæðismenn á lista í Reykjavík og Norðvesturkjördæmi. 16

**Gögn hækka bætur** Sérfræðigögn geta hækkað bætur til þolenda kynferðisofbeldis. 4

**Hitastigið hækkar** Ekki hefur mælst mjög kaldur mánuður í heiminum rúm 27 ár. 6

**Sleggjuárás í Háholti** Aðalmeðferð í máli Annþórs og Barkar hélt áfram í gær. 8



HALLDÓR 26

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | | NA | 7 |
| Akureyri | 1° | | A | 6 |
| Egilsstaðir | 4° | | A | 9 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | A | 7 |
| Reykjavík | 3° | | NA | 7 |

**HVASST NV-TIL** Í dag verða norðaustan eða austan 13-20 m/s NV-til en annars yfirleitt hægari. Víða rigning eða slydda en úrkomulítið SV-til. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Komu með hvítvoðung til landsins á fölskum pappírum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar mál pars sem kom með ungbarn til landsins og lagði fram skjöl um að það væri foreldrarnir. Við nánari eftirgrennslan játað fólkið að skjölin væru fölsuð og það ætti ekki barnið.

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú mál sem varðar mansal, eftir að par sem kom með ungbarn til landsins fyrr á árinu reyndist ekki foreldrar barnsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er parið búsett á Íslandi en fór utan fyrr á árinu og kom svo aftur til landsins með nýfætt barn. Þau sögðust eiga barnið og lögðu fram fæðingarvottorð og önnur gögn því til staðfestingar. Gögnin virtust vera í lagi við fyrstu sýn. Síðar vöknuðu grunsemdir um að ekki væri allt sem sýndist og farið var fram á að þau færu í DNA-próf til að sanna skyldleika sinn við barnið. Þá viðurkenndu þau að vera ekki raunverulegir foreldrar barnsins og að skjölin væru fölsuð.

Útlendingastofnun hefur samkvæmt lögum um útlendinga heimild til að fara fram á að umsækjandi um dvalarleyfi eða ættmenni hans gangist undir DNA-próf.

Málið er rannsakað sem mansalsmál samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, í það minnsta til að byrja með, og hefur barnaverndaryfirvöldum verið gert viðvart um það. Ekki er talið að um neins konar misnotkun sé að ræða. Samkvæmt almennum hegningarlögum er ólöglegt að greiða fyrir mansali með því að falsa ferðaeða persónuskilríki og annast milligöngu um eða útvega slík skilríki.

Karl Steinar Valsson yfirlögregluþjónn vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið fór þess á leit við hann. Hann sagðist þó geta staðfest að hjá lögreglunni væru nokkur mál til rannsóknar sem vörðuðu mansalsákvæði laga. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er eitt þeirra grunur um mansal á kínverskum nuddstofum í Reykjavík. **- þeb**

## Dæmt í einu máli

Fyrir fimm árum viðurkenndi kona sem er íslenskur ríkisborgari af filippseyskum uppruna að hún væri ekki raunverulega móðir ungrar stúlku sem hún hafði haft forsjá yfir. Stúlkan hafði komið sjö ára gömul hingað til lands árið 2006 og var sótt um dvalarleyfi fyrir hana sem dóttur konunnar. Í ljós kom að stúlkan var bróðurdóttir hennar. Í framhaldinu reyndu kynforeldrar stúlkunnar að fá forræði yfir henni en dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að betra væri fyrir hana að dvelja áfram hjá fósturforeldrum, sem henni var komið fyrir hjá eftir að upp komst um málið.



**TVEGGJA NÚMERA MUNUR** Munurinn á stærð fóta Ólafar sést helst þegar hún er berfætt. Hún segir að flestum sem frétti af vandamálinu þyki það stórmerkilegt og þeir vilji ólmir fá að sjá á henni fæturna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hægri fótur Ólafar passar í skóstærð 38 en sá vinstri í stærð 40:

# Leitar að fótaspegilmyndinni

**FÓLK** „Eitt af því leiðinlegasta sem ég geri er að kaupa mér skó. Ég þarf alltaf að kaupa tvö pör og það er því dýrt dæmi fyrir mig,“ segir leikkonan Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir, sem auglýsir eftir spegilmynd sinni á samskiptavefnum Facebook. Ástæðan er sú að Ólöf er með misstóra fætur. Hægri fótur hennar passar í stærð 38 á meðan sá vinstri er ívið stærri, í stærð 40. Því leitar Ólöf logandi ljósi að einhverjum sem glímir við sama vandamál, nema á hinn veginn, og væri tilbúinn að deila með henni skókaupum. „Svo væri auðvitað frábært ef sá hinn sami myndi vilja koma með mér og kaupa skó, tvö fatlaföl saman í skóbúð. Það væri snilld,“ útskýrir hún.

Leikkonan viðurkennir að hún hafi einu sinni tekið einn skó af hvorri stærð er hún keypti skópar í Hagkaupum á sínum yngri árum. „Fyrirgefðu Hagkaup. Þetta var hræðilegt og mér leið ekki vel með þetta. En neyðin kennir naktri konu að spinna,“ segir Ólöf. **- áp /** sjá síðu 70

Google gagnrýnir SÞ:

# Segir netfrelsi vera í hættu

**TÆKNI** Tölvufyrirtækið Google varar við því að fyrirhugaður sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um upplýsinga- og samskiptatækni muni vinna gegn frjálsu og opnu interneti. Þetta kemur fram á vef BBC. Fyrirtækið stendur fyrir undirskriftasöfnun gegn sáttmálanum á netinu.

Gert er ráð fyrir að sáttmálinn verði samþykktur í desember. „Sumar tillögurnar heimila ríkisstjórnum að ritskoða löglegan málflutning eða jafnvel að loka fyrir aðgang að netinu,“ segir á síðu undirskriftasöfnunarinnar. Þá gagnrýnir Google að gert sé ráð fyrir að fyrirtæki eins og YouTube, Facebook og Skype þurfi að borga gjöld fyrir að veita þjónustu yfir landamæri. **- kóp**








KÓSÍ KVÖLD
jólastemmning, uppákomur og kruðerí í Habitat og Tekk-Company
Opið til kl. 22 í Kauptúni í kvöld
20% afsláttur af öllum vörum í Tekk-Company og Habitat. Aðeins í dag!

## SPURNING DAGSINS



Helgi, gengur þetta upp?

**„Nei, þetta er náttúrulega of langt gengið.“**

Helgi Gíslason hjá Skógræktarfélaginu hefur vakið athygli á því að gönguleiðir í Esjuhlíðum eru farnar að hafa áhrif á lífríki þar.

Rauði krossinn dreifir um 120 þúsundum jólahefta til allra landsmanna:

# Hafa safnað 42 milljónum króna fyrir frí kort

**GÓÐGERÐARMÁL** Rauði krossinn dreifir nú sínu árlega jólakortahefti inn um bréfalúgur landsmanna. Alls fá tæplega 120 þúsund heimili í landinu heftið í ár, eða öll sem taka við fjölpósti.

Hagnaður Rauða krossins vegna jólamiðanna á árunum 2007 til 2011 var alls 42 milljónir króna og rennur allur ágóðinn til innanlandsverkefna.

Heftið inniheldur fjölda merkimiða, jólafrímerkja og jólakort, en gíróseðill að upphæð 1.250 krónur fylgir með pakkanum og er fólki frjálst að greiða hann.

Þessi hefð hefur tíðkast hjá Rauða krossinum síðan árið 1996 og hefur gengið vel, að sögn upplýsingafulltrúa samtakanna, Sólveigar Ólafsdóttur.

Miðarnir séu vissulega dýrir í framleiðslu, en dreifingin skili sér samt sem áður alltaf í gróða. Hagnaður Rauða krossins á síðasta ári var 3,4 milljónir króna.

Sólveig segir efnahagshrunið hafa haft áhrif á kostnað samtakanna við framleiðslu heftisins, en landsmenn hafi ekki látið sitt eftir liggja, enda hafi hagnaðurinn aukist um 1,4 milljónir króna á milli áranna 2007 og 2008.

Framleiðslu- og dreifingarkostnaður hafi þó hækkað umtalsvert síðan árið 2007.

„Þetta er dýrt í framleiðslu, en við værum ekki að þessu nema við værum í gróða,“ segir hún. „Við höfum velt því fyrir okkur hvort við ættum að fara út í hefðbundna jólakortasölu, en þetta fyrirkomulag virðist henta fólki betur.“ - sv



**MYND JÓLAHEFTISINS Í ÁR** Myrra Leifsdóttir er listakonan á bak við myndina sem prýðir jólahefti Rauða Krossins 2012.



**GEYMSLAN** Orkuveitan farin og börnin bíða.

Uppfylla langþráðan draum:

# Krakkar verða í spennistöðinni

**FÉLAGSMÁL** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar samþykkti í gær að gamalli spennistöð við Austurbæjarskóla sem Orkuveitan nýtti síðast sem geymslu yrði breytt í félags- og menningarmiðstöð fyrir börn og unglinga og aðra íbúa hverfisins.

„Í fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að 20 milljónum króna verði varið til þessa verkefnis. Skóla- og frístundaráð telur þá fjárveitingu skynsamlega sem fyrsta skrefið við endurbyggingu spennistöðvarinnar svo draumurinn um félags- og menningarmiðstöð fyrir börn og unglinga í 101 geti orðið að veruleika,“ segir í bókun ráðsins, sem áætlar að framkvæmdir hefjist á næsta ári. - gar

## REYKJAVÍK

### Samræmi jólaskreytingar

Stjórn Faxaflóahafna hefur synjað ósk Miðborgarinnar okkar og Jólahóps Reykjavíkurborgar um stuðning við jólahald og jólaskreytingar í miðborginni. Hafnarstjórinn á hins vegar að ræða við borgina um samræmdar jólaskreytingar.

## SIGLUFJÖRÐUR

### Gisting í Svartadauða

Valgeir T. Sigurðsson hyggst opna nýjan gististað á Siglufirði undir nafninu Black Death Menningarhús. Staðurinn er í Tjarnargötu 16 og þar á að vera gisting í íbúðum án veitinga. Valgeir er eigandi Black Death vörumerkisins og framleiðir bjór undir því nafni.

Grikkir ósáttir við fund:

# Vilja meiri fjármuni án tafar

**GRIKKLAND, AP** „Grikkir hafa gert það sem þeir þurftu að gera og það sem þeir hafa skuldbundið sig til,“ sagði Antonis Samaras, forsætisráðherra Grikklands, þegar ljóst var í fyrrinótt að tólf klukkustunda fundur fjármálaráðherra evruríkjanna skilaði ekki samkomulagi um framhald fjárhagsaðstoðar til Grikklands. Samaras krefst þess að evruríkin útvegi Grikkjum sem fyrst næstu útborgun úr neyðarsjóðum ESB. Ráðherrar evruríkjanna ætla að hittast á mánudaginn, en Grikkir eiga á hættu að verða gjaldþrota fái þeir ekki frekari aðstoð. - gb

# Rjúpnaveiðitímabilið verður ekki framlengt

Umhverfisráðuneytið mun ekki framlengja rjúpnaveiðitímabilið þrátt fyrir fjölmargar óskir skotveiðimanna. Upplýsingafulltrúi ráðuneytisins segir að veður hafi alltaf haft áhrif á veiðar á Íslandi. Óbilgirni ráðherra, segir formaður Skotvís.

**VEIÐI** Umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun ekki framlengja rjúpnaveiðitímabilið í ár vegna veðurs þrátt fyrir fjölmargar óskir þess efnis.

Skotveiðifélag Íslands (Skotvís) hafði meðal annars farið þess á leit við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og samráðshóp um rjúpnaveiðar, að veiðidögum yrði fjölgað. Ástæðan er að aðeins hefur verið hægt að stunda veiðar í tvo til þrjá daga af þeim sjö sem veiðar hafa verið leyfðar hingað til vegna óveðurs.



**ELVAR ÁRNI LUND**

„Af því tilefni vill ráðuneytið taka fram að höfðu samráði við Umhverfisstofnun að ekki verða gerðar frekari breytingar á reglum um rjúpnaveiðar á þessu ári,“ segir á vef ráðuneytisins.

Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, segir að búið hafi verið að ákveða þessa daga og að veður breyti ekki þeim forsendum. „Veður hefur alltaf haft áhrif á rjúpnaveiðar á Íslandi,“ segir hún.

Bergþóra Njála segir að þó að veður hafi verið slæmt á einhverjum stöðum á landinu sé ekki loku fyrir það skotið að fólk hafi komist til veiða í öðrum landshlutum.

„Ef veiðitímabilið yrði framlengt myndi það þýða aukið álag á rjúpnastofninn umfram það sem ætlað var þegar þessar reglur voru settar,“ segir Bergþóra Njála.



**RJÚPA** Rjúpnaveiðar verða ekki framlengdar í ár samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Elvar Árni Lund, formaður Skotvís, er afar ósáttur við ákvörðun ráðuneytisins. „Þetta er óbilgirni hjá ráðherra,“ segir hann.

„Þetta eru mikil vonbrigði því það er ekkert tiltökumál að bæta við nokkrum dögum við núverandi reglugerð ráðherra og auglýsa þá,“ segir Elvar Árni.

„Afstaða Umhverfisstofnunar er skiljanleg að því leyti að hún vill ekki að það sé verið að hringla með fjölda veiðidaga til þess að eiga auðveldara með að leggja mat á áhrif veiðanna. Núverandi fyrirkomulag er samt ekki nema ársgamalt og áhrif skotveiða þetta árið verða alveg öruggléga ekki þau sömu og í fyrra þegar það var miklu auðveldara að ganga til veiða,“ segir Elvar Árni.

Samkvæmt reglugerð ráðuneytisins eru rjúpnaveiðar leyfðar níu daga á ári og eru tveir dagar eftir af tímabilinu. Skotvís hefur lagt til tillögur að breyttu veiðistjórnunarkerfi.

kristjan@frettabladid.is / sjá síðu 66






Egyptar og Bandaríkjamenn hafa reynt að þrýsta á Ísraela og Hamas:

# Samið um vopnahlé á Gasa

**ÍSRAEL** Hillary Clinton og Mohamed Kamel Amr, utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Egyptalands, fullyrtu á blaðamannafundi síðdegis í gær að Ísraelar og Palestínumenn hefðu samið um vopnahlé á Gasa.

Vopnahléið átti að hefjast strax í gærkvöld, en fram að þeim tíma höfðu Ísraelar haldið ótrauðir áfram að skjóta sprengjum á Gasa, og frá Gasa var einnig skotið sprengjuflaugum yfir landamærin til Ísraels.

Alls hafa loftárásir Ísraelshers á Gasaströnd undanfarna viku kostað meira en 140 Palestínumenn lífið, en sprengjuflaugar frá Gasaströnd hafa kostað fimm Ísraela lífið.

Meðal annars varð læknir á sjúkrahúsi í Gasaborg fyrir því að vera kallaður til að sinna sex ára dreng sem reyndist vera sonur hans, en sonurinn var látinn þegar hann komst undir læknishendur.

Þá var gerð sprengjuárás á strætisvagn í Tel Aviv, fjölmennustu borg Ísraels. Meira en tuttugu manns særðust, en þetta er í fyrsta skipti í nokkur ár sem Palestínumenn gera sprengjuárás í Ísrael. - gb



**SPRENGING Í TEL AVIV** Meira en tuttugu manns særðust, þar af tveir alvarlega, þegar sprengja sprakk í strætisvagni í Tel Aviv í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# ÓDÝR VALKOSTUR Í NETTÓ




## GERÐU ÞÍNA EIGIN VERÐKÖNNUN!

**VERÐDÆMI**




**TÚNFISKUR**
Í VATNI
185 G

**259** KR STK




**UPPÞVOTTALÖGUR**
500 ML

**239** KR STK




**HVEITI**
2 KG

**239** KR PK

nettó
*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

**GENGIÐ**
21.11.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,77 | 127,37 |
| Sterlingspund | 201,71 | 202,69 |
| Evra | 162,00 | 162,90 |
| Dönsk króna | 21,720 | 21,848 |
| Norsk króna | 22,071 | 22,201 |
| Sænsk króna | 18,744 | 18,854 |
| Japanskt jen | 1,5405 | 1,5495 |
| SDR | 193,14 | 194,30 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
224,5218

Hlutfall lána í vanskilum hefur lækkað ört undanfarið:

# Hlutfall lána í vanskilum undir 10%

**VIÐSKIPTI** Hlutfall lána sem voru í vanskilum hjá Landsbankanum er komið undir 10% í fyrsta sinn frá bankahruni. Í lok september var vanskilahlutfallið 9,2% en til samanburðar var það 13,9% um síðustu áramót. Þetta kom fram í 9 mánaða uppgjöri bankans sem birt var í síðustu viku.

Vanskilahlutfall hjá stóru viðskiptabönkunum þremur hefur farið ört lækkandi á síðustu misserum eftir að hafa náð hámarki í lok árs 2010. Þannig var hlutfall lána í 90 daga vanskilum hjá bönkunum þremur 18% í desember 2010 en var orðið 10% í júní á þessu ári, að því er fram kemur í nýjasta eintaki Fjármálastöðugleika Seðlabankans. Benda nýju tölurnar frá Landsbankanum til þess að vanskilahlutfallið hafi enn lækkað síðan.

Þrátt fyrir að vanskilahlutfallið hafi því næstum helmingast frá lokum árs 2010 er það enn hátt í alþjóðlegum samanburði. Þannig segir í Fjármálastöðugleika að þetta hlutfall ætti að öllu jöfnu að vera um 1 til 2% hjá banka með gott útlánasafn. - mþl

**→ Vanskilahlutfall hjá stóru bönkunum þremur**




Útlán í vanskilum umfram 90 daga.
HEIMILD: SEÐLABANKINN

Stopul lýsing í miðborginni:

# Gert við bilaða ljósastaura

**UMFERÐARMÁL** Bilanir í götulýsingu í miðborg Reykjavíkur jukust mikið í óveðrinu fyrir tveimur vikum.

„Um síðustu helgi voru um 170 stólpar ljóslausir, sem og pollar á Austurvelli og við Arnarhól. Einnig datt öll lýsing á Ingólfstorgi út. Lampar fuku af nokkrum stólpanna eða löskuðust svo illa að skipta þarf um þá,“ segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Unnið er að viðgerðum og áætlað er að verkinu ljúki síðar í vikunni. - gar

Talinn skaða trúverðugleika:

# Úr stjórn hjá eldri borgurum

**FÉLAGSMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur sagt sig úr stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík „þar eð seta hans þar gæti skaðað hagsmuni félagsins og trúverðugleika,“ eins og segir í tilkynningu frá félaginu.



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

„Margir félagsmenn hafa eðlilega krafið stjórn félagsins um svör við því hvernig félagið muni bregðast við stöðu mála á Eir. Hlutverk FEB er samkvæmt lögum þess að gæta hagsmuna eldra fólks í hvívetna og leggur stjórnin áherslu á að allt sé gert til að tryggja öryggi íbúarétthafa og þjónustu við þá sem búa á hjúkrunarheimilinu,“ segir stjórn FEB. - gar

Kona í Svíþjóð kærð:

# Sögð hafa misnotað bein

**SVÍÞJÓÐ** 37 ára gömul kona í Svíþjóð hefur verið kærð fyrir að raska friði látinna, eftir að lögregla fann fjölda mannabeina í íbúð hennar. Lögregla segir konuna hafa notað beinin sem kynlífsleikföng.

Konan segir áhuga sinn á beinum vera sögutengdan. Saksóknari telur að hún sé með blæti fyrir dauðanum og lagði meðal annars fram myndir af beinum og líkhúsum. Þá fundust skjöl í fórum hennar um hvernig ætti að leggjast á lík. Konan viðurkennir að hafa verið með beinin á heimili sínu en neitar allri ósæmilegri meðferð á þeim. - þeb

# Gögn hækka bætur til þolenda ofbeldis

Sérfræðigögn í kynferðisbrotamálum gegn börnum skipta sköpum þegar kemur að upphæð bótagreiðslu. Algengast er að gerendum sé gert að greiða lítinn hluta kröfunnar, samkvæmt rannsókn. Sjötíu gerendur sakfelldir í Hæstarétti síðan 2002.

**DÓMSMÁL** Sérfræðigögn í kynferðisbrotamálum gegn börnum virðast skipta sköpum fyrir rétti þegar kemur að því að dæma fórnarlömbum ofbeldisins bætur. Alla jafna eru bætur hærri í dómum þar sem sérfræðigögn eru lögð fram í málinu; eins og umsagnir um líðan þolanda frá sálfræðingum, geðlæknum, sjúkrahúsum, lögreglu og fleiri aðilum, samkvæmt rannsókn síðan í ár.



SVALA ÍSFELD ÓLAFSDÓTTIR

Rannsóknin nær til allra kynferðisbrotadóma gegn börnum á tímabilinu 2002 til febrúar 2012 þar sem sakborningur var sakfelldur. Dómarnir eru sjötíu talsins og þolendurnir 126. Verkefnið er hluti af BA-ritgerð Snædísar Óskar Sigurjónsdóttur við Háskólann í Reykjavík (HR). Í 63% málanna var bótakrafa studd með sérfræðigögnum.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild HR, fjallaði um rannsóknina í grein sinni „Áhrif sérfræðigagna á fjárhæð miskabóta til þolenda kynferðisbrota í æsku“. Þar segir að allir brotaþolarnir hafi gert kröfu um miskabætur og fengu þeir allir dæmdar bætur.

Langalgengast er að Hæstiréttur fallist á minna en helming, eða á bilinu 21 til 40%, þeirrar upphæðar bótakröfu sem farið er fram á fyrir dómi. Þá sýnir rannsókn Snædísar fram á að eftir því sem fleiri sérfræðigögn eru lögð fram í málinu, þeim mun meiri líkur eru á að upphæð miskabóta verði hærri. Einnig kom í ljós að eftir því sem brotin eru alvarlegri, þeim mun algengara er að sérfræðigögn fylgi með.

Svala segir í niðurstöðukafla greinar sinnar að þessi niðurstaða ætti að verða réttargæslumönnum brotaþola í kynferðisbrotamálum veruleg hvatning til að vanda til verka við undirbúning og rökstuðning slíkrar kröfu.

sunna@frettabladid.is



## Dæmdar bætur




Meðalfjárhæð dæmdra bóta á hverju alvarleikastigi. Á öllum alvarleikastigum var meðaltal dæmdra bóta töluvert hærra þar sem sérfræðigögn voru lögð fram til stuðnings bótakröfu.



**BÍLDUDALSKIRKJA** Embætti sóknarprestsins verður lagt af.

Sameining prestakalla:

# Ósátt bæjarráð í Vesturbyggð

**VESTURBYGGÐ** „Enn og aftur upplifa íbúar sunnanverðra Vestfjarða að opinber störf eru lögð niður með tilheyrandi neikvæðum áhrifum og byggðaröskun,“ segir bæjarráð Vesturbyggðar sem kveðst harma ákvörðun Kirkjuþings um að sameina prestaköll á sunnanverðum Vestfjörðum og leggja niður embætti sóknarprests í Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalli sem jafnframt þjónaði Barðaströnd.

„Bæjarráð krefst þess að Biskupsstofa komi með 50 prósenta starf á móti því sem lagt er niður, til þess að starfið verði eftirsóknarverðara til umsóknar.“ - gar

Vilja fleiri íbúa í Breiðdalinn:

# Auglýsa eins og norskir bæir

**BREIÐDALSHREPPUR** Sótt er í smiðju Norðmanna til að laða nýja íbúa að Breiðdalshreppi. „Nóg af lausum lóðum, hagstætt húsnæðisverð, laus skrifborð og öll önnur aðstaða,“ segir meðal annars í auglýsingu frá hreppnum, þar sem áhersla er lögð á friðsæld og náttúrufegurð. Í samtali við Austurgluggann segir Páll Baldursson sveitarstjóri að fyrirmyndin sé auglýsingar sveitarfélaga í Noregi sem sækjast eftir íslensku starfsfólki. - gar






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**RIGNING EÐA SLYDDA** Það lítur út fyrir heldur köflótt veður næstu daga. Dregur víðast hvar úr vindi á landinu en það má víða búast við slydduéljum eða skúrum. Dregur heldur úr frosti á landinu í dag.




**Á morgun**
10-18 m/s NV-til, annars hægari.




**Laugardagur**
Víðast fremur hæg norðvestlæg eða breytileg átt.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Billund | 9° | Gautaborg | 8° | London | 12° | Orlando | 21° | San Francisco | 17° |
| Basel | 12° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 8° | Mallorca | 20° | Ósló | 6° | Stokkhólmur | 7° |
| Berlín | 8° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 23° | New York | 11° | París | 10° | | |

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** *Jón Laufdal jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# SETTU **DEVOLD** Á JÓLAGJAFALISTANN

**Ellingsen** býður mikið úrval af hinum eina sanna norska Devold ullarnærfatnaði, sem heldur á þér hita þó að þú blotnir. Börn og annað útivistarfólk elskar Devold og við spáum hlýjum vetri, sama hvernig veðrið verður.



**DEVOLD ACTIVE BOLUR**
Bláir og bleikir, stærðir: 2–16
**6.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BARNABUXUR**
Bláar og bleikar, stærðir: 2–16
**6.990 KR.**



**DEVOLD BREEZE BABY**
Bleikar, stærð: 74–98
Bláar, stærð: 74–98
**5.490 KR.**



**DEVOLD BREEZE BABY**
Bleikur, stærð: 74
Blár, stærð: 62
**6.490 KR.**



**DEVOLD EXPEDITION M. HETTU**
Kvk, svartur, stærð: S–XL
Kk, svartur, stærðir: S–XL
**14.990 KR.**



EINNIG TIL Í SVÖRTU

**DEVOLD EXPEDITION POLO**
Kvk, rauður, stærðir: S–XL
Kk, rauður, stærðir: S–XXL
**12.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Kvk, svartur, stærð: S
Kk, svartur, stærðir: S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Svartur, kk, stærðir: S–XXL
**11.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Svartar, kk, stærðir: S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE POLO**
Fjólublár, kvk, stærð: S–XL
**11.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Bleikar, kvk, stærð: XS–XL
**10.990 KR.**

**15% AFSLÁTTUR** þegar þú kaupir Devold sett.

**10% AFSLÁTTUR** þegar þú kaupir eina Devold flík.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122939

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er framkvæmdastjóri Félags tónskálda og textahöfunda?
**2.** Með hvaða liði spilar Eiður Smári Guðjohnsen?
**3.** Hvað heitir ný plata Bjarkar Guðmundsdóttur?

**SVÖR**

1. Jón Ólafsson 2. Cercle Brugge 3. Bastard

Hugmynd borgarstjóra um bann við komum herskipa harðlega gagnrýnd af borgarfulltrúa:

# Óttast afleiðingar herskipabanns í borginni

**REYKJAVÍKURBORG** Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir þá afstöðu Jóns Gnarr borgarstjóra að banna ætti komur herskipa til Reykjavíkur stefna í voða farsælu björgunarsamstarfi við aðrar þjóðir, sérstaklega Dani og Norðmenn.

„Slíkt gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar vegna björgunarhagsmuna Íslendinga í framtíðinni,“ sagði Kjartan við umræður í borgarstjórn á fimmtudag. „Ólíklegt er að vinaþjóðir kjósi að auka samstarf við Íslendinga í öryggis- og björgunarmálum og rétta hjálparhönd, til dæmis með því að lána þyrlur, ef þær eru um leið látnar finna fyrir því að skip þeirra, þyrlur og flugvélar eru óvelkomnar til sjálfrar höfuðborgar landsins.“

S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, segir Jón Gnarr hafa rætt við sendiherra erlendra ríkja og bent þeim á að í þessu felist engin óvirðing og alls engin stríðsyfirlýsing. „Þeir taka þessu mjög vel og hafa fullan skilning á þessari „friðleiti“ borgarstjóra,“ segir Björn sem kveður það ókost að samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum séu björgunarskip eins og strandgæsluskip Norðmanna og Dana flokkuð sem herskip. Tæki umrætt bann gildi myndi það á engan hátt eiga við slík björgunarskip. Hætta stafi hins vegar af þungvopnuðum herskipum.

„Eins og menn vita eru er ekki gefið upp hver farmur herskipa er. Það getur ógnað öryggi borgarinnar gríðarlega ef kjarnorkuvopn eru um borð í skipi og þau verða fyrir árás eða eitthvað annað ber út af,“ segir aðstoðarmaðurinn. **- gar**



**HERSKIP Í REYKJAVÍKURHÖFN** Erlend ríki hafa skilning á málflutningi borgarstjóra segir aðstoðarmaður hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fangi fór illa að ráði sínu:

## Neytti kókaíns og fer ekki fet

**DÓMSMÁL** Þorsteinn Kragh, sem hlaut níu ára fangelsisdóm fyrir innflutning á tæpum 200 kílóum af hassi og hálfu öðru kílói af kókaíni árið 2009, var fyrir nokkrum vikum staðinn að kókaínneyslu í dagsleyfi sem hann fékk frá fangelsinu Kvíabryggju á Snæfellsnesi. Hann átti aðeins viku eftir í Kvíabryggju – síðan hefði hann farið í opna fangelsið Vernd.



**ÞORSTEINN KRAGH**

DV greindi frá þessu í gær. Þar kom fram að kókaínið hefði fundist í þvagi Þorsteins eftir að hann skilaði sér of seint úr dagsleyfinu. Vegna þessa hefur hann nú verið færður á Litla-Hraun og mun hann einnig þurfa að sitja lengur í fangelsi en hann hefði þurft, líklega í um sex mánuði.

Tyrkir leita til NATO:

## Vilja flugskeyti til landamæra

**TYRKLAND, AP** Tyrknesk stjórnvöld hafa óskað eftir því að fá flugskeyti af gerðinni Patriot frá Atlantshafsbandalaginu (NATO) til að styrkja varnir sínar meðfram landamærum Sýrlands.

Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, segir að þetta verði rætt án tafar á vettvangi NATO.

NATO hefur lítinn áhuga á að blandast inn í átök Tyrklands og Sýrlands á landamærunum, en Tyrkland er aðildarríki í NATO. **- gb**

### FRÁVIK FRÁ LANGTÍMAMEÐALHITA Í GRÁÐUM Á CELSÍUS 1880-2012




# Mjög kaldur mánuður ekki mælst í rúm 27 ár

Október var 322. mánuðurinn í röð þar sem hitastig á heimsvísu var yfir langtímameðaltali. Í nýrri skýrslu varar Alþjóðabankinn við því að jörðin muni hlýna verulega umfram þær tvær gráður sem litið er á sem hámark, verði ekkert að gert.

**LOFTLAGSMÁL** Hvergi í heiminum hafa fallið kuldamet það sem af er þessu ári. Þá hefur hitastig verið yfir langtímameðaltali á öllum landsvæðum jarðarinnar ef frá eru skilin Alaska og austasti hluti Rússlands. Þetta kemur fram í hitastigsskýrslu Haf- og veðurstofu Bandaríkjanna (NOAA) fyrir októbermánuð.

Í skýrslunni er vakin athygli á því að október var 332. mánuðurinn í röð þar sem hitastig á heimsvísu er hærra en sem nemur langtímameðaltali. Með öðrum orðum hefur enginn einstaklingur undir 27 ára aldri upplifað mánuð sem var undir meðallagi kaldur. Það jafngildir næstum helmingi heimsbyggðarinnar en rétt ríflega 50% jarðarbúa eru undir þrítugu.

Meðalhitastig í október var 14,6 gráður sem er 0,6 gráðum hærra en sem nemur langtímameðaltali í október. Þá var síðasti mánuður fimmti heitasti októbermánuður sögunnar.

Þá gaf Alþjóðabankinn út skýrslu í upphafi vikunnar þar sem varað er við því að hitastig á jörðinni geti orðið fjórum gráðum heitara en sem nemur langtímameðaltali í lok aldarinnar. Markmið alþjóðasamfélagsins hefur kveðið á um tveggja gráðu hækkun að hámarki. Segir í skýrslunni að verulega þurfi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eigi sú spá ekki að rætast.

Loks kemur fram í skýrslunni að fjögurra gráðu hlýnun myndi auka verulega öfgar í veðurfari og meðal annars leiða til fordæmalausra hitabylgja, alvarlegra þurrka og mikilla flóða í mörgum heimshlutum. Þá gæti slík hlýnun haft veruleg áhrif á gróðurfar og dregið úr uppskeru.

**magnusl@frettabladid.is**

Boranir á Vesturlandi:

## Fundu heitt vatn í Melasveit

**VESTURLAND** Heitt vatn fannst á 657 metra dýpi á bænum Geldingaá í Melasveit í síðustu viku. Nú renna um 14 mínútulítrar upp úr holunni en frekari mælingar á hita og vatnsmagni verða gerðar. Þetta kemur fram á vef Skessuhorns.

Haft er eftir Hauki Jóhannessyni jarðfræðingi að hitinn í borholunni hafi verið um 150 gráður áður en hún var kæld en standi nú í um 65 gráðum.

Um eitt og hálft ár er síðan byrjað var að bora eftir heitu vatni í Melasveitinni og hafa boranir staðið yfir í um eitt og hálft ár með hléum. Skortur er á heitu vatni í sveitinni. **- kh**




**UPPREISNARMAÐUR Í GOMA** Við landamæri Rúanda. NORDICPHOTOS/AFP

Uppreisnarmenn í Goma:

## Ætla að ná öllu Kongó undir sig

**KONGÓ, AP** Uppreisnarmenn í Afríkuríkinu Austur-Kongó hafa hertekið borgina Goma og segjast nú ætla að ná öllu landinu undir sig, líka höfuðborginni Kinshasa.

Talið er að uppreisnarsveitirnar M23, sem voru stofnaðar snemma á þessu ári, njóti stuðnings frá nágrannaríkinu Rúanda. Íbúar í Goma óttast nú að borgin verði innlimuð í Rúanda.

Friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna hafa ekki blandað sér í átökin, því þeir hafa ekki umboð til að berjast við uppreisnarmennina. **- gb**



# ÞAKKAGJÖRÐA HÁTÍÐIN
## er í dag



GOTT VERÐ
**1.549** kr/kg.
Kalkúnn - heill ferskur

## STEIKTUR HEILL KALKÚNN

1 stk heill kalkúnn
Salt og pipar
Smjör
Klútur

FYLLING
1 dl saxaður laukur
1 dl rauðlaukur saxaður
1 dl epli söxuð
1 dl saxað sellerí
Söxuð salvía
Saxað timijan
2 dl smjör
5 dl brauðteningar
2 egg

Allt grænmetið er svitað við nokkuð vægan hita á pönnu uns algerlega meyrt. Kælið grænmetið og blandið síðan saman við restina af hráefnunum. Kryddið að lokum vel með salti og pipar.

Snyrtið kalkúninn og smyrjið vel með smjöri. Kryddið að innan sem og utan með salti og pipar. Smellið fyllingunni í hann og lokið. Setjið á grind og brúnið í ofni við 210 gráður í 12 mín ca eða þangað til hann er orðinn fallega gylltur. Takið kalkúninn út og lækkið ofnin í 120 gráður. Takið klút sem hefur verið bleyttur vel með smjöri og leggið yfir kalkúninn. Eldið hann svo áfram í ofninum í ca 3 ½ til 4 klukkutíma og munið á 15 mín fresti að taka smjörið og safann og hella aftur í klútinn sem liggur á kalkúninum. (Uppskriftin miðast við ca 5kg fugl).




**499** kr/pk.
**Kjúklingavængir**
800gr - 2 teg.



**699** kr/pk.
Holta
**Kjúklingaleggir**
600gr - Western leggir, Buffaló leggir




TILBOÐ 20% afsláttur við kassa

**McCain franskar**
– í djúpsteikingarpottinn eða ofninn




**Eggo vöfflur**
- tilbúnar beint í ristina




**Minute Maid og Rótarbjór**
– ekta amerískt




**Skittles**
– nokkrar nýjar tegundir




**Ben & Jerry´s**
– 5 nýjar tegundir




Takmarkað magn

**Drykkir**
– Tab loksins fáanlegt aftur á Ísl.

gamla góða!




**Amerískt morgunkorn**
– gott á morgnana



**999** kr/stk.

**Amerísk karamelluterta**
– bara gott...

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 25. nóvember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

NÓVEMBER TILBOÐ
GERÐU FRÁBÆR KAUP
Allt að 80% lánamöguleikar
Mikið úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á góðu verði í nóvember!




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 06/11, ekinn 49 þús km.
dísel, sjálfskiptur
Rnr. 260006
Frábær kaup kr. 6.790 þús.



NISAN NOTE VISIA
Nýskr. 06/11, ekinn 46 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Frábær kaup kr. 1.990 þús.
Rnr.200929



HYUNDAI Santa Fe METAN
Nýskr. 08/12, ekinn 9 þús. km.
bensín METAN, sjálfskiptur.
Frábær kaup kr. 5.690 þús.
Rnr.120078




HYUNDAI iX35 GLS
Nýskr. 08/12, ekinn 16 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Frábær kaup kr. 4.690 þús.
Rnr.151480.



CHEVROLET LACETTI STATION
Nýskr. 01/11, ekinn 26 þús. km.
bensín, beinskiptur.
Frábær kaup kr. 1.990 þús.
Rnr.151534.



HYNDAI i30 Classic
Nýskr. 05/11, ekinn 45 þús km.
bensín, beinskiptur
Frábær kaup kr. 1.990 þús.
Rnr.190652




NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 06/11, ekinn 12 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Frábær kaup kr. 2.190 þús.
Rnr. 280269.

bílaland
Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is



**HORFST Í AUGU** Bergur Már Ágústsson, lengst til hægri, horfir í augu Barkar Birgissonar í Héraðsdómi Reykjaness á þriðjudag. Bergur heldur því fram að Börkur og Annþór Karlsson hafi skipulagt hrottafengna árás á sig en tvímenningarnir segja að óvildarmenn þeirra í undirheimum hafi fengið Berg til að ljúga upp á þá sökum til að losna við þá af götunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sleggjuárás í Háholti dregur dilk á eftir sér

Draghaltur sakborningur í stóru líkamsárásarmáli kærir fórnarlamb sitt fyrir að hafa stungið hann í október. Viðurkennir að hafa látið sleggjuhögg dynja á manninum í janúar. Líka búið að kæra hann fyrir atvik sem leiddi til sleggjuárásinnar.

**LÖGREGLUMÁL** Hinn 9. október síðastliðinn kom 26 ára maður á lögreglustöðina í Kópavogi og lagði fram kæru á hendur Bergi Má Ágústssyni fyrir alvarlega líkamsárás. Maðurinn, Smári Valgeirsson, kvað Berg hafa ráðist að sér á Moe‘s bar í Breiðholti, stungið hann í lærið með hnífi og snúið hnífnum í sárinu.

Atvikið á Moe‘s bar sýnir að undirheimaátökunum sem leiddu til ákæru á hendur Annþóri Karlssyni og Berki Birgissyni í sumar er ekki lokið. Smári og Bergur Már voru þar báðir í aðalhlutverkum.

Smári er á meðal tíu sakborninga í máli Annþórs og Barkar. Hann viðurkenndi fyrir dómi á mánudaginn var að hafa borið hitann og þungann af árásinni á Berg Má á heimili þess síðarnefnda við Háholt í Mosfellsbæ. Hann kvaðst hafa verið með plastsleggju sem notuð er til að brjóta ís á skipum og látið höggin dynja á Bergi Má með henni. Bergur hlaut opið beinbrot á sköflungi af atlögunni.

Smári, sem er 26 ára, var draghaltur þegar hann kom í héraðsdóm að gefa skýrslu á mánudag. Hann var spurður um málið og sagði að heltin væri afleiðing þess þegar Bergur stakk hann fyrir sex vikum. Smári er bersýnilega í góðu vinfengi við Annþór og Börk, því að þeir féllust innilega í faðma í Héraðsdómi á þriðjudag.

Bergur var spurður um atvikið á Moe‘s bar fyrir dómi á þriðjudag þótt það komi dómsmálinu sem þar er til umfjöllunar í raun ekki við. Hann kannaðist við að hafa lent í átökum við Smára en neitaði því aðspurður að hafa stungið hann. „Ég rétt svo næ að skeina mér sjálfur, hvernig á ég að geta stungið einhvern?“ spurði hann, og vísaði til þess hversu illa farinn hann væri enn eftir árásina í janúar.

Bergur Már er fósturbróðir barnsmóður Smára og má rekja deilur þeirra til þess. Þau tengsl voru ástæða þess að Bergur Már bankaði upp á hjá Smára 4. janúar síðastliðinn í fylgd nokkurra manna vopnaður sleggju og barði sambýling Smára í höfuðið í misgripum. Sambýlingurinn var Sigmundur Geir Helgason, kallaður Simbi, sem þá var liðsmaður Hells Angels.

Sú árás varð til þess að Sigmundur og Smári héldu ásamt öðrum að heimili Bergs í Mosfellsbæ síðar um daginn til að jafna metin, eins og segir frá hér að framan. Smári hefur nú líka lagt fram kæru á hendur Bergi fyrir þessa kylfuárás. Það gerði hann þó ekki fyrr en um miðjan september.

Smári er með nokkur afbrot á ferilskránni en Bergur er hins vegar með tuttugu dóma á bakinu, meðal annars fyrir skotárás á hús í Hafnarfirði 2006. Þá játaði hann nýverið innflutning á tæplega þúsund e-töflum til landsins.

stigur@frettabladid.is

## Greindi lögreglumanni frá hótunum

Aðalmeðferð í máli Annþórs og Barkar hélt áfram í gær þegar tekin var skýrsla af tveimur vitnum; einum lögreglumanni og svo vitni sem ekki tókst að hafa uppi á í fyrradag.

Í upphafi dags krafðist Guðmundur St. Ragnarsson, verjandi Annþórs, þess að sækjandinn Karl Ingi Vilbergsson yrði úrskurðaður vanhæfur til að fara með málið þar sem hann hefði lent í átökum við Smára í Héraðsdómi Reykjaness í sumar. Dómarar tóku sér hlé til að fjalla um kröfuna en höfnuðu henni.

Þá var leikin upptaka af símtali fyrir dóminn þar sem einn af sakborningunum í málinu heyrist greina lögreglumanni frá því að hinum og fjölskyldu hans hefði verið hótað ofbeldi ef hann breytti ekki framburði sínum og hlífði Annþóri og Berki. Sami sakborningur hafði á mánudaginn lýst því við skýrslutöku að Annþór og Börkur hefðu ekki komið nálægt neinum árásanna þriggja sem þeir eru ákærðir fyrir.

Saksóknari og verjendur munu flytja mál sitt í dag.

> **Ég rétt svo næ að skeina mér sjálfur, hvernig á ég að geta stungið einhvern?**
>
> *Bergur Már Ágústsson, fórnarlamb sleggjuárásar og meintur stungumaður*






Kynningarverð gildir t.o.m. 1. desember

## HEIMURINN




### Tugir hunsa ný lög

1 Tugir mannréttindasamtaka og annarra óháðra félagasamtaka í **Rússlandi** hunsa nýja löggjöf um starfsemi þeirra, sem tók gildi í gær.

Samkvæmt nýju lögunum þurfa samtök sem þiggja stuðningsfé frá útlöndum að skrá sig sem erlenda útsendara í Rússlandi. Þar með eru stjórnvöld, að mati þessara samtaka, að grafa undan trúverðugleika þeirra meðal landsmanna.

Þau samtök sem ekki fara að lögunum mega búast við sektum og gætu að auki misst starfsleyfi sitt.

### Létust í ruslagámi

2 Fimm drengir á aldrinum 9 til 13 ára, sem fundust látnir í ruslagámi í bænum **Bije** í sunnanverðu **Kína** á mánudag, höfðu ekki sést heima hjá sér í tíu daga þegar leit var hafin.

Þeir höfðu leitað skjóls í gámnum og kveikt eld til að hlýja sér, en létust af kolsýringseitrun.

Málið hefur vakið mikla athygli í kínverskum fjölmiðlum og hrint af stað umræðu um lélega félagsþjónustu sem fátækum fjölskyldum býðst í landinu. Sex embættismenn hafa verið reknir, þar á meðal tveir skólastjórar.

### Hryðjuverkamaður líflátinn

3 Mohammed Ajmal Kasab, eini vígamaðurinn sem lifði af hryðjuverkaárásirnar á **Múmbaí** árið 2008, var í gær tekinn af lífi, rúmlega hálfu öðru ári eftir að hann hlaut dauðadóm.

Hann var í hópi pakistanskra byssumanna sem réðust á hótel, menningarmiðstöð, veitingahús og lestarstöð í borginni með þeim afleiðingum að 166 manns létu lífið.

Við réttarhöldin yfir Kasab kom fram að pakistönsku hryðjuverkasamtökin Lashkar e Taiba hefðu staðið á bak við árásirnar.



### Kveikt í ruslahaugum

4 Íbúar í **spænska bænum Jerez** kveiktu í gær í fjölmörgum yfirfullum ruslagámum og haugum af ruslapokum sem safnast hafa saman víða um borg meðan sorphirðumenn hafa verið í verkfalli.

Slökkviliðið þurfti að slökkva í að minnsta kosti 85 eldum, aðallega í úthverfum bæjarins, sem er vinsæll áfangastaður ferðamanna.

Mikil reiði er meðal bæjarbúa með ástandið og sums staðar þurftu slökkviliðsmenn lögreglufylgd til að tryggja öryggi þeirra.

# Hjón í eina gröf eftir mistök í kirkjugarði

Bræður segja að ókunnug kona hafi fyrir mistök verið jörðuð hjá móður þeirra í fráteknum grafreit fjölskyldunnar í Görðum. Eldri bróðirinn er ósáttur en sá yngri fellst á að hvíla í einni gröf með eiginkonu sinni að jarðvist þeirra lokinni.

**FÓLK** „Þetta er út í hött. Ástvinir vilja vera saman,“ segir Gísli Líndal í Holti í Garðabæ, sem telur að ókunnug kona hafi verið jarðsett í leiði sem frátekið var fyrir fjölskylduna í kirkjugarðinum í Garðaholti.

Móðir Gísla lést árið 2003 og var þá jarðsett í duftreit í kirkjugarðinum við Garðakirkju. „Þegar mamma dó óskuðum við eftir að fá fjóra reiti og var þá sagt að það væri ekkert mál enda var hún aðeins þriðja manneskjan í nýjum reit. Við tókum margsinnis fram að það þyrfti að vera pláss fyrir framan og við hliðina á henni og þannig var þetta sett upp,“ útskýrir Gísli.

Viðbótarstæðin þrjú segir Gísli hafa verið ætluð honum sjálfum, bróður hans og mágkonu. Fyrir nokkrum vikum tók hann eftir að jarðsett hefði verið í grafstæðinu beint fyrir framan móður hans. Hann hafi óskað eftir skýringum hjá stjórnendum kirkjugarðsins. „Þau sögðust ekki hafa fundið neina pappíra. Það er ósköp einfalt að skýla sér á bak við það,“ segir Gísli, sem kveður mistök hafa orðið og tengir þau við að nýtt fólk hafi tekið við stjórn kirkjugarðsins í sumar.

Stefán Heimir Finnbogason staðfestir frásögn Gísla bróður síns. „Þegar mamma var sett niður var óskað eftir þremur aukastæðum og að við værum þarna fjögur í ferningi,“ segir Stefán, sem hefur rætt við stjórnendur kirkjugarðsins og fallist á að hann og eiginkona hans hvíli í einni gröf við hliðina á Gísla og móður þeirra bræðra. „Það er ekki hægt að breyta þessu og það skiptir engu máli fyrst þetta fór svona.“



**HLIÐ VIÐ HLIÐ** Móðir Gísla er grafin í duftkirkjugarðinum í Garðaholti og ætlar Gísli að hvíla að lokum við hlið hennar. Bróðir Gísla og mágkona verða síðan í einni gröf honum við hlið en ekki fyrir framan eins og Gísli segir að hafi verið frágengið fyrir níu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þórunn Björgvinsdóttir kirkjuhaldari segir það misskilning hjá þeim bræðrum að þrjú viðbótarleiði hafi verið frátekin í ferningi. Aðeins tvö leiði hafi verið tekin frá fyrir þá bræður. Þau séu bæði til hliðar við móður þeirra.

„Þannig er teikningin af þessu. Það er búið að tala við bróður hans og hans konu. Frekar en að fara eitthvert annað ætla þau saman í eitt leiði og Gísli fær það sem hann bað um. Gísli hefur hugsað þetta öðruvísi í upphafi en ekki skilið hvernig var frá þessu gengið,“ segir kirkjuhaldarinn.

Þótt Gísli sé óánægður hyggst hann halda sínu striki og leggjast til hvílu við hlið móður sinnar þegar sú stund rennur upp. „Ég fer á minn stað – ef það verður ekki búið að planta ofan í hann.“

gar@frettabladid.is

Landsbankinn losnar undan 1,3 milljarða kröfu vegna Norðurturnsins:

# Kröfu Norðurturnsins hafnað

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í gær eignarhaldsfélagið Smáralind ehf., dótturfélag fasteignafélagsins Regins, af 1,3 milljarða króna kröfu þrotabús Norðurturnsins.

Norðurturninn er félag sem var stofnað utan um byggingu 15 hæða turns við Smáralind. Turninn hefur setið hálfkláraður á vesturenda Smáralindar frá því á árinu 2008 en enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort turninn verður kláraður eða hann rifinn.

Þrotabú Norðurturnsins stefndi Smáralind ehf. þar sem Norðurturninn taldi að síðarnefnda félagið hefði undirgengist skuldbindingu um að leggja til fjármuni til framkvæmdanna. Smáralind ehf. hafnaði þeirri kröfu á þeirri forsendu að engar samþykktir fyndust í gögnum félagsins fyrir þátttöku í byggingarkostnaðinum. Féllst Héraðsdómur á röksemdir Smáralindar.

Eins og áður sagði er Smáralind ehf. dótturfélag fasteignafélagsins Regins. Þegar Reginn var skráður á markað síðastliðið vor gaf Landsbankinn út svokallaða skaðleysisyfirlýsingu vegna dómsmálsins. Þar með hefði kostnaður vegna þess fallið á Landsbankann hefði Héraðsdómur fallist á kröfur Norðurturnsins.

Ekki liggur fyrir hvort málinu verður áfrýjað til Hæstaréttar. - mþl

www.volkswagen.is







Volkswagen Passat eigendur eru ánægðir með metanið

Eigendur Passat EcoFuel taka þátt í því að minnka losun koltvísýrings í andrúmsloftið, spara dýrmætann gjaldeyri með því að nota íslenskan orkugjafa og lækka eldsneytiskostnaðinn um nær helming.

Passat TSI EcoFuel kostar frá

3.990.000 kr.

Das Auto.

Meðaleyðsla 6,8 l /100 km bensín, 6,6 m³ 4,3 kg/100 km metan m.v. blandaðan akstur.

49.426 kr. á mánuði

mv. Volkswagen Passat TSI Eco Fuel og óverðtryggðan bílasamning með gullvildarkjörum frá Ergo til 84 mánaða og 25% útborgun. Hlutfallstala kostnaðar 10,30%.

ergo

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

# Ítölsku Alparnir

## Morgunflug með Icelandair til Verona



**Ferðakynning!**

Veglegur afsláttur af ferðum ef bókað þetta kvöld.

Evert og Örn fararstjórar verða með kynningarfund á skrifstofu VITA, Suðurlandsbraut 2, fimmtudaginn 22. nóvember kl. 17:30.

**Allir velkomnir**

Ljósmyndari: Randy Lincks



Fararstjórar: Einar, Anna, Evert og Örn

**Flugáætlun:**

19. og 26. jan.
2., 9., 16. og 23. feb.

Nýtt hjá VITA

### Madonna di Campiglio 26. jan. - 2. feb.

**Cristiania**

Einn vinsælasti skíðastaður Ítalíu. Þægilegar brekkur sem henta öllum!

**Verð frá 147.800 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Garni Cristiania sem er 4 stjörnu hótel á besta stað í Madonna.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 157.800 kr.

### Paganella 26. jan. - 2. feb.

**Hótel Select**

Paganella skíðasvæðið er m.a. þekkt fyrir að bæði norska og bandaríska landsliðið hafa æft þar. Svæðið tilheyrir Dólómítafjöllunum.

**Verð frá 151.050 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel Select, nýuppgerðu hóteli á góðum stað í Paganella.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 161.050 kr.

### Val di Fiemme 19. - 26. jan.

**Hótel Shandrani**

Val di Fiemme – Skíðasvæði með löngum, flottum brekkum sem kemur þér skemmtilega á óvart.

**Verð frá 176.300 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel Shandrani, sem er glæsilegt fjögurra stjörnu hótel með öllum þægindum.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálft fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 186.300 kr.

### Selva, Val Gardena 16. - 23. feb.

**Hótel Des Alpes**

Selva, Val Gardena – Stærsta skíðasvæði í Evrópu. Náttúrufegurð, nægur snjór og brekkur fyrir alla. Það er Selva!

**Verð frá 182.600 kr.***

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel des Alpes, sem er þriggja stjörnu hótel við aðalgötuna í Selva.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 192.600 kr.

ÍSLENSKA SIA.IS/ VIT 61991 11/12

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

Skýrsla OECD:

## Banaslys í umferð óvíða færri

**UMFERÐARSLYS** Ísland er í fimmta til sjötta sæti í Evrópu hvað varðar banaslys í umferðinni. Þetta kemur fram í árlegri skýrslu OECD, þar sem heilsa og heilsumein Evrópubúa eru borin saman.

Fram kemur að á Íslandi látist árlega 4,2 á hverja 100.000 íbúa, jafn margir og á Írlandi, en aðeins í Hollandi, Svíþjóð, á Möltu og Bretlandi verða færri banaslys. Meðaltalið í ESB-ríkum er 7,7 banaslys á 100.000 íbúa. Þegar nánar er að gáð sést að hlutfall kvenna er áberandi lægst á Íslandi, þar sem hlutfallið er 0,7 banaslys á 100.000 konur, en hlutfallið hjá körlum er 7,6. - þj

Nýtnivikan stendur yfir:

## Nýtum hlutina til hins ítrasta

**UMHVERFISMÁL Neytendasamtökin minna landsmenn á hina svokölluðu Nýtniviku sem nú stendur yfir. Hugmyndin, sem er samevrópsk, er sú að fá fólk til að skoða hvað það á og spyrja sig hvort ekki megi nýta hlutina betur.**

**Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, skrifar í pistli að neytendur geti haft áhrif með neyslu sinni og nú þurfi allir að huga að umhverfinu. Hún bendir á að leggja megi af mörkum með því að kaupa umhverfisvottaðar vörur, flokka rusl og endurnýta hluti. Ofneysla jarðarbúa sé vaxandi vandamál og því þurfi allir að leggjast á eitt.** - sv

Sanader dæmdur í Króatíu:

## Tíu ára fangelsi fyrir spillingu

**KRÓATÍA, AP** Ivo Sanader, fyrrverandi forsætisráðherra Króatíu, var á þriðjudag dæmdur til tíu ára fangelsisvistar fyrir að hafa þegið mútur frá ungverska olíufélagi og austurrískum banka.



IVO SANADER

Evrópusambandið hefur fylgst grannt með þessu dómsmáli, sem er hið fyrsta sinnar tegundar í landinu. Króatía verður aðildarríki í ESB um mitt næsta ár og hefur heitið því að útrýma mútum úr stjórnsýslu landsins.

Sanader var forsætisráðherra á árunum 2004 til 2009. Hann segist saklaus og ætlar að áfrýja dómnum. - gb

## Stórtjón á Óseyrarbraut



**EFTIR BRUNANN** Gríðarlegar skemmdir urðu í gær í eldsvoða í húsnæði Fiskvinnslunnar Svalþúfunnar á Óseyrarbraut í Hafnarfirði. Hátt í sextíu slökkviliðsmenn börðust við eldinn, sem blossaði upp um klukkan eitt í fyrrinótt, að því er talið er í þurrkherbergi fyrir vinnustakka. „Við erum með rúmlega þrjátíu manns í vinnu og það er náttúrulega allt strand núna,“ hafði Vísir í gær eftir Magnúsi Gylfasyni, framkvæmdastjóra Svalþúfunnar sem þurrkar og saltar fisk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ritvélar klingja sitt síðasta

Síðasta ritvélin sem framleidd var í Bretlandi var gefin á safn. Tæplega sex milljónir ritvéla voru framleiddar á 23 árum en eftirspurnin hefur hríðfallið. Eftirspurn eftir ritvélum er þó enn töluverð í Bandaríkjunum.

**TÆKNI** Síðasta ritvélin sem framleidd hefur verið í Bretlandi var gefin Vísindasafninu í London fyrir skömmu.

Brother-framleiðandinn, sem gaf síðustu vélina, segist hafa framleitt 5,9 milljónir ritvéla frá því að verksmiðjan var opnuð í Wrexham árið 1985. Edward Bryan, sem starfaði í verksmiðjunni frá árinu 1989, smíðaði síðustu vélina.

„Ef fólk spyr mig get ég alltaf sagt að ég hafi smíðað síðustu ritvélina í Bretlandi,“ segir Bryan. Hann segist hafa smíðað svo margar vélar í gegnum tíðina að hann hafi eitt sinn reynt að smíða eina með augun lokuð – og það hafi tekist.

Talsmenn Brother segja að fyrirtækið hafi hætt að framleiða ritvélar í Bretlandi þar sem eftirspurnin eftir þeim hafi hríðfallið. Hins vegar sé enn eftirspurn eftir þeim í Bandaríkjunum og verksmiðjan í Asíu anni allri eftirspurn. Verksmiðjan í Wrexham verði þó áfram notuð til endurvinnslu á prenthylkjum og til framleiðslu á öðrum skrifstofuvörum.

Rachel Boon, talskona Vísindasafnsins, segir starfsfólk safnsins himinlifandi yfir gjöfinni og að hún muni sóma sér vel meðal hinna 200 ritvéla sem safnið eigi nú þegar.

„Þessi gjöf táknar lok ritvélaframleiðslu í Bretlandi sem staðið hefur yfir í 130 ár og hefur haft áhrif á svo marga,“ sagði Boon. „Þessi vél gefur okkur tækifæri til að sýna hvernig samskiptatækninni hefur fleygt fram.“

William Burt fann upp fyrstu ritvélina árið 1830 en þær urðu ekki að algengar fyrr en í kringum 1870 þegar Christopher Sholes, sem einnig fann upp Qwerty-lyklaborðið, og Carlos Glidden sömdu við Remington um fjöldaframleiðslu á þeim.

Talið er að ritvélin hafi átt stóran þátt í því að konur fóru út á vinnumarkaðinn, að því er segir á vef BBC. Um 1850 unnu um tvö þúsund konur við vélritun en í kringum aldamótin 1900 er talið að 166 þúsund konur hafi haft af því atvinnu. - kh

### Hvað er ritvél?

Ritvél er vélrænt tæki með tökkum, notað til að skrifa texta. Þegar takki er sleginn er járnpinni drifinn fram og bókstafur stimplaður á blað. Frá því ritvélin var fundin upp um árið 1870 fram á miðja 20. öld voru þær mikilvæg verkfæri, meðal annars fyrir rithöfunda og skrifstofumenn. Við lok níunda áratugarins tóku ritvinnsluforrit á einkatölvum við af ritvélum. Ritvélar eru þó enn vinsælar í þróunarlöndum og nokkrum sérmörkuðum til skrifstofunotkunar, að því er segir á Wikipedia.



**SÍÐASTA RITVÉLIN** Svona lítur hún út síðasta Brother-ritvélin, sem Vísindasafnið í London fékk að gjöf.




60 þús. virðisauki
Aukagangur af vetrardekkjum fylgir hverjum bíl

Chevrolet Lacetti Station - Bílalegubíll í ábyrgð árgerð 2011 - söluverð: 1.800 þús.

Tilboð: 1.590 þús.

Afborgun á mánuði aðeins:

25.910 kr.*

Miðað við bílasamning til 72 mánaða á hagstæðum kjörum hjá bílafjármögnun Landsbankans. Reiknaðu dæmið á landsbankinn.is

Chevrolet Lacetti Station

| | |
|---|---|
| Söluverð: | 1.800.000 kr. |
| Bílafjármögnun: | 1.350.000 kr. |
| Okkar hlutur: | 210.000 kr. |
| Þín útborgun: | 240.000 kr. |
| **Heildarverð til þín:** | **1.590.000 kr.** |
| **Afborgun:** | **25.910 kr.** |

*Hlutfallskostnaður 11.92%

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



frá fimmtudegi til sunnudags
5 ÁRA
Afmælishátíð
Í HOLTAGÖRÐUM
tilboðin gilda eingöngu í Holtagörðum
HAGKAUP
næg bílastæði undir þaki
20% afsláttur af öllum fatnaði og skóm
20% afsláttur af fæðubótarefnum & vítamínum
20% afsláttur af lífrænum vörum
20% afsláttur af öllum leikföngum
20% afsláttur af öllum snyrtivörum
Hasbro
NIKKO RADIO CONTROL
BIOTHERM
HELENA RUBINSTEIN
CLARINS
Dior
Kanebo
LANCÔME
YVES SAINT LAURENT
CHANEL
SHISEIDO
Elizabeth Arden
GUERLAIN
CLINIQUE
ESTĒE LAUDER
Gildir aðeins í Holtagörðum til 25. nóvember.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Öflugar tölvur

## á góðum verðum

## Mac mini tilboð*

- Mac mini
- 23" LED skjár með IPS tækni
- Apple USB lyklaborð
- Macally mús

**Tilboðspakki: 154.990.-**



Ótrúlega öflug borðtölva með nýjustu kynslóð Intel Core i5 örgjörva í allt að 3,1GHz, 4GB vinnsluminni og 500GB harða disk.

Ofurhröð USB 3 og Thunderbolt tengi, HDMI, DVI, FireWire 800, SDXC kortalesari.

Hugbúnaður sem Mac OS X Mountain Lion, iPhoto, iMovie og GarageBand. Einnig fylgir með iTunes, FaceTime, PhotoBooth, Messages og fullt af öðrum frábærum forritum.



## MacBook Pro

Nýjasta kynslóð Intel Core örgjörva með Turbo Boost og allt að fjórum kjörnum. Glæný Intel og NVIDIA skjákort. Ofurhröð USB 3 tengi og Thunderbolt. Hraðari SSD möguleikar og allt að 1TB geymsla.
Kemur í tveimur stærðum: 13" og15".

**Verð frá: 229.990.-**

### MacBook Pro með Retina skjá

Ótrúlega skarpur skjár með allt að 2880 x 1800 pixla upplausn. 29% betri skerpa og enn minni glampi. Örþunn hönnun.

**Verð frá: 349.990 kr.**



## MacBook Air

Enn hraðari MacBook Air með næstu kynslóð Intel Core örgjörva og Turbo Boost í allt að 3,2GHz.
Allt að 8GB vinnsluminni og 512GB flash minni. Innbyggð FaceTime HD myndavél. USB 3 tengi og Thunderbolt.
Kemur í tveimur stærðum, 11" og 13"

**Verð frá: 189.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
*Tilboð gildir til 15. des, eða meðan birgðir endast.

# iPad 4

## með Retina skjá



**Verð frá: 89.990.-**

iPad með Retina skjá hefur að geyma einstaka eiginleika í alla staði. Ótrúlega afkastagetu með nýja A6X örgjörvanum, ofurhraða þráðlausa tækni, 10 tíma rafhlöðu og stórkostlegan 9,7" Retina skjá með 3,1 milljóna pixla upplausn.

Helstu eiginleikar:
- 9,7" Retina skjár
- A6X örgjörvi með fjögurra-kjarna grafík
- iSight myndavél 5-megapixla, 1080p upptaka
- FaceTime HD
- Ofurhröð þráðlaus tækni
- Lightning tengi
- iOS 6 með Siri og iCloud
- 10 tíma rafhlaða

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt um land allt

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21/ Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330
Jólaopnun auglýst nánar á www.epli.is

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

FLOKKSMENN KJÓSA SÍNA FULLTRÚA

## VALIÐ Á LISTA TIL ALÞINGIS

### ➜ Reykjavík

| | |
|---|---|
| Brynjar Níelsson | 3. sæti |
| Elí Úlfarsson | 6. sæti |
| Elínbjörg Magnúsdóttir | |
| Guðjón Sigurbjartsson | 5. sæti |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | 2. sæti |
| Gunnar Kristinn Þórðarson | 3. til 5. sæti |
| Hafsteinn Númason | 6. til 8. sæti |
| Hanna Birna Kristjánsdóttir | 1. sæti |
| Illugi Gunnarsson | 1. sæti |
| Ingibjörg Óðinsdóttir | 4. til 5. sæti |
| Jakob F. Ásgeirsson | 5. sæti |
| Pétur H. Blöndal | 2. sæti |
| Sigríður Á. Andersen | 3. til 4. sæti |
| Sigurður Sigurðarson | 6. sæti |
| Teitur Björn Einarsson | 5. sæti |
| Þórhalla Arnardóttir | 5. til 6. sæti |
| Áslaug María Friðriksdóttir | 4. sæti |
| Birgir Ármannsson | 2. sæti |
| Birgir Örn Steingrímsson | |

### ➜ Reykjavík

| | |
|---|---|
| Steinunn Þóra Árnadóttir | 3. sæti |
| Svandís Svavarsdóttir | 1. sæti |
| Andrés Ingi Jónsson | 3. sæti |
| Andri Sævar Sigríksson | 3. sæti |
| Álfheiður Ingadóttir | 2. sæti |
| Árni Þór Sigurðsson | 2. sæti |
| Björn Björgvinsson | |
| Björn Valur Gíslason | 1. til 2. sæti |
| Gísli Garðarson | 3. sæti |
| Ingimar Karl Helgason | 3. sæti |
| Katrín Jakobsdóttir | 1. sæti |
| Kristinn Schram | 3. sæti |

### ➜ Suðvesturkjördæmi

| | |
|---|---|
| Margrét Pétursdóttir | 2. sæti |
| Ólafur Þór Gunnarsson | 1. sæti |
| Rósa Björk Brynjólfsdóttir | 2. sæti |
| Ögmundur Jónasson | 1. sæti |
| Daníel Haukur Arnarson | 3. til 5. sæti |

### ➜ Norðvesturkjördæmi

| |
|---|
| Bergþór Ólason |
| Einar Kristinn Guðfinnsson |
| Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir |
| Guðmundur Kjartansson |
| Haraldur Benediktsson |
| Sigurður Örn Ágústsson |




**LÍNUR SKÝRST** Flestöllum forvölum flokkanna á lista verður lokið eftir helgina.



**ÞINGFLOKKURINN** Sex þingmenn VG sækjast eftir endurnýjuðu umboði um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Margir berjast um öruggu sætin

Sjálfstæðismenn í Reykjavík velja framboðslista sinn í prófkjöri um helgina. Þá velur kjördæmisráð á lista í Norðvesturkjördæmi. Kannanir sýna að þingmönnum VG fækkar og hart er barist um líkleg þingsæti í Reykjavík og Kraganum.

Línur verða æ skýrari fyrir alþingiskosningarnar í vor og um helgina ræðst hvernig skipað verður á lista Sjálfstæðisflokksins í þremur kjördæmum; báðum Reykjavíkurkjördæmunum og Norðvesturkjördæmi. Þá kjósa félagar í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði um frambjóðendur í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi.

Sé litið til skoðanakannana má áætla sem svo að fækka muni í þingliði Vinstri grænna, en fjölga hjá Sjálfstæðisflokknum. Slagurinn um efstu sætin hjá báðum flokkum verður því nokkuð spennandi.

**Nýskráningar mikilvægar**

Þátttaka í prófkjörum hefur ekki verið mikil í þessari lotu, þetta á milli 30 til 40 prósent. Við slíkar aðstæður skipta nýskráningar miklu máli.

Um 900 skráðir félagar voru í Vinstri grænum í Kraganum áður en ákveðið var að halda forval. Þegar kjörskrá var lokað höfðu 300 bæst við. Svo það sé sett í samhengi þá kusu 738 í forvalinu fyrir fjórum árum síðan. Gera má ráð fyrir því að nýir félagar mæti mun fremur á kjörstað, þeir eru að skrá sig í flokkana til að taka þátt í forvalinu. Nýskráningar geta því skipt sköpum varðandi úrslitin.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, sem skipaði efsta sæti listans síðast, gefur ekki kost á sér á ný. Ögmundur Jónasson, sem færði sig úr Reykjavík og skipaði 2. sætið síðast, sækist nú eftir 1. sætinu. Ögmundur er þungavigtarmaður í flokknum og ráðherra og fyrir fram hefði átt að vera auðvelt að bóka sigur hans.

Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi og varaþingmaður, sækist einnig eftir fyrsta sætinu. Hann þykir hafa verið duglegur að rækta tengsl á kjörtímabilinu, en heimildarmönnum Fréttablaðsins ber saman um að Ögmundur hafi ekki sinnt kjördæminu nægjanlega vel.

Hvort það dugir Ólafi til að skjóta Ögmundi ref fyrir rass skal ósagt látið. Ögmundur þykir hafa skorað prik hjá flokksmönnum með málflutningi sínum um framferði Ísraelsmanna í Palestínu og ekki sakar að Björn Bjarnason hefur snuprað hann fyrir.

Flokkurinn fékk tvo þingmenn í síðustu kosningum en trauðla á hann fleiri en einn öruggan þingmann nú. Hvað verður um uppbótarsæti er erfitt að spá um. Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Margrét Pétursdóttir sækjast eftir öðru sætinu. Líklegt verður að teljast að sá þeirra Ögmundar og Ólafs sem ekki nær fyrsta sætinu endi í þriðja sæti listans.

> ➜ Gera má ráð fyrir því að nýir félagar mæti mun fremur á kjörstað, þeir eru að skrá sig í flokkana til að taka þátt í forvalinu. Nýskráningar geta því skipt sköpum varðandi úrslitin.

**Formaður framtíðarinnar?**

Baráttan um efstu sætin á listum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er hörð. Illugi Gunnarsson skipaði efsta sætið í Norðurkjördæminu síðast og sækist áfram eftir efsta sæti. Geir H. Haarde, sem skipaði efsta sætið í Reykjavík suður, er hins vegar horfinn á braut.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi hefur komið sterk inn í slaginn og sækist eftir fyrsta sætinu. Hún hefur verið áberandi í prófkjörinu, en nokkur deyfð hefur reyndar verið yfir slagnum.

Guðlaugur Þór Þórðarson og Birgir Ármannsson sækjast eftir öðru sætinu. Það gæti nýst þeim til að komast upp yfir það þeirra Illuga og Hönnu Birnu sem ekki hreppir fyrsta sætið.

Staða Bjarna Benediktssonar, formanns flokksins, þykir hafa veikst eftir prófkjörið í Kraganum. Margir horfa til Hönnu Birnu sem framtíðarleiðtoga, en hún tapaði fyrir Bjarna á landsfundi í fyrra. Þá hefur Illugi einnig verið nefndur til sögunnar, en hann er einn af nánustu samstarfsmönnum Bjarna.

Margir eru um hituna í önnur sæti listans og útlit fyrir spennandi prófkjör.

**Forystuskipti?**

Lengi vel leit út fyrir litla spennu í forvali Vinstri grænna í Reykjavík, en ákvörðun Björns Vals Gíslasonar um að færa sig suður hefur hleypt fjöri í leikinn. Tilkoma hans þýðir að fimm þingmenn sækjast eftir efstu tveimur sætunum í hvoru kjördæminu fyrir sig.

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður flokksins, þykir sitja á sárs höfði og vera örugg með góða kosningu. Heimildir Fréttablaðsins herma að í hennar herbúðum sé tilkomu Björns Vals tekið nokkuð vel.

Stuðningsmenn Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra eru hins vegar meira uggandi yfir komu hans. Ef framboð Björns Vals heggur skarð í hennar fylgi, en Katrín fær góða kosningu, stimplar Katrín sig inn sem framtíðarleiðtogi flokksins og þyngra verður undir fæti fyrir Svandísi hvað það varðar.

Þá má velta því fyrir sér hvort góð útkoma Björns Vals gæti gert hann að varaformannskandídat þegar Steingrímur stígur til hliðar, en varla er flutningur hans suður án samþykkis formannsins.

Árni Þór Sigurðsson og Álfheiður Ingadóttir sækjast bæði eftir öðru sæti á listunum tveimur.

Vinstri græn eiga fjóra þingmenn í Reykjavík. Úrslit kosninga gætu vel orðið þau að hann fái einn kjördæma kjörinn mann í hvoru kjördæmi og varhugavert er að treysta á uppbótarmenn í hvoru kjördæmi fyrir sig, hvað þá báðum.

**Tvöfalt kjördæmisráð**

Ásbjörn Óttarsson, sem skipaði efsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi síðast, gefur ekki kost á sér. Einar K. Guðfinnsson hefur lýst yfir áhuga á að leiða listann.

Flokkurinn mun beita svokallaðri röðun við val á lista. Það þýðir að fundur tvöfalds kjördæmisráðs kýs fyrst um efsta sæti listans. Þá er óskað eftir framboðum í annað sæti og þeir sem ekki hlutu kosningu í fyrsta sætið geta gefið kost á sér í það. Þannig gengur það niður listann.








# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## HANGANDI LJÓS

**LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN**
**VIÐ FELLSMÚLA** - REYKJAVÍK



9.995
5 LJÓSA
7.990
3 LJÓSA



Lítið 5.995 HANGANDI LJÓS
Stórt 7.495 HANGANDI LJÓS



7.995
HANGANDI LJÓS



4.995
HANGANDI LJÓS



12.995
5 LJÓSA
9.995
3 LJÓSA

ANTÍK



Lítið 8.995 HANGANDI LJÓS
Stórt 14.995 HANGANDI LJÓS

STÁL



Lítið 8.995 HANGANDI LJÓS
Stórt 14.995 HANGANDI LJÓS



12.995
HANGANDI LJÓS



5.995
3 LJÓSA



12.995
HANGANDI LJÓS

SVART



14.995
HANGANDI LJÓS

RUST



14.995
HANGANDI LJÓS



15.995 3 LJÓSA
5.995 1 LJÓS



Lítið 3.995 HANGANDI LJÓS
Stórt 6.995 HANGANDI LJÓS



8.995
3 LJÓSA



7.495
5 LJÓSA
5.995
3 LJÓSA



9.995
HANGANDI LJÓS



8.995
VEGGLJÓS

Gildistími er tvær vikur. Vörur geta verið uppseldar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
**VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888**

**OPIÐ ALLA DAGA**
**Mán. til fös. kl. 9 - 18**
**Laugard. kl. 10 - 16**
**Sunnud. kl. 12 - 16**

MANNLÍF Á GASA Á MEÐAN SPRENGJUM RIGNDI YFIR



**OFBELDI Í GASABORG** Palestínumenn á vélhjóli draga á eftir sér lík eins sex manna sem drepnir voru á miðvikudag í Gasaborg, sakaðir um að hafa veitt Ísraelsher aðstoð. NORDICPHOTOS/AFP

# Linnulausar loftárásir á Gasaborg

Ísraelsher hefur varpað hátt á annað þúsund sprengjum á Gasaströnd undanfarna viku. Árásirnar hafa kostað meira en 140 manns lífið, þar af tugi barna. Meira en tíu þúsund manns hafa leitað skjóls í tólf skólum sem reknir eru af Sameinuðu þjóðunum á Gasaströndinni.



**SPRENGJUM RIGNIR YFIR GASABORG** Í fyrrinótt, þegar þessi mynd var tekin, gerði ísraelski herinn að minnsta kosti þrjátíu loftárásir á Gasaborg, og höfðu árásirnar þá staðið yfir í nærri viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**TUGIR BARNA HAFA LÁTIST** Ættingjar tíu mánaða stúlku, Hanen Tafesh, báru hana til grafar á föstudaginn var, daginn eftir að sprengja frá Ísraelsher kostaði hana lífið. NORDICPHOTOS/AFP



**VIÐ RÚSTIR INNANRÍKISRÁÐUNEYTISINS** Á föstudaginn var gerð loftárás á eina af byggingum innanríkisráðuneytisins í Gasaborg. NORDICPHOTOS/AFP



**BORIÐ ÚR RÚSTUM ÍBÚÐARHÚSS** Eitt af fjórum látnum börnum Dalú-fjölskyldunnar borið úr rústum heimilis þeirra í Gasaborg á sunnudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Tilboðin gilda **22. - 25.** nóvember




## NONNI
## JÓN SVEINSSON

**4.479 KR**




**NÁVÍGI Á NORÐURSLÓÐ**
SJÁLFSTÆTT FRAMHALD METSÖLUBÓKARINNAR *DAUÐINN Í DUMBSHAFI*

**4.862 KR**




**SKAGFIRSKAR SKEMMTISÖGUR**
2

**2.920 KR**




**SVARTIR TÚLÍPANAR**

**2.983 KR**




**BLEKKING**

**2.723 KR**




**ÁRNI SAM**

**3.751 KR**




**GRIMMS ÆVINTÝRI**

**2.647 KR**




**AUGU LÍRU**

**3.414 KR**




**GOLF Á ÍSLANDI Í 70 ÁR**

**11.240 KR**




**TÖFRAHÖLLIN**

**3.963 KR**


Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.


**nettó bækur**
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

## GÓÐ HÚSRÁÐ Tjöruleysir á dekkin



Nú þegar vetrarríki er um allt land er nauðsynlegt að huga að öryggisbúnaði heimilisbílsins. Hjólbarðarnir eru eitt mikilvægasta öryggistæki bílsins og nauðsynlegt að þau séu í góðu ásigkomulagi.

Þegar ekið er í snjó vill snjórinn festast í mynstri dekkjanna. Vetrardekk eru sérstaklega skorin og mynstruð til þess að ná hámarks veggripi í vetrarfærð og því er nauðsynlegt að hreinsa þau reglulega. Það má einfaldlega gera með því að spreyja tjöruleysi á hjólbarðana. Tjöruleysi má til dæmis kaupa á næstu bensínstöð.




**OLÍUVERSLUN ÍSLANDS** Skeljungur kvartaði til Neytendastofu vegna auglýsinga Olíuverslunar Íslands, sem rekur bæði Olís og ÓB. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SAMKEPPNI**

# Neytendastofa bannar auglýsingu ÓB

ÓB braut lög með fullyrðingum sínum um söfnun vildarpunkta með notkun ÓB-lykilsins. Neytendastofa hefur komist að þeirri niðurstöðu í kjölfar kvörtunar Skeljungs vegna upplýsinga sem fram koma í auglýsingu ÓB. Hún hefur nú verið bönnuð.

Fram kemur á vef Neytendastofu að í auglýsingunni sagði að notendur ÓB-lykilsins fengju 6.000 krónur á ári í formi vildarpunkta ef verð á bensínlítra væri 10 aurum ódýrara hjá samkeppnisaðila.

Kvörtun Skeljungs sneri í fyrsta lagi að því að rangt væri að auglýsa að vildarpunktar væru ígildi íslenskra króna. Í öðru lagi að það væri villandi að bera saman kosti ÓB lykils við almennt dæluverð þeirrar bensínsstöðvar sem bjóði lægsta bensínverðið án þess að tiltaka kosti afsláttarkerfis síðarnefndu stöðvarinnar. Fyrirtækið fór fram á að Neytendastofa beitti stjórnvaldssekt á samkeppnisaðilann.

Olís, eigandi ÓB, hafnaði alfarið kröfum Skeljungs og óskaði eftir því að Neytendastofa vísaði málinu frá.

Neytendastofa komst að þeirri niðurstöðu að ÓB hefði brotið lög með fullyrðingum sínum og bannaði auglýsinguna í kjölfarið. Hins vegar var ekki fallist á síðari kröfu Skeljungs þar sem ekki var talið að um villandi samanburð væri að ræða.

**6.000 kr.**
áttu notendur ÓB-lykilsins að fá á ári í formi vildarpunkta ef verð á bensínlítrann væri

**10 aurum**
ódýrara en hjá samkeppnisaðila.





**MYNSTUR** Laufabrauðin geta verið hin mestu listaverk. Samverustundir með fjölskyldunni þar sem laufabrauð er skorið út þykir mörgum ómissandi hluti af undirbúningi jólanna. MYND/HEIÐA.IS

# Alíslensk jólahefð sem kostar lítið

**Laufabrauðsgerð er alíslensk hefð og órjúfanlegur þáttur í jólaundirbúningi þjóðarinnar. Ódýrt getur verið að gera laufabrauðin heima frá grunni auk þess sem samverustundir fjölskyldunnar eru ómetanlegar.**

Ódýrara og skemmtilegra er að hræra í laufabrauðsuppskrift og skreyta laufabrauð heima heldur en að kaupa þau tilbúin út í búð. Gerð laufabrauðs er órjúfanleg íslensk jólahefð sem á uppruna sinn í hráefnisskorti hér á landi fyrr á öldum. Laufabrauðið þekkist jafnframt hvergi annars staðar í heiminum en á Íslandi.

Margar uppskriftir eru til af íslensku laufabrauði og eiga margar fjölskyldur sínar eigin uppskriftir og hefðir í þessum efnum.

Hugrún Ívarsdóttir starfrækir Laufabrauðssetur á Akureyri. Þar er laufabrauðinu veittur mikilvægur sess og arfleifð þess gerð skil. Þá hefur Hugrún hannað ýmsan varning með laufabrauðsmynstrin í huga.

„Ástæðan fyrir því að ég held að þessi hefð hafi lifað en ekki dáið út eins og margar hefðir gera, er að laufabrauðsgerð sameinar fjölskylduna, brúar kynslóðabil og er fjölskylduuppákoma," segir Hugrún. „Þú hittir engan Íslending sem veit ekki hvað laufabrauð er."

„Vegna skorts á mjöli var farið að fletja deigið svo þunnt út svo allir fengju eitthvað," segir Hugrún. „Skreytingunni var ætlað að bæta upp hversu lítilfjörlegt brauðið er. Þannig verður til listgrein út frá laufabrauðinu."

Séu tilbúin laufabrauð keypt út úr búð getur verið á hverja köku farið í rúmlega 100 krónur. Sé deigið keypt tilbúið kostar hver kaka tæpar 100 krónur en séu laufabrauðin gerð heima frá grunni þarf hver kaka ekki að kosta meira en 60 krónur. birgirh@frettabladid.is

### Laufabrauð húsfreyjunnar

af www.laufabraud.is

750 g hveiti
250 g hrísmjöl
2 msk. sykur
2 tsk. salt
2 tsk. lyftiduft
50 g smjör/smjörlíki
7 dl heit mjólk

Mjólkin er hituð með smjörinu að suðu (má ekki sjóða), þurrefnunum blandað saman og því næst mjólkinni, hnoðað. Kökurnar steiktar í olíu eða tólg og pressaðar með sléttu loki eða bretti meðan þær eru sjóðheitar.

Þessa uppskrift er auðvelt að fletja út en kökurnar vilja límast saman þegar þær eru brotnar til að skera í þær með hníf. Minna mál er að skreyta kökurnar ef notuð eru þar til gerð laufabrauðsjárn.




Samkvæmt þjóðarpúlsi Gallup 2010




# Nýtt frumvarp um neytendalán skerðir rétt almennings

## Er þörf á að styrkja skjaldborg bankanna?

- Neytendur vilja að lánveitendur séu ávallt krafðir fyrirfram um allan sannleikann um raunverulega greiðslubyrði neytandalána, þar með taldar verðbætur.
- Við viljum að lánveitendur séu fjárhagslega ábyrgir fyrir upplýsingagjöf sinni í aðdraganda lánveitingar. Viðurlög ættu að vera þau að aukakostnaður sé endurgreiddur neytanda, nákvæmlega eins og núverandi lög segja til um (14. gr. laga um neytendalán).
- „Viðskiptavinir“ Dróma, nú er tækifærið að sýna samstöðu lántaka. Sendum skilaboð til Dróma föstudaginn 23. nóv. kl. 13.00, að Lágmúla 6. Sjá nánar á **www.heimilin.is**.
- Fylgstu með vefsíðunni **www.hjariveraldar.is**. Á fimmtudaginn verður þar tiltæk gæðaupptaka frá borgarafundinum sem haldinn var í Háskólabíói þann 13. nóvember sl.

**Hagsmunasamtök heimilanna hvetja Alþingi til að hafa hagsmuni heimilanna að leiðarljósi og taka fullt tillit til athugasemda samtakanna við frumvarpið. Nýtt frumvarp um neytendalán er meingallað. Það er því miður aðför að neytendarétti í ofangreindum atriðum. Látum banka ekki ákvarða neytendarétt.**

**Velferð heimilanna er í húfi.**
**Með lögum skal land byggja.**

**www.heimilin.is**

Hagsmunasamtök Heimilanna

www.heimilin.is – heimilin@heimilin.is

Hluti í Landsbankanum á að renna í að mynda stofn nýs kaupaukakerfis starfsmanna:

# Starfsmenn hafa þegar tryggt sér 1,6 prósenta hlut

Sá hlutur í Landsbankanum sem á að fara í að mynda stofn að kaupaukakerfi bankans var um 1,6 prósent af hlutafé bankans í lok september. Miðað við innra virði bankans er virði hlutarins tæplega 3,5 milljarðar króna. Þetta má lesa af níu mánaða uppgjöri Landsbanka Íslands sem birtist í síðustu viku.

Þegar gert var upp á milli gamla og nýja Landsbankans var ákveðið að íslenska ríkið eignaðist 81,33 prósenta hlut í nýja bankanum en þrotabúið héldi restinni. Samhliða var gefið út skilyrt skuldabréf. Virði þess getur mest orðið 92 milljarðar króna, og ákvarðast af frammistöðu ákveðinna eigna sem færðar voru inn í nýja bankann. Virði eignanna er sífellt endurmetið og ef það nær 92 milljörðum króna fyrir næstu áramót á þrotabú gamla bankans að skila sínum 18,67 prósenta eignarhlut þegar bréfið verður gert upp í mars 2013. Tvö prósent af hlutnum eiga þá að renna til að mynda stofn að kaupaukakerfi starfsmanna en restin til íslenska ríkisins.

**0,3%** er hækkun eignarhlutar starfsmanna á árinu

Skilyrta skuldabréfið er metið á 74,2 milljarða króna í níu mánaða uppgjöri Landsbankans, eða um 80 prósent af hámarksvirði þess. Það hefur hækkað um 13,4 milljarða króna á árinu. Samkvæmt því er hlutur starfsmanna bankans nú 1,6 prósent og virði hans um 3,5 milljarðar króna. Hluturinn gæti orðið 4,3 milljarðar króna virði ef skilyrta skuldabréfið yrði gert upp að fullu. Landsbankinn hagnaðist um 13,5 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Frá því gengið var frá kaupum Landsbankans á eignum þrotabús gamla Landsbankans hefur bankinn gjaldfært um 23 milljarða króna vegna verðrýrnunar lánasafnsins. Þar af um 17,8 milljarða vegna lánasafns einstaklinga og um 3,1 milljarða króna vegna lánasafns fyrirtækja. Virðisrýrnunina má að mestu rekja til ólögmætis gengislána. - þsj



**KAUPAUKAKERFI** útfærsla kaupaukakerfisins sem eignarhluturinn á að mynda stofn að liggur ekki fyrir. Steinþór Pálsson er bankastjóri Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sameinaði lífeyrissjóðurinn:

## 40 milljóna hámarkslán

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins ákvað í gær að gera breytingar á lánareglum sjóðsins sem fela í sér að hámarkslán til sjóðsfélaga hans verður framvegis 40 milljónir króna. Áður var ekki skilgreint hámark á sjóðsfélagalánum. Auk þess var ákveðið að setja sérstakar reglur um meðferð lánaumsókna þegar aðilar sem tengjast sjóðnum eiga í hlut.



**SÆVAR JÓNSSON**

Tilefni þessara breytinga er umfjöllun DV um 100 milljóna króna lán sjóðsins til Sævars Jónssonar og Helgu Daníelsdóttur, eiganda skartgripaverslunarinnar Leonard, með veði í fasteign þeirra. Bróðir Sævars er skrifstofustjóri hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum. Í tilkynningu frá Kristjáni Erni Sigurðarsyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, sem birtist á vef sjóðsins í gær er haft eftir honum að „viðkomandi starfsmaður hafði engin afskipti af afgreiðslu þessa máls á sínum tíma. Þá upplýsti ég einnig að umræddir lántakendur voru sjóðsfélagar þegar lánið var veitt“. - þsj

Starf vinnuhóps dregist:

## Óvissa skaðar Íbúðalánasjóð

**Áframhaldandi óvissa um aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að bregðast við vanda Íbúðalánasjóðs gæti skaðað sjóðinn. Þetta sagði Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Vinnuhópur á vegum fjármálaráðuneytisins hefur haft málefni Íbúðalánasjóðs til skoðunar. Hópurinn átti að skila af sér tillögum um síðustu mánaðamót en það hefur dregist.**

**Ljóst er að Íbúðalánasjóður þarf tólf til fjórtán milljarða úr ríkissjóði til að ná lögbundnu eiginfjárhlutfalli en sjóðurinn hefur ekki uppfyllt það síðan 2008.** - mþl

Hægst á hækkun leiguverðs:

## Vísitala leiguverðs lækkaði

Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 0,3% í október. Samanlagt hefur leiguverð hækkað um 18,4% frá upphafi síðasta árs en heldur hefur hægst á þeirri þróun síðustu vikurnar.

Þjóðskrá Íslands hefur tekið vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu saman síðan í byrjun árs 2011. Á því ári hækkaði leiguverð um alls 11% en á þessu ári hefur það hækkað um 6,7%. Megnið af þeirri hækkun varð í vor og sumar en í haust hefur leiguverð þvert á móti lækkað lítillega. - mþl



**STJÓRN** Tilkynnt var að nýir eigendur, undir forystu Skúla Mogensen, hefðu tekið við MP banka í apríl í fyrra. Þorsteinn Pálsson var við það tilefni kynntur sem stjórnarformaður bankans. Hann gegnir enn því starfi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# MP banki ætlar að auka hlutafé um tvo milljarða

Tillaga um að auka hlutafé í MP banka um rúman fjórðung verður lögð fram á mánudag. Skúli Mogensen leggur fram 350 milljónir og heldur hlutfallslegum eignarhlut sínum. Stefnt á skráningu á markað 2014.

Til stendur að auka hlutafé í MP banka um tvo milljarða króna, eða um 26 prósent. Tillaga þess efnis verður lögð fram á hluthafafundi á mánudag. Núverandi hluthafar bankans ætla flestir að taka þátt í aukningunni en auk þess hafa nýir fjárfestar lýst yfir áhuga á að bætast í hópinn. Skúli Mogensen, stærsti einstaki eigandi MP banka, ætlar að kaupa nýtt hlutafé og halda sömu hlutfallseign í bankanum, en hann á 17,3 prósenta hlut. Ekki liggur fyrir hvort erlendir aðilar, Tavistock Group og Rowland-fjölskyldan, muni taka þátt í aukningunni en það er heldur ekki útilokað.

Í apríl í fyrra var tilkynnt um nýir eigendur hefðu keypt starfsemi MP banka á Íslandi og í Litháen. Um var að ræða meira en 40 innlenda og erlenda fjárfesta sem lögðu MP banka til 5,5 milljarða króna í nýtt hlutafé. Fyrir hópnum fór fjárfestirinn Skúli Mogensen sem lagði tæpan milljarð króna til og fékk í staðinn 27,3 prósenta hlut í bankanum. Auk hans voru stærstu aðilarnir í hópnum Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Tavistock Group (fjárfestingarfélag sem stofnað var af Bretanum Joseph Lewis), félag í eigu Rowland-fjölskyldunnar, Tryggingamiðstöðin og Klakki, áður Exista.

Nú þarf hins vegar nýtt hlutafé ef bankinn á að vaxa meira og því hefur verið boðaður hluthafafundur á mánudag til að leggja tillögu um tveggja milljarða króna hlutafjáraukningu. Sigurður Atli Jónsson, forstjóri MP banka, segir að fái tillagan brautargengi muni verða ráðist í aukninguna seinna í vetur.

> **Rekstur bankans hefur gengið samkvæmt áætlun og jafnvel gott betur.**
>
> *Sigurður Atli Jónsson forstjóri MP banka*

„Rekstur bankans hefur gengið samkvæmt áætlun og jafnvel gott betur. Þegar farið var af stað í apríl í fyrra, og 5,5 milljarðar króna af hlutafé settir inn í bankann, var verið að auka útlánagetu hans í 24 milljarða króna. Við höfum nú náð því marki. Því stöndum við frammi fyrir tveimur kostum: að halda stöðunni eins og hún er í dag eða auka eiginfjárgrunninn og halda áfram að vaxa. Við erum að velja síðari kostinn sem við teljum bæði hagkvæman og arðbæran.“

Sigurður Atli segir núverandi hluthafa hafa lýst yfir vilja til að taka þátt í aukningunni en von sé á því að einhverjir nýir fjárfestar bætist líka í hópinn. „Við höfum kannað áhuga á þátttöku mjög lítillega og fyrst og fremst hjá innlendum aðilum. Fyrir utan að gefa okkur áframhaldandi vaxtamöguleika er hlutafjáraukningin líka mikilvæg vegna þess að við stefnum á skráningu á markað 2014. Þá er æskilegt að breikka hluthafahópinn.“

Skúli Mogensen staðfesti í samtali við Fréttablaðið í gær að hann ætlaði sér að taka þátt í hlutafjáraukningunni og halda þeim eignarhluta sem hann á nú þegar. Það þýðir að Skúli þarfi að leggja bankanum til tæplega 350 milljónir króna til viðbótar. thordur@frettabladid.is

## Níu mánaða uppgjör kynnt í næstu viku

Níu mánaða uppgjör bankans verður kynnt í næstu viku. Alls námu eignir bankans 71,8 milljörðum króna um mitt þetta ár og höfðu aukist um 43 prósent á milli ára. Helsta ástæðan fyrir vexti bankans er að finna í útlánaaukningu, en þau jukust úr 7,6 milljörðum króna í 20,7 milljarða króna á einu ári.

Bæði þóknana- og vaxtatekjur MP banka hafa vaxið mikið milli ára. Þóknanatekjur bankans voru 72 milljónir króna um mitt síðasta ár en 623 milljónir króna lok júní 2012. Vaxtatekjur bankans jukust úr því að vera neikvæðar um 45 milljónir króna í að vera jákvæðar um 851 milljón króna á sama tímabili.

Afskriftir bankans af útlánum voru umfram rekstraráætlanir, eða 254 milljónir króna.

**119** milljónir króna er hagnaður MP banka á fyrstu sex mánuðum þessa árs.

## → Eigendur MP banka

| Núverandi eigendur MP banka | Eignarhlutur |
|---|---|
| Títan B ehf. *(Eigandi: Skúli Mogensen)* | 17,30% |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 9,72% |
| Manastur Holding. *(Eigandi: Tavistock Group)* | 9,54% |
| Linley Limited. *(Eigandi: Rowland fjölskyldan)* | 9,54% |
| Mizar ehf. *(Eigandi: Guðmundur Jónsson)* | 9,00% |
| TM hf. *(Eigandi: Stoðir og hópur annarra fjárfesta)* | 5,40% |
| Drómi hf. *(Eigandi: slitastjórn SPRON)* | 4,59% |
| Klakki ehf. *(Eigendur: M.a. Kaupþing, Arion og erlendir vogunarsjóðir)* | 4,50% |
| MP Canada Iceland Ventures Inc. *(Eigandi: Robert Raich)* | 3,60% |
| ET Sjón ehf. *(Eigandi: Eiríkur Ingvar Þorgeirsson)* | 2,70% |
| Arkur ehf. *(Eigandi: Steinunn Jónsdóttir )* | 2,70% |
| Alkor ehf. *(Eigandi: Berglind Jónsdóttir)* | 2,25% |
| Stekkur fjárfestingafélag. *(Eigandi: Kristinn Aðalsteinsson)* | 1,80% |
| P 126 ehf. *(Eigandi: Einar Sveinsson)* | 1,80% |
| Sigla ehf. *(Eigendur: Tómas Kristjánsson, Finnur Reyr Stefánsson og Þorgils Óttar Mathiesen)* | 0,99% |
| Aðrir | 14,56% |

H:N Markaðssamskipti / SÍA



Hef auðveldari aðgang að netbankanum

Nýti Frístundakort barnanna á Rafrænni Reykjavík

Sé stöðu lána hjá lífeyrissjóðnum

Rafræn skilríki eru engin geimvísindi

öll hlutverkin eru auðveldari með einu lykilorði

Hlakka til að kjósa um skipulag hverfisins

Bráðum skrifa ég undir áskorun um þjóðaratkvæðagreiðslu




Líkt og Jói getur þú nýtt þér rafræn skilríki og eitt lykilorð til að opna þér hraðleið að þjónustu yfir hundrað aðila. Upplifðu þægindin við að þurfa ekki að muna mörg notendanöfn og lykilorð. Auðveldaðu þér hlutverkin og prófaðu að nota rafræn skilríki á debetkortinu til að skrá þig af öryggi inn í netbankann.

AUÐKENNI

# VIÐ ELSKU



DYNAMO REYKJAVÍK


M JÓLIN!
Úrvalið hefur aldrei verið meira!
jólalandið
Opið til 21.00 í Skútuvogi alla daga til jóla!
Hlökkum til að sjá þig!
Við höfum aldrei áður boðið annað eins úrval af jólavöru. Komdu í Blómaval Skútuvogi, skoðaðu allt úrvalið og taktu þátt í léttum leik, við drögum út vinningsahafa á Facebook á hverjum degi.
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval

# SKOÐUN

Hótanir stjórnarliðsins í garð lífeyrissjóða:

## 253.769 vondir fjármagnseigendur

Ríkisstjórnin fer fram með sérkennilegum og fullkomlega ábyrgðarlausum hætti gagnvart lífeyrissjóðunum í landinu. Það gerist með kröfum um að þeir geri þrennt; taki þátt í að afskrifa lán, jafnvel þótt þeir telji sig geta innheimt þau, falli frá lánsveðum sem sett hafa verið til tryggingar lánum frá sjóðunum og taki þátt í að fjármagna stórverkefni á vegum stjórnvalda. Fréttablaðið sagði frá því í fyrradag að ríkisstjórnin íhugaði að setja lög til að þvinga sjóðina til að gera eins og henni finnst að þeir eigi að gera. Björn Valur Gíslason, formaður fjárlaganefndar Alþingis, hafði í alveg grímulausum hótunum við þá í frétt á forsíðu blaðsins.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa mikið kvartað undan því að lífeyrissjóðirnir „geri ekki sitt" til að leysa úr skuldavanda afmarkaðs hóps landsmanna og „taka þátt í endurreisninni" með því að lána í stórverkefni. Eins og svo oft áður taka stjórnmálamennirnir kolrangan pól í hæðina og eru í raun að leggja til að langtímahagsmunum mikils meirihluta þjóðarinnar sé fórnað í þágu sérhagsmuna lítils hóps og pólitískra markmiða til skamms tíma.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Stjórnarliðið talar um lífeyrissjóðina eins og þeir séu í hópi vondu fjármagnseigendanna, sem sjálfsagt er að pína til hins ýtrasta. Við skulum aðeins rifja upp hverjir eiga lífeyrissjóðina. Það er fólkið í landinu, hver einasti launamaður.

Samkvæmt nýjustu tölum frá sjóðunum áttu 312.351 sjóðfélagar lífeyrisréttindi hjá þeim í ársbyrjun. Af þeim eru 253.769 með gilt heimilisfang á Íslandi, eða um 80% af skráðum íbúum landsins. Þetta eru fjármagnseigendurnir í þessu tilviki.

Við treystum öll á lífeyrissjóðina að tryggja afkomu okkar og fjölskyldu okkar þegar við verðum orðin gömul eða ef við veikjumst eða slösumst og getum ekki unnið fyrir okkur. Á stjórnendum lífeyrissjóðanna hvílir sú skylda að ávaxta fé sjóðfélaganna til þess að þeir geti staðið undir lífeyrisgreiðslum.

Sérstaklega er tekið fram í lögum um sjóðina að þeim sé ekki heimilt að inna nein önnur framlög af hendi en lífeyri. Jafnframt er féð í sjóðunum eign sjóðfélaganna og sem slíkt verndað af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Þeim er ekki heimilt að gefa þessar eignir eftir og þeim er ekki heimilt að fjármagna opinberar fjárfestingar sem skila lakari ávöxtun en fæst annars staðar.

Þessi laga- og stjórnarskrárákvæði eru sett af góðri ástæðu; til að vernda fé fólks fyrir óskammfeilnum puttum skammsýnna stjórnmálamanna. Þeir hafa líka aðrar leiðir til að fjármagna sín pólitísku markmið. Ef stjórnmálamenn vilja hjálpa fólki sem hefur fengið lánað veð í eign ættingja – og í þeim hópi eru vissulega margir í erfiðleikum – er hreinlegra og heiðarlegra að hækka bara skattana til að eiga fyrir aðstoð við þennan hóp.

Áðurnefndar hótanir stjórnarliðsins í garð lífeyrissjóðanna eru ekki það eina. Það má líka nefna sérstaka skattlagningu á sjóðina og tal einstakra ráðherra og þingmanna um að bezt væri að taka hér upp gegnumstreymiskerfi lífeyris í stað sjóðsöfnunarkerfisins, sem Íslendingar eru víða um heim öfundaðir af. Þetta allt samanlagt bendir sterklega til að í núverandi stjórnarmeirihluta séu fáir sem botna nokkuð í því hvernig lífeyriskerfið virkar eða til hvers það er; að tryggja langtímahagsmuni okkar allra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871




**365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu**

Póstdreifing

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Fréttnæm grein**

Forval Vinstri grænna fer fram í Reykjavík um helgina. Fimm þingmenn sækjast þar eftir fyrsta sætunum í kjördæmunum tveimur. Við slíkar aðstæður stíga miðlægar stofnanir flokksins yfirleitt varlega til jarðar, engum má hossa umfram annan. Í því ljósi er fréttamat ritstjóra heimasíðu flokksins, vg.is, nokkuð sérkennilegt, en í dag, þremur dögum fyrir forval, birtist þar frétt um að Katrín hefði skrifað grein í Fréttablaðið og greinin var endursögð. Þetta er ekki daglegt brauð á síðunni, því síðasta frétt af svipuðum toga var unnin upp úr ræðu Ögmundar Jónasson 17. október. Nú er að sjá hvort greinar hinna frambjóðendanna kalla líka á fréttaskrif á heimasíðu flokksins.



**Tryggur bandamaður**

En, að Ögmundi. Kunnugir segja að fátt hefði getað hjálpað honum meira í baráttu hans fyrir efsta sætinu í Kraganum en skrif Björns Bjarnasonar gegn honum. Ögmundur hélt ræðu á mótmælafundi gegn árásum Ísraelsmanna á Palestínu og Björn hefur farið hamförum í gagnrýni sinni á Ögmund.



**Hvað er eðlilegt?**

En, að Birni. Hann hefur sérkennilega skilgreiningu á því hvað eðlilegt getur talist ef marka má orð hans um Ögmund. „Eðlilegt er að skoða andstöðu Ögmundar innanríkisráðherra við forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu í ljósi þátttöku hans í mótmælaaðgerðum við bandaríska sendiráðið." Þetta kallar á skýringar. Það eru ekki allir svo „eðlilegir" að geta tengt þetta tvennt saman, eins og Björn.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Sjáumst!

UMFERÐARMÁL



**Dagbjört H. Kristinsdóttir**
Slysavarnarfélaginu Landsbjörg



**Vilborg Magnúsdóttir**
Sjóvá

Í skammdeginu eru ljósin kveikt á bílunum til þess að auðvelda sýnileika þeirra í umferðinni. En hvað með aðra í umferðinni? Hvernig aukum við sýnileika vegfarenda? Þar koma endurskinsmerki til sögunnar en þau eru örugg, ódýr og auðveld leið til að sjást betur í myrkri.

Þeir sem bera endurskinsmerki sjást fyrr heldur en þeir sem ekki hafa endurskin. Ökumaður sér vegfaranda með endurskinsmerki úr 120-130 m fjarlægð en ef viðkomandi er ekki með endurskin þá sjást gangandi vegfarendur ekki fyrr en úr 20-30 metra fjarlægð. Ökumaður sem ekur á 60 km hraða þarf um það bil 37 metra til að stöðva bílinn ef undirlagið er þurrt. Þess vegna er mikilvægt að vegfarendur sjáist sem allra fyrst í myrkrinu.

Staðsetning endurskinsmerkja er mjög mikilvæg. Merkin þurfa að vera neðarlega og fest þannig að bílljós lýsi á þau í sem mestri fjarlægð frá öllum hliðum. Gott er að hafa þau fremst á báðum ermum, hangandi úr hliðarvösum, framan og aftan á úlpu, á skóm, neðarlega á buxnaskálmum eða á bakpokum og skólatöskum. Mikilvægt er að merkin séu heil, órispuð og hrein.

Umferð annarra en gangandi vegfarenda hefur aukist á síðustu árum. Hjólreiðamenn eru á ferðinni allt árið og hið sama gildir um hlaupara og reiðmenn.

**➜ Staðsetning endurskinsmerkja er mjög mikilvæg. Merkin þurfa að vera neðarlega og fest þannig að bílljós lýsi á þau í sem mestri fjarlægð frá öllum hliðum.**

Þessir einstaklingar verða líka að huga að eigin öryggi og eru endurskinsmerki góð leið til þess. Endurskinsmerki er hægt að fá úr hinum ýmsu efnum, stærðum og gerðum þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Þá er ekki síður mikilvægt að ökumenn séu með endurskinsvesti í bílum sem gott er að grípa í til dæmis ef þarf að skipta um dekk þar sem lýsing er ekki mikil.

Áður en farið er í göngu með hundinn eða í reiðtúr þá er gott að huga að því að setja endurskin á dýrin. Til eru endurskinsmerkjaborðar sem smellt er utan um hófa hesta og endurskinshálsólar fyrir hunda og ketti.

Börnin okkar eru það mikilvægasta sem við eigum og við viljum að þau sjáist í umferðinni. Til að þau noti endurskinsmerki þurfum við fullorðna fólkið líka að nota endurskinsmerki. Hugum að öryggi okkar og barnanna, notum endurskin við allar aðstæður og sjáumst í umferðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Viðbótarskattur á velgengni

Í DAG
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi



Mikið hefur gengið á hjá ríkisstjórn Íslands við að sameina ráðuneyti og skipta um ráðherra. Eitt nýju ráðuneytanna ber heitið atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og þar situr Steingrímur J. Sigfússon. Nafngift ráðuneytisins bendir til að tilgangurinn sé að búa svo um hnútana að atvinnuvegum og nýsköpun á Íslandi gangi sem best. Nafngiftin á ráðuneytinu lofaði því góðu.

Tillögur þessa nýja ráðuneytis virðast hins vegar nánast alfarið felast í hækkun skatta, nýjum sköttum og að finna upp nýjar aðferðir við skattheimtu og innheimtu leyfisgjalda. Þetta er að sjálfsögðu hvorki gott fyrir atvinnuvegina né nýsköpun. Það sem ætti að auki að valda fólki áhyggjum, og er tilefni þessara skrifa, er sú hugarfarsbreyting, að gangi atvinnugrein vel myndist tækifæri til að skattleggja hana sérstaklega.

### Afleit þróun

Í umræðum á Alþingi nýlega sagði Steingrímur að það væri rétt að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna úr 7% í 25,5%. Ferðaþjónustan gengi vel og myndi þola þessa hækkun. Þetta hefur hann einnig gert í umræðum um álagningu sérstaks gjalds á sjávarútveginn og var ræða Steingríms í síðasta mánuði á fundi LÍÚ með þessum formerkjum. Hann sagði framlegð sjávarútvegsins hafa batnað, greinin stæði styrkum fótum og væri mjólkurkýr okkar. Sams konar ástæður hafa verið bornar á borð þegar rætt hefur verið um álagningu gistináttaskatts og hækkun vörugjalda á bílaleigubíla.

Þetta er afleit þróun. Farin er sú leið að ráðast á heilu atvinnuvegina og skattleggja þá sérstaklega af því að þeir ganga svo vel, þeir séu búnir að „slíta barnsskónum“, séu í vexti eða standi styrkum stoðum. Þarna lætur ríkið sér ekki nægja að njóta hækkandi skatttekna þegar vel gengur heldur seilist dýpra í vasa fyrirtækjanna þegar vel árar. Engin áform eru um léttari byrðar þegar illa árar.

### Hæpin forsenda fyrir hækkun

Ferðaþjónustan er ágætt dæmi. Áætlað er að hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna skili tæpum 3,5 milljörðum á ársgrundvelli. Skatthlutfallið yrði með þessu eitt það hæsta í heiminum á ferðaþjónustu og hefur bein áhrif á samkeppnishæfni Íslands í ferðaheiminum. Steingrímur færir fyrir því rök að þetta séu fjármunir sem munu koma í kassann, að því gefnu að eftirspurn eftir ferðaþjónustu minnki ekki þó að skatturinn hækki, og að þeir komi nánast alfarið úr vasa viðskiptavinarins. Þetta er hæpin forsenda svo ekki sé meira sagt. Auðvitað er líklegast að stór hluti af þessum viðbótarskatti komi úr vasa þeirra sem reka rútur, tjaldstæði og hótel á Íslandi. Skilaboðin til þeirra, og allra sem mögulega vilja fjárfesta í atvinnustarfsemi á Íslandi, eru skýr: Við ætlum að rukka þig um skatt og álögur eins og hægt er og þegar þér fer að ganga vel og þú getur staðið undir aukinni skattheimtu, tökum við enn meira af þér.

Eru slík skilaboð til þess fallin að fjárfesting aukist og fleiri atvinnugreinar dafni? Nei. Eru þau til þess fallin að auka nýsköpun? Nei, ekki heldur. Skilaboðin eru sérstaklega slæm því þau gefa til kynna að ríkið telji sig eiga sterkara tilkall til þeirra fjármuna sem myndast í atvinnugreininni þegar vel gengur. Fjárfestar vita að árferðið er stundum hagstætt og að stundum árar verr, en einnig að oftar en ekki eru það góðu árin sem bera uppi fjárfestinguna. Atvinnurekendur hafa því ekki endilega sérstaka burði til að borga hærri skatta þótt vel gangi á einhverjum tímapunkti. Þessi stefna vinstriflokka í skattheimtu er fyrirboði um að minni líkur séu á því að vænlegt verði að fjárfesta í atvinnustarfsemi á Íslandi.

### Skilaboðin skýr

Ákveðnir þingmenn ríkisstjórnarflokkanna tala stundum eins og þeir skilji að þetta sé röng leið. Magnús Orri Schram gaf á dögunum út bók sem fjallar m.a. um nauðsyn þess að nýsköpun á Íslandi aukist. Össur Skarphéðinsson notaði heila grein til að tryggja að lesendur Morgunblaðsins áttuðu sig á því að það væri hann sem hefði staðið að lækkun kostnaðar við kvikmyndaframleiðslu á Íslandi og að koma Bens Stiller til Íslands væri honum að þakka. Formannsefni Samfylkingarinnar, Árni Páll Árnason, segir að ríkisvaldið eigi að vinna með atvinnulífinu að aukinni verðmætasköpun svo traustari stoðir verði til fyrir velferðarútgjöld okkar. Það er stórundarlegt að þessir menn skuli láta sér það í léttu rúmi liggja að ríkisstjórnin sem þeir styðja þyngi skattbyrði atvinnugreinar ef hún gengur vel.

> Það er hreint og beint hættulegt fyrir atvinnugreinar að ná árangri og sýna fram á vöxt.

Skilaboðin frá ríkisstjórninni eru skýr. Það er hreint og beint hættulegt fyrir atvinnugreinar að ná árangri og sýna fram á vöxt, því að um leið og það gerist sjá ráðherrar möguleika á frekari skattahækkunum. Þessi hugsun mun ekki flýta fyrir endurreisn í atvinnumálum á Íslandi.

## AF NETINU

### Draumur um stjórnarskrá

Drauma-stjórnarskrá væri 21. aldar útgáfa af þeirri bandarísku. Samin af greindu alþýðufólki. Engum lagatækni hleypt að. Sé fyrir mér safn spakmæla eftir Voltaire og fleiri hugsuði. Þau skuli ramma inn óskir þjóðarinnar um gott samfélag. Uppkast stjórnlaganefndar er eins konar málamiðlun. Samin af greindum mönnum, sem unnu saman að markmiði. Gerólíkt Alþingi, þar sem hver bjálfinn gargar á annan. Því miður var nefnd lagatækna hleypt í uppkastið. Hún dró úr mikilvægum réttindum, svo sem í upplýsingafrelsi almennings. Samt verður uppkastið þolandi, ef fleiri lagatæknum verður ekki hleypt að málinu.

jonas.is

*Jónas Kristjánsson*




NÝIR MATTIR

Hvað er það sem gerir nýju varalitina Creamy Matte Lip Color frá Bobbi Brown svona sérstaka?
Eru mjúkir og rakagefandi. Þægilegir að bera á varirnar.
Með góðri þekju og léttri áferð.
Við erum nokkuð viss um að þú viljir fleiri en einn lit.

20% afsláttur
af öllum vörum frá Bobbi Brown dagana 22. – 25. nóvember
í Lyfjum & heilsu Kringlunni

BOBBI BROWN

Lyf & heilsa
Kringlunni
www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Við hlustum!

# Leiðréttum stökkbreytt lán

FJÁRMÁL



**Frosti Sigurjónsson**
rekstrarhagfræðingur

Tugþúsundir heimila og fyrirtækja glíma við gríðarlegan skuldavanda. Vandinn er til kominn vegna lána sem voru ýmist gengistryggð eða verðtryggð og stökkbreyttust í hruninu. Þessi lán voru aldrei ætluð sem trygging lánveitenda gegn hruni. Það þarf að grípa til aðgerða.

Sá sem tók gengis- eða verðtryggt lán fyrir hrun var eflaust sáttur við að bæta lánveitanda þá rýrnun sem orðið gæti á krónunni við eðlilegar aðstæður. Ekki er ólíklegt að báðir aðilar hafi gert ráð fyrir að árleg verðbólga gæti orðið 3-6% til lengri tíma litið. Ekkert bendir til að aðilar hafi séð hrun hagkerfisins fyrir. Enginn reiknaði því með að lán væru ígildi tryggingar gegn slíku hruni.

Svo kom efnahagshrun af áður óþekktri stærðargráðu. Hrunið var atburður sem snerti alla á Íslandi. Það var ekki á valdi lántakenda að afstýra hruninu. Ef til vill voru bankar og lánveitendur í betri aðstöðu til þess. En hvers vegna ættu lántakendur að bera tjónið einir?

Nú telja lánveitendur sig í rétti til að innheimta stökkbreytt lán að fullu. Þeir hafi í raun eignast tryggingu gegn hruni með því að veita gengis- og verðtryggð lán. Hér liggur vandinn.

Lausnin felst í því að lántakendur gefi eftir hluta stökkbreyttra lána þannig að tjónið af hruninu deilist jafnt á báða aðila. Hvernig getur orðið sátt í okkar samfélagi án þess að þetta óréttlæti sé leiðrétt? Á meðan heimili og smærri fyrirtæki berjast í bökkum vegna stökkbreyttra lána kemst hagkerfið vart í gang. Allir munu tapa á því, ekki síst lánardrottnar.

### Tilviljanakenndar leiðréttingar

Úrræði stjórnvalda hafa því miður ekki beinst að leiðréttingu lána, heldur að lækkun lána hjá fólki sem getur ekki borgað hvort sem er. Hvaða gagn eða réttlæti er í slíkum úrræðum?

Þar sem stjórnvöld eru aðgerðalaus, leita lántakendur til dómstóla og spyrja: Voru gengislánin ólögleg? Því miður hafa dómstólar tekið þannig á málunum að þeir hafa aðallega látið orðalag gengislánasamninga ráða úrslitum. Það hefur því verið tilviljanakennt hverjir hafa fengið leiðréttingu og mismunun virðist fara vaxandi eftir því sem fleiri dómar falla. Sum gengislán dæmd ólögleg, önnur ekki, þó virðast lánin sambærileg í öllum aðalatriðum. Enn minni von er til þess að verðtryggð lán verði dæmd ólögleg. Dómstólar munu vart leysa þennan vanda.

**➜ Úrræði stjórnvalda hafa því miður ekki beinst að leiðréttingu lána.**

Stjórnvöld verða að leysa málið. Þau gætu spurt: Er eðlilegt eða sanngjarnt að lánasamningar með gengis- eða verðtryggingu tryggi lánveitanda gegn efnahagshruni af áður óþekktri stærðargráðu? Svarið hlýtur að vera nei!

### Létta ósanngjörnum byrðum

Vilji stjórnvöld leiðrétta stökkbreytt lán, þá eru þeim ýmsar leiðir færar. Það mætti leggja skatt á lánveitendur stökkbreyttra lána og láta skattinn renna til lántakenda. Slík skattlagning og tilfærsla þarf ekki að vera brot á eignarrétti frekar en eignaskattur. Útfærslan gæti tekið tillit til þess hvenær lán var tekið. Þannig mætti jafna tjóninu á milli lántakenda og lánveitenda með sanngjörnum hætti.

Það er enn hægt að leiðrétta stökkbreytt lán sé vilji til þess. Lánin áttu aldrei að tryggja lánveitendur gegn efnahagshruni. Báðir aðilar ættu að bera tjónið í jöfnum mæli. Aðeins þannig má fá sátt í þetta erfiða mál.

Með því að létta nú þegar ósanngjörnum byrðum af heimilum og fyrirtækjum, mun landið komast mörgum árum fyrr út úr kreppunni.





# Fagra Ísland – dagur 2006*

UMHVERFISMÁL



**Árni Páll Árnason**
þingmaður Samfylkingarinnar



**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
fyrrverandi umhverfisráðherra

Umhverfis- og náttúruvernd krefst langtímahugsunar og oft flókinnar áætlanagerðar og er af þeim sökum lítt fallin til skammtímavinsælda. Það er erfitt að hugsa í kjörtímabilum, þegar umhverfisvernd er annars vegar. Þess vegna var krafan um langtímahugsun og raunhæfar áætlanir, sem byggja á sjálfbærri nýtingu endurnýjanlegra náttúruauðlinda, lögð til grundvallar þegar Samfylkingin undir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur bar fram umhverfisstefnuna sem nefnd var Fagra Ísland árið 2006. Hún er grunnurinn að samþykktri stefnu Samfylkingarinnar á þremur síðustu landsfundum flokksins. Frá vorinu 2007 hefur Samfylkingin átt aðild að ríkisstjórn Íslands og því haft einstakt tækifæri til þess að hrinda stefnumálum sínum á sviði umhverfismála í framkvæmd. Við erum stolt af árangri þess starfs í 2006 daga.

### Hugsað stórt

Fagra Ísland var og er fjölþætt stefna sem framfylgja þarf þvert á ráðuneyti og birtist með ólíkum hætti á ólíkum stöðum. Þannig stillti Ísland sér upp með framsæknustu þjóðum í loftslagsmálum þegar árið 2007 og hefur frá ríkjaráðstefnunni í Balí í desember 2007 gengið samhliða Evrópusambandinu í loftslagsmálum. Ný löggjöf um loftslagsmál og aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um 30% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2020 bera því starfi glöggt merki.

Fagra Ísland var hugsuð sem forsenda sjálfbærrar auðlindanýtingar og hefur því skýra efnahagslega þýðingu. Umbreyting Landsvirkjunar hófst með nýskipan stjórnar 2007 og nýrri rekstrarforystu 2010. Fyrirtækinu er nú ætlað að vera kjölfesta agaðrar hagstjórnar en kynda aldrei aftur ofþenslu með innspýtingum sem sköðuðu samkeppnisskilyrði annarra atvinnugreina á fyrri tíð. Landsvirkjun verður aldrei aftur ríki í ríkinu sem rutt getur til hliðar vinnulöggjöf eða vísindalegri gagnrýni. Rekstrarform norska olíusjóðsins varð til í kjölfar bankakreppunnar í Noregi á tíunda áratugnum. Nú þurfa Íslendingar að leita í þá smiðju og skapa sams konar sjálfbæra auðlindastefnu með ábyrga Landsvirkjun í fararbroddi til að varðveita og ávaxta þjóðarauðinn til langrar framtíðar.

### Skipulag og upplýsingaréttur

Ný lög um skipulags- og mannvirkjamál voru samþykkt árið 2010 eftir langt undirbúnings- og lagasetningarferli. Þar voru m.a. réttindi almennra borgara við skipulagsgerð styrkt, einnig réttur og öryggi húsbyggjenda og -eigenda, og landsskipulagsstefna loks sett í landslög. Góð skipulagslöggjöf er ekki bara grundvöllur sjálfbærrar þróunar heldur líka forsenda skynsamlegrar nýtingar þeirrar takmörkuðu auðlindar sem er byggingarland í þéttbýli. Skortur á heildstæðri skipulagsstefnu kostaði íslenskt samfélag gríðarlega fjármuni í uppbyggingarkapphlaupi sveitarfélaga fyrir hrun. Innleiðing Árósasamningsins og skipun úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál hefur líka leitt í lög langþráða styrkingu upplýsingaréttar almennings á þessu sviði.

**➜ Enn er þó nokkuð í land að ný náttúruverndarlöggjöf líti dagsins ljós en brýnt er að Samfylkingin liggi ekki á liði sínu.**

### Þjóðgarðar og náttúruvernd

Vatnajökulsþjóðgarður, stærsti þjóðgarður í Evrópu, sem var stofnaður árið 2007 er um margt flaggskip nýrrar hugsunar í náttúruvernd hér á landi. Aðdráttarafl Vatnajökulsþjóðgarðs og verðmæti er óumdeilt og afar mikilvægt að skjóta enn styrkari stoðum undir starf hans og rekstur. Sú fjárfesting skilar sér margfalt í þjóðarbúið. Við erum þeirrar skoðunar að starf þjóðgarða á Íslandi eigi að setja undir einn hatt og samræma starf þeirra til hagsbóta fyrir gesti þeirra og ímynd náttúru Íslands. Svandís Svavarsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur kynnt Hvítbók um náttúruvernd og frumvarp til nýrra náttúruverndarlaga sem byggt er á efni hennar. Óhætt er að fullyrða að Hvítbókin marki tímamót í umræðu um náttúruvernd hér á landi. Enn er þó nokkuð í land að ný náttúruverndarlöggjöf líti dagsins ljós en brýnt að Samfylkingin liggi ekki á liði sínu á Alþingi og í sveitarstjórnum um land allt í þessu ferli.

### Og Rammaáætlun

Síðast en ekki síst ber að nefna Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem nú er til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi. Margt mætti segja um Rammaáætlunarferlið sem nýju lífi var blásið í undir forystu Samfylkingarinnar fyrir rúmum fimm árum. Vinna verkefnisstjórnar var vönduð og nú hefur verið mælt fyrir tillögunni á Alþingi tvisvar en því miður geldur málið fyrir þá togstreitu sem ríkt hefur á þingi. Eins og málum er nú háttað er frekari óvissa, tafir og þrætur um einstaka nýtingarkosti engum til góðs. Engin Rammaáætlun er ekki kostur. Það er skylda Samfylkingarinnar við þessar aðstæður að styðja Rammaáætlunina í núverandi mynd.

Þótt auðvelt sé að halda því fram að hvert kjörtímabil í sögu umhverfisverndar skipti ekki máli, þá geta þau stundum gert gæfumuninn. Við brutum í blað með Fagra Íslandi og hófum nýjan kafla í umhverfis- og náttúruvernd á Íslandi. Það er ljóst, nú þegar horft er til baka eftir 2006 daga.

*fjöldi daga sem Samfylkingin hefur átt aðild að ríkisstjórn Íslands.

## AF NETINU

### Sanngjörn krafa hjúkrunarfræðinga

Ef þetta ástand heldur áfram óbreytt er ljóst að í óefni stefnir á heilbrigðisstofnunum, sérstaklega á Landsspítalanum. Hjúkrunarfræðingar eru gríðarmikilvæg grunnstétt í heilbrigðisþjónustu. Ef ekki verður gripið til aðgerða nú við afgreiðslu fjárlaga er ljóst að stór hætta verður á að fjölmargir hjúkrunarfræðingar segi upp störfum sínum og leiti betri kjara annars staðar.

Slíkt myndi setja heilbrigðisþjónustu hér á landi í uppnám þar sem skortur á hjúkrunarfræðingum er nú viðvarandi vandamál og frekari skortur er yfirvofandi á næstu árum.

sigmundurdavid.is

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson*


Litlujólin í Múrbúðinni
Á MÚRBÚÐARVERÐI
Límbandsrúlla 39
Jólaskraut 4 teg. 699
Gjafapokar margar stærðir. Verð frá 199
Jólasokkur 43 cm 299
Jólasveinakarfa 15x17 cm 399
TES Pappír 2 metrar 125
TES Pappír 6 metrar 299
Ljósastjarna/inni í glugga 1.190
Jólastjarna/inni í glugga 2.090
Patr blómapottar margir litir. v. frá 690
Kökudúnkar 3 stk. 999
Jólahreindýr 599
LED INNI grílukertasería 100 kerti Gegnsæ snúra 1.299
Inniseríur 50 ljósa
Innisería 50 ljósa 1.750
Jólakrans 30 cm 595
Jólatré 120 cm 1.895 Einnig til 150 cm
Jólakúlur 10 cm 6 stk. 290 Margir litir
Jólakúlur 10 cm 6 stk. 390 Margir litir
LED INNI netljós 1x2 m 176 ljós. Nokkrir litir 1.499
Jólakúlur 14 cm 4 stk. 790
Gjafabréf Múrbúðarinnar
Gleðileg jól
3 metra rafmagnssnúra 990
Jólakúlur 7 cm 12 stk. 498
Snjókarl tau lítill 149 Margar tegundir
2 metra rafmagnssnúra 690
Fjöltengi 3 innstungur 595
Grenilengja 2,7 metrar 690
Jólakúlur 10 cm 6 stk. 290 Margir litir
10 metra rafmagnssnúra 2.390
Detectomat reykskynjari HD3000 m/lithium rafhlöðu 2.390
ÍSLENSK JÓLAKORT FRÁ KÓRUND MEÐ UMSLAGI - 25 stk. 899 kr.
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri | Óseyri 1. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Svo fáir voru þeir...

SAMFÉLAGSMÁL



Sighvatur Björgvinsson
fyrrverandi ráðherra

**Niðurstaðan hefur óhjákvæmilega orðið sú, að eignastaða ungs fólks hefur versnað en sýnist hafa batnað hjá gamla fólkinu – en mæld í miklu verðminni krónum en var fyrir hrun. Mæld í nær ónýtri mynt.**

Ég hef tekið mér tíma til þess – aldrei þessu vant – að lesa eitthvað af því bloggi, sem finna má um greinarnar mínar þrjár í Fréttablaðinu. Þeim tíma var nú illa varið. Ekkert vannst á því annað en það, sem ég áður vissi. Hluti bloggaranna er óskrifandi á íslenskt mál. Miklu fleiri sem ekki getað tjáð sig öðruvísi en með ofstopahætti og gífuryrðum gegn persónu einstaklinga, sem þeim eru ekki að skapi einhverra hluta vegna – í þessu tilfelli gegn mér. Þeim nenni ég ekki að svara. Slíkt væri líkt og reyna að skvetta vatni á gæs. Gersamlega tilgangslaust.

Af þeim fáu, sem tjáð hafa sig með skiljanlegum rökum þykir mér einkum og sér í lagi rík ástæða til þess að svara þeim Karli Sigfússyni og Guðmundi Andra Thorssyni. Þeim þakka ég. Ánægjulegt að eiga við þá orðastað.

### Hrunið og aldurshópurnir

Í grein sinni sýnir Karl skilmerkilega hvernig hruninu hefur leikið ýmsa aldurshópa þegar einvörðungu er skoðuð bókfærð eignastaða þeirra. Þar kemur m.a. fram, að eignastöðu ungs fólks hefur hrakað meira en eignastöðu eldra fólks skv. skattframtölum meðan eignaverð hefur haldist óbreytt og nettóeignin því farið minnkandi – og jafnvel orðið minni en engin. Allt er það rétt og satt. Ástæðan? Hún er einfaldlega sú, að ungt fólk í blóma lífsins skuldaði meira en gamla fólkið á sínu ævikvöldi. Þegar bókfærðar skuldir jukust vegna hruns ónýtrar myntar hækkuðu bókfærðar skuldir í hrunkrónunni mest hjá þeim sem mest skulduðu – en minna hjá hinum sem höfðu að mestu greitt sínar skuldir á langri ævi. Niðurstaðan hefur óhjákvæmilega orðið sú, að eignastaða ungs fólks hefur versnað en sýnist hafa batnað hjá gamla fólkinu – en mæld í miklu verðminni krónum en var fyrir hrun. Mæld í nær ónýtri mynt. Þegar prósentureikningur er svo brúkaður virðast eignir eldra fólks vera orðnar stærri hluti heildarbókfærðra eigna en áður var. Karl lætur í það skína, að þarna hafi eignir verið fluttar frá ungu fólki til þeirra eldri. Slíkt er fjarstæða. Enginn slíkur eignaflutningur hefur átt sér stað milli kynslóða. „Prósentan er vond fyrir bændur", sagði Sveinn gamli þingmaður í Firði. Góður verkfræðingur má ekki teygja prósentureikninginn langt út yfir rifmörk.

### Áhrifin á lífeyrisréttinn

Einna stærstur hluti eigna eldri kynslóðarinnar er lífeyrisrétturinn. Hann er ekki bókfærður hjá ríkisskattstjóra. Hversu mikil eignaskerðing varð á þeim rétti vegna hrunsins? Hversu mikilli tekjuskerðingu hefur sú eignaskerðing valdið gömlu fólki nú þegar – og hversu mikil á hún eftir að verða? Hversu stór hópur eldra – og yngra – fólks hefur tapað öllum sparnaði sínum vegna hruns peningamarkaðssjóðanna og hverjir stjórnuðu þeim? Hve margt fólk í sjávarbyggðunum kringum landið situr nú uppi eignalaust eða eignalítið vegna brasks nokkurra einstaklinga með sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar? Telst það ekki vera „forsendubrestur"? Á unga kynslóðin þá að bæta hinni eldri tjónið – nú eða höfuðborgarbúar eignatap fólks sjávarbyggðanna? Ef ekki á þá eldri kynslóðin frekar að bæta tjón þeirra yngri eða íbúar Raufarhafna þessa lands íbúum á höfuðborgarsvæðinu sinn „forsendubrest"?

### Allir urðu fyrir tjóni

Við skulum kalla hrunið hrun en ekki „svokallað hrun" eða „forsendubrest". Hrunið hefur valdið öllum íbúum þessa lands gífurlegu tjóni, bæði ungum og gömlum. Unga fólkið á sér þó tækifærin fram undan. Það á lífið fram undan með öllum sínum möguleikum til sóknar til betri lífskjara og ugglaust mun sú barátta skila árangri. Hún er nú þegar farin að gera það. Gamla fólkið á lífið að baki. Engin ný tækifæri bíða þess – hvorki hér á landi né annars staðar. Það verður einfaldlega að taka því sem á það hrynur eins og hverju öðru hundsbiti. Getur það virkilega verið að fólk eins og Karl Sigfússon og Guðmundur Andri Thorsson ætlist til þess að yngra fólki sé bættur skaði þess með því að skerða enn frekar en orðið er lífeyrisréttindi „afa og ömmu"?

### Viðbrögð hinna sjálfhverfu

„Sjálfhverfa kynslóðin" er ekki samnefni „hrunkynslóðar". Sjálfhverft er fólkið af því það er stöðugt talandi um eigin hag og eigin vandamál en lætur sig aðra litlu varða. Á þessu vildi ég vekja athygli, um þetta vildi ég tala og hef gert. Fyrir það dynja nú á mér skammirnar. Frá hverjum? Frá þessu hinu sama fólki. Ég bjóst við því. Ég er ekkert hræddur við það. Mér þykir tjáningarréttur minn vera meira virði.

En Karl Sigfússon og Guðmundur Andri. Hafið þið þökk fyrir ykkar skrif. Þau voru efnisleg og málefnaleg. Tveir einstaklingar af öllum þessum fjölda. Svo fáir voru þeir.

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Umsóknarfrestur um nám á vorönn 2012 er til og með 23. nóvember

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa skólans í síma 525 8800

Sjá nánar inn á: www.fa.is og www.mentagatt.is

# Martröð Eldvarpavirkjunar eða draumurinn um „Eldhringinn"?

UMHVERFISMÁL



Ómar Ragnarsson
Formaður Íslandshreyfingarinnar

Nú skal kveðið skýrt að: Af hverju yrði Eldvarpavirkjun tilefni til að kalla allar núlifandi kynslóðir Íslands sem komnar eru til vits og ára „sjálfhverfu kynslóðirnar"?

Af hverju yrði hún heimskulegur, siðlaus og óskiljanlegur umhverfisglæpur?

Það er vegna þess að með virkjun Eldvarpa á ekki aðeins að umturna og eyðileggja gígaröð, einstætt náttúruverðmæti, heldur líka að stytta endingartíma sameiginlegs jarðhitageymis Eldvarpa og Svartsengis úr 50 árum niður fyrir 30 ár en fullyrða samt að um sé að ræða endurnýjanlega orkunýtingu sem fyrirmynd fyrir heimsbyggðina!

Þetta eru ekki upphrópanir út í loftið, vísindaleg gögn liggja fyrir þessu.

Og það á líka að ráðast á svipaðan hátt á næstu gígaröð, Sveifluháls, austan Eldvarpa, sem hefur á sér form svonefndra móbergshryggja, en þeir eru gígaraðir sem mynduðust undir jökli. Og þá er spurt: Hvaða máli skiptir það?

Og svarið er einfalt: Hvergi á þurrlendi jarðar er að finna gígaraðir eins og á Íslandi.

Í þeim speglast sköpun nýs lands á skilum meginlandsflekanna, nokkuð sem hvergi sést nema hér. Flestar gígaraðir á Íslandi, móbergshryggirnir, urðu til undir ísaldarjökli, en aðeins fáar gígaraðir eru til sem mynduðust í eldgosum eftir ísöld og eru eins reglulegar og fallegar og Eldvörp.

### Draumurinn um „Eldhringinn"

Allir kannast við „Gullna hringinn". En ég á mér draum um „Eldhringinn" eða „Rauða hringinn". Og af því að flestir kannast við lag Johnny Cash, Ring of Fire, mætti annaðhvort kalla Eldhringinn því nafni á ensku eða „Red circle". Ferðalag um Eldhringinn myndi hefjast við „gjána á milli heimsálfanna", aðeins fáa kílómetra frá stærsta alþjóðaflugvelli landsins, og halda áfram við Eldvörp, sömuleiðis fáa kílómetra frá flugvellinum. Þar sæi fólk að mestu ósnortið svæðið með þessari fallegu röð átján gíga, sem varð til í augsýn fólksins sem hér bjó fyrir tæpum 800 árum.

Einnig fornminjar, sumar frá tímum Tyrkjaránsins, og gönguleiðir vermanna fyrri alda og fólk gæti upplifað forna tíma baráttu fátækrar þjóðar við óblíða náttúru, „survival", æ eftirsóttari tegund ferðamennsku í fágætu umhverfi. Sömuleiðis byrjað að upplifa þá landsköpun og hamfarir, sem gígaröðin vitnar um. Síðan yrði farið austur að Krýsuvík og Sveifluhálsi til að sjá ummerki eftir sams konar eldvirkni undir jökli.

Á leið til Reykjavíkur mætti bæta við Sogunum við Trölladyngju, en fara þarf austur í Landmannalaugar eða upp í Kerlingarfjöll til að sjá viðlíka gil. Ef útlendur gestur væri tímabundinn, léti hann þetta nægja, en vissi þó að þetta væri aðeins upphaf Eldhringsins og því full ástæða til að koma aftur til Íslands eða lengja ferðina, því að næsti áfangastaður Eldhringsins yrði gossvæði Kröfluelda, Leirhnjúkur-Gjástykki.

Þar blasa við enn magnaðri og skýrari ummerki um „sköpun jarðarinnar", sem hvergi er að sjá annars staðar í víðri veröld, auk fyrirhugaðs æfingasvæðis fyrir marsfara framtíðarinnar. Hægt að sjá kvikmyndir, ljósmyndir og vitnisburði þeirra sem upplifðu þessar hamfarir og lifa sig inn í það í leiðinni. Eldhringnum yrði síðan lokað í Lakagígum í mögnuðustu gígaröð jarðar og þá kemur sér vel að hafa komið áður í Gjástykki.

**Ef útlendur gestur væri tímabundinn, léti hann þetta nægja, en vissi þó að þetta væri aðeins upphaf Eldhringsins og því full ástæða til að koma aftur til Íslands eða lengja ferðina, því að næsti áfangastaður Eldhringsins yrði gossvæði Kröfluelda, Leirhnjúkur-Gjástykki.**

### Óafturkræf spjöll

Nú má sjá í rammaáætlun að gefin hefur verið út sú aftökuskipun á Eldvörp að gera þau að virkjunarsvæði í stíl Hellisheiðarvirkjunar og sóa jarðvarma svæðisins á innan við 30 árum í stað 50. Einnig á að gera Sveifluháls, Krýsuvík og Trölladyngju að virkjanasvæði og fara það langt með virkjanir inn á Leirhnjúks-Gjástykkissvæðið að það yrði laskað verulega. Allt óafturkræf spjöll. Þetta er ekki aðeins botnlaus græðgi heldur brot gegn þeim ungu Íslendingum, sem neyða á til að taka við Eldvarpasvæðinu lemstruðu og ónýtu eftir 30 ár og hinum svæðunum ónýtum eftir 50 ár og fá engu um það ráðið. Að ekki sé talað um þær milljónir Íslendinga sem ófæddir eru.

Þetta er hróplegt brot á skuldbindingum okkar í Ríósáttmálanum um sjálfbæra þróun og heitir rányrkja á góðri íslensku. Aðeins sjálfhverfar kynslóðir ástunda þann meðvitaða þjófnað og glæp að skila landinu með græðgi og rányrkju verra til afkomendanna en þær tóku við því og brjóta með því gegn jafnrétti kynslóðanna, sem er stærsta og mikilvægasta réttlætismál mannkynsins á 21. öldinni og forsenda þess að lifa af. Ég á mér að vísu draum um Eldhringinn. En stærri er draumurinn um heiður Íslands, jafnrétti kynslóðanna og framtíð Íslendinga og mannkynsins.

# Fordómar gegn fötluðum

ATVINNUMÁL



Ari Erlingur Arason
atvinnuleitandi

Þessi pistill er til atvinnurekenda og ráðningarfyrirtækja sem eru í þeirri stöðu að ráða fólk til starfa.

Fyrir 10 árum varð ég fyrir þeirri lífsreynslu að lenda í umferðarslysi með þeim afleiðingum að missa vinstri handlegg. Eftir slysið hef ég orðið var við fyrirtæki eru ekki tilbúin að ráða til sín fólk sem hefur orðið fyrir fötlun. Til að styrkja stöðu mína á vinnumarkaði fór ég í Verkmenntaskólann á Akureyri haustið 2003 og útskrifaðist þaðan af viðskiptabraut vorið 2008.

Árin 2005-2008, á meðan ég var í skólanum, vann ég hjá N1 sem vaktstjóri með skólanum á veturna og svo í afleysingum á sumrin. Haustið 2008 fékk ég svo fulla vinnu í afleysingum en í febrúar 2009 fékk ég svo fastráðningu en var sagt upp störfum í lok febrúar 2012.

### Langtíma atvinnuleysi

Frá þeim tíma hef ég verið atvinnulaus, þrátt fyrir að hafa sótt um öll þau störf sem auglýst hafa verið í dagskránni hér á Akureyri. Í sumum starfsviðtölum hef ég fengið mjög jákvæð viðbrögð og mér verið sagt að allt í ferilskránni minni passi fyrir starfið en fæ síðan neitun eða ekkert svar.

Ótrúlegt er hve margir sýna þá óvirðingu og vanþakklæti að svara ekki starfsumsóknum eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Það á jafnt við um fyrirtækin sem auglýsa beint eftir fólki og ráðningarstofurnar þegar sótt er um störfin í gegnum þær. Til dæmis sótti ég um starf hjá fyrirtæki hér í bæ í maí síðastliðnum og fékk ekkert svar frá því og svo í september þá auglýsir það nákvæmlega sama starfið aftur. Hvað er í gangi hjá atvinnurekendum í dag? Vilja þeir ekki ráða fólk til sín í vinnu sem komið er yfir miðjan aldur og fá þá kannski þá reynslu af atvinnulífinu frá þeim starfsmönnum sem eru að sækja um? Árið 2004 fór ég á milli fyrirtækja og var að leita að vinnu og í einu slíku tilfelli var ég varla kominn út úr einu fyrirtækinu þegar ég heyrði að þeir hefðu ekkert með svona mann að gera því hann gæti ekki gert alla hluti sem þyrfti að gera. Hvernig geta menn sagt svona þegar þeir vita ekkert hvað viðkomandi getur gert eins og í mínu tilfelli bara með aðra höndina?

### Fólk þarf að fá tækifæri

Stundum þegar fyrirtæki auglýsa eftir fólki þá er krafist reynslu í þessu eða hinu og það fólk sem hefur ekki þessa reynslu hefur enga möguleika á að fá viðkomandi vinnu, eins og þeir sem fatlaðir eru geti ekki lært nýja hluti eða vinnubrögð. Ég bara spyr, hvernig á fólk að fá reynsluna við viðkomandi störf ef það fær ekki að prófa hvort það geti leyst verkin af hendi?

**Frá þeim tíma hef ég verið atvinnulaus, þrátt fyrir að hafa sótt um öll þau störf sem auglýst hafa verið í dagskránni hér á Akureyri. Í sumum starfsviðtölum hef ég fengið mjög jákvæð viðbrögð og sagt að allt í ferilskránni minni passi fyrir starfið en fæ síðan neitun eða ekkert svar. Ótrúlegt hve margir sína þá óvirðingu og vanþakklæti að svara ekki starfsumsóknum eftir að ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.**

Sem dæmi, þá hef ég þessi 10 ár síðan ég slasaðist þurft að hugsa upp á nýtt, þróa og finna út hvernig á að gera hlutina með annarri hendi til dæmis hin ýmsu verkefni eins og að reka nagla í steinvegg, skipta um dekk á bíl og gera við, smíða, mála, raða í hillur, bera þunga hluti og fleira þess háttar og einnig má nefna að bara það sem allir gera án þess að hugsa um eins og að klippa neglurnar, binda bindishnút, reima skóna sína, allt þetta þarf að læra upp á nýtt. Satt best að segja er ótrúlegt hvað hægt er að gera með einni hendi með góðum vilja og jákvæðni.

Lokaorð mín til atvinnurekenda eru þau að margt fatlað fólk er ekki verra til vinnu en hver annar.

# Þakkargjörðarhátíð

*Kærkomið tilefni til að fylla íslenskan gæðakalkún og njóta í góðra vina hópi*



## Mangó- og aprikósufylling

- 4 dl soðið kúskús
- 1 mangó skrælt og skorið í teninga
- 15 þurrkaðar aprikósur, skornar í bita
- 4 cm engiferrót, smátt söxuð
- 3 msk pistasíuhnetur
- 5 brauðsneiðar, skorpulausar og skornar í bita
- 50 g bráðið smjör
- 2 egg
- 2 msk Mangó chutney
- Salt og pipar

Blandið öllu hráefni vel saman og fyllið kalkúninn. Kryddið og setjið smjörklípur á fuglinn. Setjið kalkúninn inn í 190 °C heitan ofn í 15 mín eða þangað til fuglinn verður fallega brúnn. Breiðið álpappír vel yfir fuglinn. Lækkið hitann í 150°C og steikið fuglinn áfram í 45 mín/kg eða þangað til kjarnhiti nær 71°C.

## Verði ykkur að góðu

Kristín og Jón Magnús, Reykjabúinu, Mosfellsbæ.

ATARNA

Holda kalkúnn frá Reykjabúinu er hollur. Hreint kjöt án allra aukaefna, fitusnautt og létt í maga.

Þú veist hvaðan hann kemur.

Fleiri uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á

**kalkunn.is**

Holda
KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

## AF NETINU

### Svona fólk vil ég á þing

Ég ætla að kjósa umburðarlynt, víðsýnt og fordómalaust fólk, en sneiða hjá dómhörðu, þröngsýnu og fordómafullu fólki.
Ég ætla að kjósa þá sem eru tilbúnir að vinna með öðrum vönduðum þingmönnum að málum sem gera Ísland betra.
Ég ætla að kjósa þá sem munu styðja góð mál, sama úr hvaða flokki þau koma, og mótmæla vondum málum, sama hvaðan þau koma.
Ég ætla að kjósa þá sem standa með sterkri Reykjavík, en láta ekki undan þrýstingi kjördæmapotara sem hafa horn í síðu hennar.
Ég ætla að kjósa fólk sem er hugmyndafræðilega nógu sterkt á svellinu til að geta metið ný og óvænt mál á forsendum einstaklingsfrelsis en þarf ekki að reiða sig á gamlar kreddur.
Ég ætla að kjósa fólk sem hefur ástríðufullan áhuga á því að gera Ísland betra og er ekki í stjórnmálum út af völdum og vegtyllum.

gislimarteinn.is

*Gísli Marteinn Baldursson*





Geimóperan *Opinberun* er komin í búðir. Þar segir Hugleikur Dagsson frá biblískum heimsendi með tilheyrandi englum og skrímslum. Bókin er tiltölulega frumleg en stelur samt aðeins úr öðrum ævintýrum eins og Stargate, Mars Attacks og Biblíunni.

**Í TILEFNI ÚTGÁFUNNAR VERÐUR PUB QUIZ MEÐ BIBLÍUÞEMA Á BAR 46 Í KVÖLD, FIMMTUDAG, KL. 20.**

**Séra Hugleikur stjórnar spurningakeppni um Jesú og Guð og svoleiðis.**

**Bjór á meðan birgðir endast og góð tilboð á barnum.**

ÓKEIBÆ

www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*


# Þriggja stoða lífeyriskerfi

LÍFEYRISSJÓÐIR



Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri SA

Oft er rætt um nauðsyn þess að byggja lífeyriskerfi þjóða á þremur meginstoðum. Hér á landi hefur einmitt verið farin slík leið í öllum meginatriðum og á erlendum vettvangi er Ísland tekið sem dæmi um vel heppnaða uppbyggingu.

Lífeyrissjóðir, almannatryggingar og frjáls sparnaður mynda þessar þrjár meginstoðir. Hver þeirra hefur sérstöku hlutverki að gegna. Engin ein stoðanna nær þeim markmiðum sem stefnt er að en séu þær allar til staðar má byggja öflugt lífeyriskerfi sem nær til allra.

Meginmarkmiðið er að tryggja öllum viðunandi ellilífeyri auk þess sem lífeyriskerfin þurfa að veita áfallatryggingar vegna örorku og ótímabærs fráfalls. Hversu öflug lífeyriskerfi geta verið fer fyrst og fremst eftir efnahag hverrar þjóðar og hvort framsýni og fyrirhyggja ráða för. Öflugt atvinnulíf sem er undirstaða góðs efnahags hlýtur því ávallt að verða meginforsenda öflugs lífeyriskerfis.

#### Framfærsla lífeyrisþega

Hlutverk lífeyrissjóðanna í þessu samspili stoðanna þriggja er að annast að stærstum hluta framfærslu lífeyrisþega. Hér á landi hafa verið að byggjast upp sterkir lífeyrissjóðir sem nú þegar standa undir 58% af lífeyrisgreiðslum á móti almannatryggingum og þetta hlutfall fer hækkandi.

Afar mikilvægt er að byggja upp lífeyrissjóðina vegna þess að útgreiðslur úr þeim byggja að meirihluta til á fjármagnstekjum. Sé það vanrækt hjá þjóð með þann metnað í lífeyrismálum sem við höfum á Íslandi má ætla að skattlagning á laun þyrfti í framtíðinni að nema yfir 25% til þess að fjármagna lífeyrisgreiðslur með samtíma skattgreiðslum.

Hlutverk almannatrygginganna er að tryggja tiltekið lágmark lífeyris. Þar sem myndun lífeyrisréttinda í lífeyrissjóðum byggir á iðgjöldum af launum verða alltaf einhverjir einstaklingar sem ekki ná að afla sér ásættanlega lífeyrisréttinda. Það verður alltaf drjúgur hópur sem af einhverjum ástæðum stendur utan vinnumarkaðar, tímabundið eða alfarið. Því verður alltaf þörf á greiðslum úr almannatryggingum en það gildir líka að geta samfélagsins til þess að standa undir myndarlegu lágmarki lífeyris fer eftir því hversu vel hefur tekist til við uppbyggingu lífeyrissjóðanna.

#### Traust eignastaða

Hlutverk hins frjálsa sparnaðar er að byggja upp eignastöðu. Langflest heimili vilja byggja upp trausta eignastöðu óháð lífeyrisréttindum. Að vissu leyti draga lífeyrissparnaður og almannatryggingar úr þörfinni fyrir sparnað og eignamyndun heimilanna. Traust eignastaða skapar engu að síður mikið öryggi á allri lífsleiðinni og möguleika til að verjast áföllum sem á geta dunið og hafa ekkert með lífeyristryggingar að gera.

**➜ Allar þrjár stoðirnar þurfa að vinna vel saman til að skapa eina heild þar sem búið er að lífeyrisþegum með sóma.**

Stærsti hluti frjálsrar eignamyndunar hjá heimilunum í landinu er í íbúðarhúsnæði en flestum okkar þykir eftirsóknarvert að eignast þak yfir höfuðið. Til viðbótar eru svo ýmis konar almennur sparnaður og eignarhlutir í fyrirtækjum. Hinn frjálsi sparnaður og eignamyndun gefur fólki aukinn sveigjanleika og valmöguleika þegar líður á ævina. Margir nýta eignalega stöðu sína til að koma sér vel fyrir í ellinni með kaupum á viðeigandi húsnæði.

Allar þrjár stoðirnar þurfa að vinna vel saman til að skapa heild þar sem búið er að lífeyrisþegum með sóma og af metnaði. Sífelld þörf er á umræðu um lífeyrismál til þess að vega og meta árangur þess fyrirkomulags sem við höfum valið. Breytingar þurfa að vera yfirvegaðar og treysta lífeyriskerfið til lengri tíma. Stöðugleiki og fyrirsjáanleiki skipta miklu máli.

# Menntamálaskýrsla úr tengslum við veruleika skólastarfs

MENNTUN



Elna Katrín Jónsdóttir
framhaldsskólakennari

Nýlega kynnti starfshópur undir forystu Skúla Helgasonar, alþingismanns og varaformanns menntamálanefndar, tillögur sínar um samþættingu menntunar og atvinnu. Verulegum hluta skýrslunnar er beint að framhaldsskólanum á Íslandi. Í upphafi vekur athygli að framhaldsskólinn átti engan fulltrúa í þessum starfshópi ef frá er talinn einn starfandi skólameistari einkarekins framhaldsskóla. Umfjöllun um grunnskóla og framhaldsskóla einkennist af því að horft er á skólastigin utan frá og starfshópurinn virðist hvorki hafa átt beinar samræður við starfsfólk skólanna né samtök kennara og skólastjórnenda sem gerst þekkja þær aðstæður sem skólastarfinu eru búnar. Ekkert er stuðst við rannsóknir á skólastarfi né heldur vitnað í skýrslur um skólastarf og skólahald.

Hér verður sjónum fyrst og fremst beint að því hvernig skýrslan snertir veruleikann í starfi íslenskra framhaldsskóla sem berjast nú í bökkum enn eitt árið og veruleika stjórnvalda sem fjórum árum eftir setningu nýrra framhaldsskólalaga sjá ekki til lands um framkvæmd þeirra. Umfjöllun skýrsluhöfunda um málefni eins og brottfall, skil grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla, stöðu verk- og tæknimenntunar og lengd námstíma til stúdentsprófs og annarra lokaprófa er síðan efni í fleiri greinar.

#### Menntastefnan og vandamálin

Greining hópsins á meginþáttum og markmiðum í almennri menntastefnu á Íslandi er kunnugleg útlistun atriða sem flest eru þegar hluti opinberrar menntastefnu. Áhyggjuefnum sem reifuð eru í skýrslunni deila kennarar sannarlega með skýrsluhöfundum. Má þar nefna hátt hlutfall einstaklinga sem aðeins hefur lokið grunnskólamenntun, mikið atvinnuleysi ungs fólks með litla menntun, brotthvarf úr námi, skort á leiðsögn og ráðgjöf um náms- og starfsval og skort á verk- og tæknimenntuðu fólki. Raunar má líka benda á að um flest þessara mála hefur Ísland fyrir löngu sett sér markmið með samstarfsþjóðum á Evrópuvettvangi en litið orðið um framkvæmd eða efndir og mega þar bæði alþingismenn og ríkisstjórnir undanfarin 10-15 ár spyrja að ábyrgð sinni.

#### Skautað yfir veruleikann

Á meðan unnið var að skýrslunni sem hér er til umræðu var frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2013 lagt fram á Alþingi. Í því er ekki gert ráð fyrir neinu fé til að koma framhaldsskólalögunum frá 2008 í framkvæmd og áformaðar fjárveitingar framhaldsskólanna munu ekki duga mörgum þeirra til þess að ná endum saman í rekstri sínum. Á sama tíma var unnið að úrvinnslu samkomulags mennta- og menningarmálaráðherra við framhaldsskólakennara og stjórnendur í framhaldsskólum sem gert var vorið 2011 um faglega og kjaralega endurskoðun í tengslum við framhaldsskólalögin. Það hafði mikil og neikvæð áhrif á þá vinnu að hvorki reyndist til heildaráætlun um innleiðingu laganna, sem taka eiga gildi að fullu 2015, né heldur hafði ríkisvaldið búið sig fjárhagslega undir kostnað af væntanlegu samkomulagi.

Því vekur fullyrðing skýrsluhöfunda á bls. 4 furðu en hún er svohljóðandi: Fyrir liggur áætlun um fulla innleiðingu laganna til ársins 2015. Þá verða allir skólar komnir með námsbrautir byggðar á hinni nýju námskrá. Allir námsáfangar og námsbrautir verða skilgreindar á hæfniþrep og aðgengilegar í námskrárgrunni á netinu.“ Því er svo við þetta að bæta að um 2 milljarðar króna sem áætlaðir voru til innleiðingar nýju framhaldsskólalaganna hurfu í hít hrunsins og rekstur framhaldsskóla hefur verið skorinn niður ár hvert síðan – í raun miklu meira en stjórnvöld hafa viljað vera láta þar sem nemendum hefur sífellt fjölgað en umfjöllun um fjármál framhaldsskóla við fjárlagagerðina ár hvert ekki tekið til þess veruleika. Námsaðstæður í framhaldsskólum eru nú verri en fyrir setningu laganna margumræddu þar sem skólarnir hafa tilneyddir fjölgað nemendum óhóflega í námshópum, skorið niður stoðþjónustu og dregið úr námsframboði – allt vegna niðurskurðar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013 kemur fram að uppsafnaðar aðhaldsaðgerðir í framhaldsskólakerfinu árin 2009-2013 eru rúmir 4 milljarðar.

**➜ Framhaldsskólarnir eru þrátt fyrir erfiðar aðstæður í sífelldri þróun.**

#### Fjölbreyttur framhaldsskóli

Aðferð skýrsluhöfunda er í meginatriðum sú að tilgreina ýmis kunnugleg vandamál sem þeir telja óleyst og beina því síðan til ýmissa aðila að leysa þau en án þess að gera grein fyrir forsendum sem skapa þarf s.s. um mannafla og sérfræðiþekkingu, aðstæður, námsgögn og annan búnað. Þó öll þessi atriði eru beintengd fjármunum og því ámælisvert að í skýrslunni skuli alvarleg fjárhagsstaða framhaldsskólanna alveg hunsuð og vart nokkurs staðar getið um hlutverk og þýðingu kennara í endurskopun íslensks framhaldsskóla. Framhaldsskólarnir sjálfir eru þrátt fyrir erfiðar aðstæður í sífelldri þróun og hafa á að skipa því fólki sem er í bestri aðstöðu til þess að meta og koma til framkvæmda nauðsynlegum breytingum á námi og skólastarfi.

Með þessu er í engu skorast undan því að endurskoða gildandi skipulag, velta fyrir sér leiðum til þess að kveikja og viðhalda námsáhuga og færa skólastarfið nær veruleika ungs fólks á 21. öld. Ekki er heldur litið fram hjá nauðsyn þess að tengja saman skóla og atvinnulíf eða skólann og samfélagið í víðari skilningi. Að lokum má spyrja hvers vegna vinna starfshópsins og afurðir hans eru ekki unnar í beinum tengslum við framkvæmd nýrra laga um skólastarf og menntastefnu sem ætla verður að þeir flokkar sem starfa saman í ríkisstjórn standi saman um.


DEBENHAMS
STAR BY julienmacdonald
JASPER CONRAN
Kjóll
4-14 ára
7.990,-
Kjóll
4-12 ára
11.990,-
Skyrta m/slaufu
4-12 ára
6.990,-
Jakki
4-12 ára
11.990,-
Flott jólaföt
á hressa krakka
Kjóll
1-6 ára
7.990,-
JASPER CONRAN
Skyrta, vesti
og bindi
1-6 ára
7.990,-
Buxur
1-6 ára
4.990,-
JASPER CONRAN
Kjóll
4-12 ára
12.990,-
BAKER BY TED BAKER
Kjóll m/leggings
6.990,-
ROCHA.JOHN ROCHA
Kjóll
1-6 ára
7.990,-
Skór
22-32
4.590,-
BAKER BY TED BAKER
Skyrta
3-24 mán.
4.590,-
Buxur
3-24 mán.
5.490,-
BAKER BY TED BAKER
Kjóll
1-5 ára
12.990,-
STAR BY julienmacdonald
Jakki
5-14 ára
5.990,-
STAR BY julienmacdonald
Jakki
5-14 ára
5.990,-
Gerðu
lífið
skemmtilegra
DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Finndu okkur á facebook

# Örsaga um hernaðarmeðvirkni

HERNAÐUR



Kristinn Schram
þjóðfræðingur og frambjóðandi í prófkjöri VG í Reykjavík

Það er erfitt að setja sig í spor þeirra sem nú verða fyrir sprengjuregni Ísraela á Gaza. Í Palestínu hafa heilu kynslóðirnar alist upp við stríðsástand og hersetu Ísraela með ríkulegum stuðningi Bandaríkjastjórnar. Þótt ekki sé það samanburðarhæft bjuggu margar kynslóðir Íslendinga, stærstan hluta ævi sinnar, við bandarískt setulið. Keflavíkursamningur, inngangan í Atlantshafsbandalagið og óeirðir við Alþingi marka upphaf þess tíma. Þau hægri öfl sem að því stóðu urðu fyrir allnokkrum skakkaföllum í hruninu 2008. Sá atburður kallar fram í hugann myndir af þéttklæddri þyrpingu við alþingishúsið, pönnuslátt, ilminn af brennandi norskri furu og piparúða (sem ég ímynda mér stundum að finnist enn af ullarjakkanum mínum). Brotthvarf hersins kallar hins vegar engar áhrifaríkar myndir fram í hugann. Þrátt fyrir þrábeiðni ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar fór herinn án viðhafnar, smátt og smátt, eins og þjófur að nóttu. Þótt við í Samtökum hernaðarandstæðinga fögnuðum ákaft er við „rákum flóttann“ fylgja því engar sérstakar minningar. Eitt myndskeið kemur þó upp í hugann sem kórónar þessa tíma hægri afla og hernaðarhyggju.

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu.
Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan
Lán til allt að 48 mánaða
bigas
VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

TRÉ & MÁLUN
Smíða og málningarþjónusta
Kristján 692 5735 • Málarameistari
Sverrir 847 7425 • Húsasmiður
treogmalun@gmail.com

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
Viðgerðir og viðhald fasteigna!
Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir
Veggjakrotsvarnir - Múrverk
Fyrirbyggjandi varnir
Sími: 565-7070

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist Parketlagnir og viðhald

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

# Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Óskast keypt

**CARAT - HAUKUR GULLSMIÐUR SMÁRALIND - KAUPUM GULL OG SILFUR**
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
**Upplýsingar í s. 577 7740**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til sölu









**SÉRVERSLUN MEÐ NÁTTÚRUVÆNAR OG ANDLEGAR VÖRUR.**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

**ELDHÚSINNRÉTTING TIL SÖLU**
Til sölu dökk brún gegnheil eldhúsinnrétting. Vaskur og ljós fylgja. Verð 60 þús. Uppl. í s. 891 9852 frá kl 17-20.

## Verslun




## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Pjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Hestamennska

HESTAR & MENN

Flutt að Lynghálsi 5, 110 Rvk - Opnunartilboð. Hestar og menn, Lynghálsi 5. S. 567 3300

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Fully furnished room, 101 Rvk, with access to kitchen, bathroom, washing machine, internet. Tel. +3546921681.

## Húsnæði óskast

Óska eftir góðri íbúð/húsi fyrir par á þrítugsaldri með þrjú börn. Helst í pnr 105, 101, 107, 108 100% meðmæli og skilvísar greiðslur. Upplýsingar í síma 823 5055 og Benedikt.freyr@gmail.com

## Fasteignir




## Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Atvinnuhúsnæði

**TVÖ 60,6 M2 IÐNAÐARBIL TIL SÖLU**
9 m2 milliloft. Einnig eitt 51,6 m2 bil. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Atvinna í boði

**BAKARI / KAFFIHÚS**
Óskar eftir starfskrafti fyrir hádegi 7-14 virka daga og annan hvern laugardag. Ekki yngri en 20 ára, helst reyklaus. Íslenskukunnátta skilyrði.
**Uppl. í s. 820 7370, Ragga eftir kl. 15**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**AFGREIÐSLUFÓLK ÓSKAST!**
á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf.
**Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

THE ENGLISH PUB

**THE ENGLISH PUB - REYKJAVÍK**
Óskar eftir að ráða fólk í allar stöður. Þræl skemmtilegur vinnustaður og mikil vinna í boði fyrir duglegt og jákvætt fólk.
**Upplýsingar í s. 697 9003 eða ingvar@enskibarinn.is**

Raflýsing ehf. óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa. Verður að geta unnið sjálfstætt. Umsóknir sendist á raflysing@internet.is

Óska e. starfsmanni í heildsölu 2 daga í viku. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „heildsala"

## Atvinna óskast

Maður óskar eftir starfi. Upplýsingar í síma 8489096 á milli kl:15 - 18.

## fasteignir

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Hrannarstígur 3 - 101 Rvk.
**(vesturbær) Sérhæð með bílskúr.**




Nýkomið í einkasölu glæsileg 90 fm. neðri sérhæð auk bílskúr 37,5 fm. Samtals 127,5 fm. í virðulegu steinhúsi (þríbýli) Eignin er mikið endurnýjuð að innan sem utan, m.a. nýlegt eldhús, baðherbergi, parket ofl. Bílskúr er óvenju góður, (allt nýtt). Myndir á netinu. Frábær staðsetning í vesturbæ Rvk. Laus strax. Ekkert áhvílandi. Verð 39,5 millj.
**Opið hús kl. 17-18 í dag. Verið velkomin.**

### Hverfisgata 34 - Einbýli - Hfj.
**Opið hús í dag milli kl. 17-18.**




Fallegt 100 fm kósy þrílyft einbýlishús á frábærum stað í miðbæ Hafnarfjarðar, eignin skiptist m.a. í 3 svefnherbergi, stofu, borðstofu, fallegt eldhús, baðherbergi og fl. Fallegur skjólsæll garður, verönd, sérbílastæði, húsið er stærra af grunnfleti og nýtist sérlega vel, eign með sál, laust fljótlega. **V, 29,8 millj. Verið velkomin.**

### Norðurbakki - 4ra herbergja - Hfj.



Falleg 4ra herbergja 121,3 fm endaíbúð í reislulegu lyftuhúsi á fyrstu hæð með óskertu sjávarútsýni, 3 svefnherbergi, björt stofa, borstofa, verönd og svalir, fallegar innréttingar og gólfefni, falleg eign sem vert er að skoða. **V. 35,4 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

## atvinna

# Hringrás hf. óskar eftir að ráða starfsmann í dekkjavinnslu

## Dekkjavinnsla – Tímabundið Starf

**Starfslýsing:**
- Taka á móti viðskiptavinum
- Flokka dekk
- Aðstoða við að halda dekkjaverksmiðju í fullum afköstum
- Lyftarapróf er nauðsyn
- Íslenskukunnátta er skilyrði

Hringrás er eitt öflugasta endurvinnslu- og umhverfisverndarfyrirtæki landsins, með starfsemi á 5 stöðum, og rekur einnig dótturfélag í sömu starfsemi í Kanada. Starfsmenn eru rúmlega 100 talsins. Hringrás endurvinnur ýmis konar úrgang frá einstaklingum og fyrirtækjum og breytir í verðmætt hráefni sem selt er á erlenda markaði til endurnýtingar í ýmiskonar varning. Þannig stuðlar Hringrás að umhverfisvernd og öflun verðmæta. Hringrás vinnur eftir Iso 14001. Fyrirtækið fær formlega vottun á næstu mánuðum
**Umsóknir sendast á starf@hringras.is fyrir 25. nóvember næstkomandi.**

HRINGRÁS ENDURVINNSLA

FJÖRUGT SPIL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

# Hlæðu af þér hausinn um jólin




Eftir höfunda Fimbulfambs

**SKRÍPÓ INNIHELDUR 150 FRÁBÆRAR TEIKNINGAR EFTIR**

HUGLEIK DAGSSON,
HALLDÓR BALDURSSON,
LÓU HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTUR
OG SIGMÚND

Skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins leggja til teikningarnar – og þú semur brandarann. Þannig er SKRÍPÓ, hrikalega fyndið nýtt íslenskt spil sem fjölskyldan mun liggja í hláturskasti yfir.

**Í SKRÍPÓ eru jafnvel fáránlegustu myndatextarnir sprenghlægilegir ...**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

## KROSSGÁTA




**LÁRÉTT**
**2.** hreinsiefni, **6.** frá, **8.** gogg, **9.** ískur, **11.** í röð, **12.** strýtu, **14.** mergð, **16.** öfug röð, **17.** kk nafn, **18.** stroff, **20.** pfn., **21.** hljómsveit.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kássa, **3.** utan, **4.** ávaxtaré, **5.** þakbrún, **7.** fréttir, **10.** hvoftur, **13.** kvk. nafn, **15.** ættgöfgi, **16.** margsinnis, **19.** golf áhald.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sápu, **6.** af, **8.** nef, **9.** urg, **11.** rs, **12.** keilu, **14.** gnótt, **16.** on, **17.** ari, **18.** fit, **20.** ég, **21.** tríó.
**LÓÐRÉTT: 1.** mauk, **3.** án, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** fregnir, **10.** gin, **13.** lóa, **15.** tign, **16.** oft, **19.** tí.


VESTURBYGGÐ

## Skipulagsmál í Vesturbyggð

### Auglýsing um deiliskipulag vegna snjóflóðavarna neðan Klifs á Patreksfirði

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 21. nóvember 2012 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturbyggð.
Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi vegna ofanflóðavarna neðan Klifs á Patreksfirði.

Skipulagsuppdrættir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 75 frá 23 nóvember 2012 til 9. janúar 2013. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.vesturbyggd.is. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 9. janúar 2013. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 63 eða á netfangið armann@vesturbyggd.is merkt **„deiliskipulag Vesturbyggðar“**. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

***Patreksfjörður, 21 nóvember 2012***
***Ármann Halldórsson Byggingarfulltrúi***



Tálknafjörður

### Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018 „afmörkun vatnsverndar, jarðborun og reiðleiðir í Tálknafirði

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. September 2012 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir Tálknafjarðarhrepp.
Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna afmörkunar á vatnsvernd, jarðborun og hitaveitulögn, reiðleiðir, breyting á iðnaðarsvæðum og frístundarbyggð. Skipulagsuppdrættir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps Miðtúni 1, Tálknafirði og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík frá 26. Nóvember 2012 til 16. janúar 2013. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins http://www.talknafjordur.is Frestur til að skila inn athugasemdum er til **16. janúar 2013**. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps Miðtúni 1. Tálknafirði eða á netfangið armann@vesturbyggd.is merkt "Aðalskipulag Tálknafjarðar". Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

**Tálknafjörður 17. nóvember 2012**
**Ármann Halldórsson Byggingarfulltrúi**


# Á atkvæðaveiðum

**BAKPANKAR**
Björns Þórs Sigurbjörnssonar



Sjálfstæðisflokkurinn mun ekki komast í ríkisstjórn eftir kosningarnar í vor. Til þess er stefna hans ekki nógu sterk, frambjóðendur of veikir og fortíðin enn óuppgerð. Það er reyndar mjög ólíklegt að Sjálfstæðisflokkurinn komist nokkru sinni aftur í ríkisstjórn. Hann er í raun dæmdur til að vera í eilífri stjórnarandstöðu. Og þar sem það hlutskipti fer honum mjög illa munu flokksmenn fljótlega flýja sökkvandi skip og ýmist ganga í Framsóknarflokkinn eða Samfylkinguna eða hætta afskiptum af stjórnmálum og snúa sér í staðinn að frímerkjasöfnun eða fjallgöngum. Þegar síðasti maðurinn gengur úr Valhöll og slekkur á eftir sér verður Sjálfstæðisflokkurinn ekki lengur til.

**ÉG** er ekki að spá þessu. Ég er afleitur spámaður og löngu hættur að reyna. Ég spáði því til dæmis árið 1990 að geisladiskurinn yrði ekki langlífur. Raunar hélt ég að hann yrði svo skammlífur að það tæki því ekki fyrir mig að eignast geislaspilara. Þess vegna gaf ég geisladisk sem mér áskotnaðist um vorið þetta ár. Nokkrum vikum seinna eignaðist ég geislaspilara og hef hlustað á geisladiska daglega síðan.

**ÉG** óska þess heldur ekki að Sjálfstæðisflokkurinn tærist upp. Eina ósk mín varðandi pólitík er að stjórnmálamenn greiði úr málum í góðum friði en láti annars sem minnst fyrir sér fara.

**ÞESSI** orð um flokkinn eru hins vegar í þeim anda sem svo margir fjalla um stjórnmál. Settar eru fram alls konar staðhæfingar um að staðan sé svona og að hitt og þetta muni gerast, undir því yfirskini að um djúpvitra speki sé að ræða. Að baki býr þó ekki annað en von um að hlutirnir gangi akkúrat þannig fyrir sig. Engir fyrirvarar eru gerðir, enginn segir „þetta er nú mín skoðun,“ eða „eins og þetta blasir við mér,“ eða „ég held“. Orðunum er bara slengt fram, staðreyndir og skoðanir fara í einn graut og enginn veit hvort er hvað.

**AF** þessu má auðvitað hafa gaman. Og veitir nú ekki af upplyftingunni í kuldanum. Pólitík er hins vegar í eðli sínu talsvert alvörumál og álitaefnin oftast næg án þess að skrumi og blekkingum sé bætt við. Kjósendur eiga líka betra skilið. Þeir eru ekki bara atkvæði heldur fólkið í landinu með sínar þarfir og væntingar og þá eiga hvorki stjórnmálamenn né skríbentar að reyna að blekkja.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM






33% AFSLÁTTUR

**4GB MINNISLYKILL**

Glæsilegt úrval skemmtilegra minnislykla frá Satzuma nú á ótrúlegu tilboðsverði!

**1.990**

HENTUGT Í ALLA PAKKA



**PC320 G4ME**

- Ein bestu leikjaheyrnartól í heimi
- Opin hönnun tryggir hljómgæðin
- Stillanlegur Noise-Canceling MIC
- MIC sveiflað aftur til að slökkva
- Byggð úr sterku en fisléttu efni
- Fislétt og ótrúlega þægileg

**9.990**

SENNHEISER HEYRNARTÓL



10 ÞÚSUND AF ÖLLUM 10" FISTÖLVUM

**ASUS 10" FISTÖLVA**

Þessi er fislétt og frábær í skólann með örþunnum 10,1" LED skjá, 320GB disk og Windows 7 Starter

**39.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · DELL · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · SONY · TOSHIBA

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör




KALKÚNN
FRANSKUR

**985**
ÁÐUR 1.589 KR/KG

38% AFSLÁTTUR

# ÞAKKARGJÖRÐARKALKÚNN




HAMBORGAR-
HRYGGUR

35% AFSLÁTTUR

**1.293**
ÁÐUR 1.989 KR/KG

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




Réttir sem koma skemmtilega á óvart

498 KR PK

# FLJÓTLEGT & ÞÆGINLEGT

**PIZZUR**
460 G
FROSNAR




498 KR PK

359 KR PK




**HÁLFMÁNI**
SKINKA EÐA PEPPERONI
200 G

329 KR PK

**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
175G

99 KR PK




199 KR PK

**SPAGHETTI**
1 KG




**COCA COLA**
330 ML




79 KR STK



**KLEMENTÍNUR**
Í LAUSU

50% AFSLÁTTUR

195
ÁÐUR 389 KR/KG

**Tilboðin gilda 22. - 25. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**GYRÐIR ELÍASSON** Í Suðurglugganum finna Gyrðismenn sig á kunnuglegum slóðum, segir gagnrýnandi. „Allt gómsæta Gyrðisstöffið er þarna í réttum hlutföllum.“

# Eru ekki allir í stuði?

BÆKUR ★★★★★

**Suðurglugginn**
Gyrðir Elíasson
**UPPHEIMAR**



Sú tilfinning að ná ekki í gegn, ná ekki sambandi við annað fólk, standa utan við og á skjön við mannlegt samfélag, er líkt og rauður þráður gegnum allt höfundarverk Gyrðis Elíassonar.

Þetta kemur m.a. fram í búsetu sögumanna. Þeir eru oft einir, tímabundið, eða bara yfir höfuð – hafa ýmist verið yfirgefnir eða sjálfir tekið hatt sinn og staf og „lagst út“. Komið sér fyrir á eyðilegum stað, í kofa, í sumarhúsi, á gistiheimili utan alfaraleiðar, eða jafnvel á hóteli í smábæ.

Sögumaður Suðurgluggans er staddur ekki langt frá Reykjavík, í bústað vinar síns, sem hann hefur fengið léðan til þess að fá næði til að skrifa bók. „Enginn kemur að hitta mig, og það hentar mér vel,“ segir hann. Glíman við sköpunina tekur á og hann á í mestu erfiðleikum með að koma nokkru frá sér. Hann notar Olivetti-ritvél til skriftanna, en hún er hálfómöguleg, eins og rithöfundurinn sjálfur.

Útvarpið er glugginn út í veröldina, sögumaður hlustar á fréttir og þannig tengir heimurinn sig við hann; ástandið í Líbýu, Kólumbíu og Pakistan, hneyksli skekur Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og svo eru fregnir af skattaparadísum, sem sögumaður vill kalla skatthol. Gyrðir Elíasson þarf ekki að hrópa á torgum til þess að koma samfélagsádeilu til skila, heldur seytlar hún hljóðlega meðfram sögunni.

Útlegð persóna Gyrðis er oft sjálfskipuð og einsemdin sjálfvalin. Tilfinninguna fyrir einangrun þeirra fær lesandi þó ekki aðeins vegna staðsetningarinnar. Maðurinn er alltaf einn, jafnvel þegar hann er með öðrum. Sögumaður Suðurgluggans skrifar bréf sem hann sendir aldrei. Þau bréf sem hann fær sjálfur brennir hann óopnuð. Í bakgrunni er ástarsamband sem farið hefur út um þúfur, þó að ekki fái lesendur að vita mikið um það. Það hefur orðið eitthvert rof í samskiptum hans við annað fólk.

Í Suðurglugganum finna lesendur sig æ ofan í æ á kunnuglegum slóðum. Það er bókstaflega hægt að lesa bókina með tékklista á lofti og merkja við stef sem eru síendurtekin í verkum höfundarins. Þarna er hundur að sniglast. Mikið kaffi er drukkið. Dónalegt afgreiðslufólk sem sögumanninum stendur stuggur af … Allt gómsæta Gyrðisstöffið er þarna í réttum hlutföllum. Vísanir í bókmenntaverk, ísmeygileg fyndni og ádeila á samtímann. Allt er þetta óaðfinnanlega gert, eins og venjulega, og mikill fengur fyrir þau sem eru hrifin af Gyrði. Og fyrir þau sem hafa aldrei fílað hann (nýlega komst ég að því að þannig eintök eru til): Þið kunnið ekki gott að meta og munuð líklega ekki fíla þessa bók heldur.

*Ef menn eru að velta vöngum yfir fyrirsögninni, þá kemur þessi setning nokkrum sinnum fyrir í bókinni. En frómt frá sagt, þá eru þar fáir í stuði.

**Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Yndisleg bók, klæðskerasniðin að smekk þeirra sem hafa smekk fyrir verkum Gyrðis Elíassonar. Nú mega jólin sko koma fyrir mér.

# Hvað gerist þegar lífið tekur nýja stefnu?

Steve Lorenz er höfundur dansverksins … Og þá aldrei framar, eins fjögurra nýrra verka sem Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í kvöld. Hann er kóreógraf eigin verks, dansar í öðru verki sýningarinnar og er í undanúrslitum í Dans, dans, dans.

„Verkið heitir … Og þá aldrei framar og fjallar um ákvarðanir sem fólk þarf að taka í lífi sínu og hvernig þær ákvarðanir breyta lífi þess varanlega,“ segir Steve Lorenz, höfundur eins fjögurra verka sem Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í kvöld undir yfirskriftinni Á nýju sviði. „Stundum tekur lífið reyndar af fólki ráðin, það lendir í slysi til dæmis og þarf að aðlagast nýjum aðstæðum og ég er líka að fjalla um hvernig það fer að því.“

Tónlistin sem dansað er við er samsafn laga sem Steve segir vera „alternative“-tónlist og raftónlist.

Steve er höfundur verksins en dansar ekki í því sjálfur. Hann dansar hins vegar í verkinu Ótta eftir Ásgeir Helga Magnússon, Hjördísi Lilju Örnólfsdóttur og Unni Elísabet Gunnarsdóttur, sem er eitt verkanna fjögurra. Auk þess tekur hann þátt í undanúrslitum Dans, dans, dans á laugardagskvöldið. „Já, þetta er hektísk vika,“ segir hann. „En ég er ekkert stressaður, bara spenntur og hlakka til að sjá verkið mitt í endanlegri útgáfu. Þarf bara að passa að halda ró minni og skipuleggja mig vel.“

**Ég er lítill fiskur í þessari tjörn. En ég skil samt alveg að fólk velti þessu fyrir sér.**

Spurður hvort ekki sé ósanngjarnt gagnvart öðrum keppendum í Dans, dans, dans að þaulreyndir atvinnudansarar taki þátt segir Steve að hann geti ekki séð það. „Samkvæmisdansararnir eru líka atvinnufólk og hafa tekið þátt í heimsmeistarakeppni. Það hef ég aldrei gert, þannig að ég er lítill fiskur í þessari tjörn. En ég skil samt alveg að fólk velti þessu fyrir sér. Auðvitað hef ég mun meiri reynslu en flestir dansararnir þarna en ég held að þátttaka atvinnudansara hækki standardinn og hvetji hina dansarana til að gera sitt besta. Mér finnst öll atriðin mjög góð og hef ekki séð neinn stórkostlegan mun. Ég þurfti virkilega að leggja hart að mér til að komast áfram síðast.“

fridrikab@frettabladid.is



**UNGIR HÖFUNDAR** Verk sex ungra danshöfunda mynda sýninguna Á nýju sviði sem frumsýnd er í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**DANSAR Í ÓTTU** Steve dansar ekki í eigin verki en er hins vegar einn dansaranna í Óttu, einu fjögurra verka í sýningunni.

## Fjögur ný verk á Nýja sviðinu í kvöld

**Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í kvöld á Nýja sviði Borgarleikhússins fjögur verk eftir unga, upprennandi danshöfunda undir yfirskriftinni Á nýju sviði.**

**TIL eftir Frank Fannar Pedersen** fjallar um konu sem lifir á mörkum ímyndunar og raunveruleika og sækir danshöfundurinn innblástur í persónu Guðrúnar Ósvífursdóttur og ummæla hennar: „Þeim var ég verst er ég unni mest.“

**…OG ÞÁ ALDREI FRAMAR eftir Steve Lorenz** tekur á umpólun og breytingum. Það skoðar augnablik þegar eitthvað stórvægilegt gerist sem breytir lífi manns varanlega.

**ALLEGRO CON BRIO eftir Karl Friðrik Hjaltason** er samið utan um tónverk Dmitri Shostakovich og reynir Karl að draga fram upplifun sína af tónsmíðum Shostakovich.

**ÓTTA er eftir Ásgeir Helga Magnússon, Hjördísi Lilju Örnólfsdóttur og Unni Elísabet Gunnarsdóttur** en þau eru öll dansarar Íslenska dansflokksins. Ótta fjallar um óróleikann sem margir finna fyrir milli klukkan 03.00 og 06.00.

Hvílíkt snilldarverk er maðurinn!



Shakespeare beint í æð!
Í IÐNÓ
Mánudaginn 26. nóv. kl. 20:00
Aðeins þessi eina sýning!
Miðasala í Iðnó, sími 562 9700

# Forlagið með 37% skáldverka fyrir fullorðna

Forlagið gefur út 30 skáldverk og ljóðabækur í ár. Bjartur/Veröld og Uppheimar gefa út um tíu titla hvort.

Forlagið er sem fyrr atkvæðamesta útgáfufyrirtækið á sviði skáldsagna- og ljóðabókaútgáfu hér landi.

Sé mið tekið af skráningum í Bókatíðindi koma út 81 frumsamdar skáldsögur fyrir fullorðna, smásagnasöfn og ljóð út í ár. Þar af koma 30 verk út á vegum undir merkjum Forlagsins, sem er um 37 prósent af heildarútgáfunni í þessum flokkum.

Aðeins tvö forlög til viðbótar gefa út fleiri en þrjá titla í þessum flokkum í ár; Bjartur-Veröld gefur út tíu skáldverk og Uppheimar gefa út níu verk.

Tvö bókaforlög gefa út þrjú skáldverk, Óðinsauga og Tindur; sex gefa út tvo titla í þessum flokkum en fjórtán forlög og einstaklingar gefa út einn titil á þessu ári.

Alls eru 842 titlar skráðir í Bókatíðindi í ár, sem er met.

## Frumsamin íslensk skáldverk og ljóð í Bókatíðindum



Í dag kl.17-20

Fyrir áskrifendur Disney og vini



# Jólagleði Disney

Forsala á Jólasyrpunni!

20%-50% afsláttur af vörum




## Gerðu góð Disney kaup!

Náðu þér í Jólasyrpuna 2012 á undan öllum öðrum og gerðu frábær kaup í leiðinni. Fjölmörg skemmtileg tilboð á Disney-bókum og gjafavörum.

Komdu í kakó og piparkökur og taktu jólaskapið með þér á Jólagleði Disney í dag milli 17 og 20 í Pennanum, Hallarmúla 2 og Eymundsson, Hafnarstræti Akureyri.

edda Penninn Eymundsson 140

P.S. Taktu vini þína með!

©Disney / Pixar



**FÍLHARMÓNÍUSVEIT BERLÍNAR** Á hápunkti sínum var hljómsveitarleikurinn yfirgengilega kraftmikill, samstæður, áferðarfagur og litríkur og túlkunin rafmögnuð enda ætlaði allt um koll að keyra, segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Litrík, rafmögnuð, unaðsleg

TÓNLIST ★★★★★

**Berlínarfílharmónían á tónleikum**
Stjórnandi: Sir Simon Rattle
**HARPA, ÞRIÐJUDAGINN 20. NÓVEMBER**

Einar Pálsson skrifaði á sínum tíma umdeilda ritröð um rætur íslenskrar menningar. Hann færði þar rök fyrir því að margt í íslensku fornsögunum væri hluti af goðsagnaheimi Kelta og landa í kringum Miðjarðarhafið. Mér er sagt að hann hafi eitt sinn hitt skáldið og fræðimanninn Robert Graves, sem skrifaði um svipað efni. Einar var bæði víðlesinn og fróður, en þegar hann hitti Graves leið honum eins og tíu ára barni sem hafði villst inn í kennslustund í háskóla.

Mér datt þetta í hug á tónleikum Berlínarfílharmóníunnar undir stjórn Sir Simon Rattle á þriðjudagskvöldið. Við eigum svo sannarlega ágæta sinfóníuhljómsveit með frábæru tónlistarfólki. En munurinn á henni og Berlínarfílharmóníunni er samt gríðarlegur.

Ég sat á þriðja bekk fyrir hlé. Hljómsveitin hóf dagskrána á gömlum kunningja úr vísindaskáldsögunni 2001: A Space Odyssey. Það var Atmospheres eftir Ligeti. Tónlistin er mjög abstrakt. Hún virkar eins og hljómsveitarútsetning á raftónlist sem var í tísku um miðja síðustu öld. Hljómsveitin spilaði svo dásamlega vel, af svo gríðarlegri nákvæmni og fágun, að útkoman var ekki af þessum heimi. Málið er að nútímatónlist er oft ekki vel leikin. Fólk heldur þá að verkið sé leiðinlegt, því það hefur ekki samanburð við neitt annað. Þarna heyrðist glögglega hve Ligeti var magnað tónskáld.

Forleikurinn að fyrsta þætti Lohengrin eftir Wagner var næstur á dagskrá. Hann hófst í beinu framhaldi af Ligeti, það var ekkert stoppað á milli. Þar sem verkin eru mjög ólík var þetta nokkuð djarft. En það gekk fyllilega upp. Wagner og Ligeti voru svo skemmtilegar andstæður, tónlist þeirra hljómaði enn áhugaverðari fyrir vikið. Wagner byrjaði rólega, en hápunktarnir voru yfirgengilegir. Og fínleg blæbrigði voru meistaralega vel mótuð. Þegar maður situr framarlega er auðvelt að heyra minnstu misfellur í spilamennskunni. En hér var allt fullkomið. Strengjaleikurinn var svo ótrúlega samtaka og veikir tónar svo tærir og stöðugir að það var einfaldlega ekki hægt að gera betur.

> ➜ Hljómsveitin spilaði svo dásamlega vel, af svo gríðarlegri nákvæmni og fágun, að útkoman var ekki af þessum heimi. Málið er að nútímatónlist er oft ekki vel leikin. Fólk heldur þá að verkið sé leiðinlegt, því það hefur ekki samanburð við neitt annað. Þarna heyrðist glögglega hve Ligeti var magnað tónskáld.

Dansljóðið Jeux eftir Debussy var líka himneskt, fallega glitrandi og margbrotið. Og Daphnis og Chloe svítan nr. 2 eftir Ravel var hápunktur tónleikanna. Hún var yfirgengilega kraftmikil, hljómsveitarleikurinn unaðslega samstæður og litríkur, áferðarfagur og þéttur. Túlkun var bókstaflega rafmögnuð. Enda trylltust áheyrendur!

Ég færði mig um set í hléinu, fór aftast í salinn, þar sem hljómburðurinn er slakari. Eftir hlé var 3. sinfónían eftir Schumann á dagskrá og það var áhugavert að heyra muninn þar og á þriðja bekk. Upplifunin var eins og að vera með eyrnatappa. Vissulega er Harpa frábært tónleikahús, en það er ekki hægt að ætlast til að allt hljómi jafn vel þar, sama hvar maður situr. Þarna aftast heyrðust smáatriðin ekki jafn greinilega – en heildarhljómurinn var samt flottur. Þessi sinfónía Schumanns er reyndar ekki með hans bestu verkum, og satt að segja var hún hálfgerður antí-klímax á eftir Ravel. Engu að síður var flutningurinn stórkostlegur.

Ég heyrði Berlínarfílharmóníuna leika í París fyrir mörgum árum undir stjórn Herberts von Karajan. Það voru magnaðir tónleikar. Kvöldstundin nú var ekkert síðri.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Ótrúleg fágun, fullkomin tækni, stórkostleg túlkun.







# Avant-garður í bakgarði Kex

## Myndlistarkonur stefna saman þrettán listamönnum og endurtaka listgjörning.

Myndlistarkonurnar Ingibjörg Edda Jónsdóttir, Margrét Sesseljudóttir og Solveig Thoroddsen opna í annað sinn svonefndan Avant-garð nú um helgina.

Hinn fyrsti Avant-garður var haldinn í húsgarði við Miklubraut í sumar á eina óveðursdegi sumarsins. Að sýningunni stóðu Ingibjörg Edda Jónsdóttir, Margrét Sesseljudóttir og Solveig Thoroddsen. Fengu þær til liðs við sig tíu aðra listamenn og svo vel tókst til að leikurinn verður endurtekinn, en nú í bakgarði Kex hostels, við Hverfisgötu.

Ekkert þema er á sýningunni nema að það er gaman að leika sér úti. Verkin á sýningunni eru mjög fjölbreytt, þar má finna skúlptúra, hljóðverk, gjörninga, ljóð, ljósaskilti, ljósmyndir og innsetningar. „Okkur fannst spennandi að nýta umhverfið og aðstæðurnar sem bæði garðurinn, skammdegið og útivistin bjóða upp á,“ segir Solveig. Alls taka þrettán listamenn þátt í gjörningnum að þessu sinni, en auk þeirra þriggja sem áður eru nefndar eru Hulda Vilhjálmsdóttir og Steinunn Harðardóttir á meðal þátttakenda.



**SOLVEIG THORODDSEN** Stefnir saman myndlistarmönnum í Avant-garði.

Ný bók
eftir höfunda
*Góður matur
– gott líf í takt við
árstíðirnar*






# Krásir úr ofni

*Eldað og bakað í ofninum heima* er einstök bók fyrir alla sem njóta þess að útbúa góðan mat fyrir fjölskyldu og vini. Í þessari veglegu bók eru á annað hundrað girnilegra uppskrifta að fjölbreyttum réttum sem elda má í ofni, allt frá ljúffengum heimilismat að spennandi veisluföngum, ásamt brauði, freistandi kökum og öðru góðgæti. Einnig má finna margvíslegan fróðleik um mat og matargerð auk þess sem mismunandi bakstursaðferðum er lýst í máli og myndum, skref fyrir skref.

Bókina prýðir mikill fjöldi stórglæsilegra ljósmynda.



*Ómótstæðilegir fiskréttir*



*Langeldaðir kjötréttir*



*Meðlæti og grænmetisréttir*



*Fjölskylduvæn matargerð*



*Brauðbakstur*



*Hollari bakstur*



*Eftirréttir*



*Makrónur*



*Að breyta uppskriftum*



*Öðruvísi veislutertur*

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Sjaldheyrð verk eftir lærimeistara flestra tónlistarmanna

Caput-hópurinn flytur verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson á tónleikum í Kaldalónssal Hörpu á sunnudag.

Caput-hópurinn fagnar lokum 25. og upphafi þess 26. með þrennum tónleikum í Kaldalóni. Fyrstu tónleikarnir eru tileinkaðir tónskáldinu Þorkatli Sigurbjörnssyni og fara þeir fram næsta sunnudag klukkan fimm.

„Þorkell hefur verið lærimeistari flestra íslenskra tónlistarmanna, til dæmis má öruggt teljast að allir meðlimir Caput-hópsins hafi sótt tíma hjá honum. Það var því löngu kominn tími til að Caput héldi heila tónleika með verkum hans,“ segir í fréttatilkynningu frá hópnum sem



ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON

valdi í samráði við Þorkel verk sem hafa mjög sjaldan eða aldrei heyrst hér á landi. Þar á meðal verða þrjú verk sem hann samdi fyrir Þóru Johansen, semballeikara í Amsterdam, nú flutt á tónleikum á Íslandi í fyrsta sinn. Elsta verkið á tónleikunum, Oft vex leikur af litlu, var skrifað fyrir Gunnar Kvaran og Gísla Magnússon fyrir um það bil hálfri öld og hefur líklega ekki verið flutt hér í áratugi. Sönglögin við ljóð Jóns úr Vör um þorpið hafa sárasjaldan heyrst sem og Þrjú andlit úr látbragðsleik. Þá hafa Níu samhverfar rissur fyrir altflautu aldrei verið leiknar hér á tónleikum. Hverafuglarnir eru mest flutta verk þessara tónsmíða en verkið var skrifað fyrir Hafliða Hallgrímsson og Pétur Jónasson og frumflutt í Edinborg 1984 og oftsinnis síðar með Caput.

## Þorkell Sigurbjörnsson

Þorkell Sigurbjörnsson (f. 1938) lærði við Tónlistarskólann í Reykjavík með píanóleik sem aðalgrein. Að loknu prófi hér heima fór Þorkell til Bandaríkjanna og stundaði þar nám við Hamline-háskólann í Minnesota og meistaranám við Illinois-háskóla í Champaign-Urbana. Hann var formaður Tónskáldafélags Íslands á árunum 1983–88 og um skeið formaður Bandalags íslenskra listamanna. Hann starfaði um árabil með Musica Nova og kenndi tónfræði og tónsmíðar við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. er eitt kunnasta og afkastamesta tónskáld Íslands. Þekktastur er hann fyrir sálmalög sín, en meðal annarra verka á löngum ferli eru hljómsveitarverk, óratóría, barnaópera, rafverk, konsertar fyrir flautu, fiðlu, selló og kontrabassa, þrír strengjakvartettar og kammerópera. Þorkell hlaut heiðursdoktorsnafnbót frá Hamline-háskólanum 1999 og er félagi í Konunglegu sænsku tónlistarakademíunni.






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 22. NÓVEMBER 2012**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist Rangæinga og Skaftfellinga verður haldin í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Allir velkomnir og gott með kaffinu.

### Leikrit

**20.00** Artik sýnir einleikinn Hinn fullkomni jafningi eftir Felix Bergsson í Norðurpólnum við Gróttu.

### Málþing

**16.30** Örráðstefna um lungnakrabbamein verður haldin í Skógarhlíð 8. Þar koma fram læknar sem og einstaklingar sem greinst hafa með lungnakrabbamein, en það er annað algengasta krabbameinið hjá báðum kynjum. Áhersla verður lögð á að snemmgreining skiptir sköpum.

### Tónlist

**20.00** Kammerkór Reykjavíkur og karlakórsinn Stefnir halda tónleika í Dómkirkjunni. Stjórnandi er Julian Hewlett. Zbigniew Zuchowicz leikur á orgel og píanó. Einsöngur: Árni Gunnarsson, Heiðrún K. Guðvarðardóttir, Kristín R. Sigurðardóttir, Ólafur Geir Sverrisson og Vilborg Helgadóttir.

**20.30** Kvartett Sigurðar Flosasona kemur fram á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans í Norræna húsinu. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Auður Guðjohnsen flytur þekkta jazzslagara ásamt hljómsveit á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 500.

**22.00** Sara Blandon, Eðvarð Lárusson og Magnús Einarsson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Listamannaspjall

**17.00** Laura Luck verður með listamannaspjall í Listasafni Árnesinga. Spjallið fer fram á ensku og aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**12.05** Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur í stofu 106 í Odda. Mun hún fjalla um þýðingu sína á Perceval eða Sögunni af gralnum eftir Chrétien de Troyes.

**20.00** Steinar Ingi Farestveit og Stefán Pálsson deila vitneskju sinni um bókstafinn ð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Gísli B. Björnsson hönnuður mun einnig segja frá ólíkum kenningum um teiknun ð-sins í gegnum árin.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*




# HEIMILISTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.




KYNNINGAR VERÐ 59.999

**26" Haier LED sjónvarp**
LET26T1000HF
• Edge LED tækni með Slim hönnun • Full HD 1920x1080 • MEGA Contrast tækni - dýpri litir • Spilar beint af USB disk eða lykli • USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk • USB TimeShift - Settu sjónvarpið á pásu ! • DVB T/C stafrænn móttakari • Orkunotkun A



2.699

**Nef- og eyrnahárasnyrtir**
DO7032
• Hlaðanlegar hár- og skeggsnyrtiklippur
• 5 kambar fylgja með
• Er í fallegri gjafaöskju.



**Dolce Gusto kaffivél**
KP1000
Vélarnar sem allir eru að tala um.
• 15 bar • 1500W
• 0,6 l vatnstankur
• 6 hylki fylgja
• Kaffið tilbúið á nokkrum sekúntum

15.999

**Ísgerðarvél**
51096622
• Býr til ís eða sorbe á 10-12 mín
• Mjög auðvelt í notkun
• Tilvalið fyrir yngri kynslóðina
• Tvær skálar fylgja, 2x0,32 dl.
• Uppskriftir fylgja



10.999



**Vínflöskuopnari**
DO302WO
• Opnar flöskuna á örfáum sekúndum.
• Skerari fylgir með fyrir innsiglið.

2.999



**Muffinsjárn**
DO9053CM
• Bakar 8 muffins í einu
• 6 cm í þvermál á 10 mín.
• Auðvelt í notkun
• Viðloðunarfríar plötur
• Fljótlegt og þægilegt
• Auðvelt að þrífa
• Sparar tíma

7.999

Gildir til 29. nóvember á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**TÓNNINN GEFINN**
Trausti Júlíusson

# Endurhljóðblandað meistaraverk






**ENN FERSK** Blue Lines hefur staðist tímans tönn.

Hljómsveitin Massive Attack var einn af kyndilberum trip-hop tónlistarinnar sem var áberandi í Bretlandi á tíunda áratugnum. Hljómsveitin var stofnuð upp úr hipphopphópnum The Wild Bunch sem starfaði í Bristol-borg á níunda áratugnum. Árið 1988 var Massive Attack stofnuð sem hliðarverkefni út frá The Wild Bunch. Fyrsta plata sveitarinnar, Blue Lines, kom út árið 1991 og sló í gegn, ekki síst vegna smellsins Unfinished Sympathy sem Shara Nelson söng. Eftir það lá leiðin upp á við hjá Massive Attack. Hún gaf út fleiri flottar plötur og varð öflug tónleikasveit, eins og hún sýndi á frábærum tónleikum í Kaplakrika í júní 1997.

Síðasta mánudag kom út endurhljóðblönduð útgáfa af Blue Lines. Hún er fáanleg bæði sem einföld geislaplata og í viðhafnarútgáfu sem inniheldur plötuna á CD, hágæðamix á DVD og tvær vínylplötur. Blue Lines er oft nefnd sem fyrsta trip-hop platan. Þetta var sannkölluð tímamótaplata. Auk áhrifa frá hipphopptónlist, blandaði Massive Attack inn í tónlistina döbbi, fönki og fleiri hlutum. Um sönginn á plötunni sáu fyrrnefnd Shara Nelson, gamli reggíboltinn Horace Andy og hinn ungi og efnilegi Adrian „Tricky“ Thaws, sem var að hefja ferilinn. Auk þess kom Neneh Cherry við sögu í bakröddum.

Blue Lines hljómaði ótrúlega fersk og framsækin þegar hún kom út og eins og heyrist vel á nýju útgáfunni þá hefur hún engu tapað af sjarmanum rúmum tuttugu árum seinna. Hún er enn fersk og lögin níu eru hvert öðru betra.

## Í spilaranum







**Good Kid, m.A.A.d City** Kendrick Lamar
**Í tíma** Magnús & Jóhann
**Okkar menn í Havana** Sigurður Guðmundsson og Memfismafían


# Jólasagan þín

Fréttablaðið efnir til verðlaunasamkeppni um bestu frumsömdu jólasöguna.

Verðlaunasagan birtist í Fréttablaðinu á aðfangadag, myndskreytt af Halldóri Baldurssyni teiknara.

Samkeppnin er öllum opin.

Einu skilyrðin eru þau að sagan fjalli um jólin eða fangi anda jólanna með einum eða öðrum hætti. Lengdarmörk eru 1.000 til 1.300 orð en að öðru leyti eru efnistök frjáls. Sögur skal senda á netfangið jolasaga@frettabladid.is.

Skilafrestur er til 5. desember.

Fyrstu verðlaun eru Intel Pentium-fartölva frá Toshiba.

Verðlaun fyrir annað og þriðja sæti eru spjaldtölvur af gerðinni United.

Sigurlaunin eru frá Tölvulistanum.

tl.is TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ


# Nótnabók í stað venjulegrar plötu

Beck Hansen hefur gefið út „plötuna“ Song Reader sem er í raun nótnabók.

Bandaríski tónlistarmaðurinn Beck hefur gefið út plötuna Song Reader. Þetta er samt engin venjuleg plata því hún hefur aðeins að geyma nótur á blöðum og eiga þeir sem lesa þær að sjá sjálfir um tónlistarflutninginn.

Beck fékk hugmyndina að þessu skrítna verkefni um miðjan tíunda áratuginn þegar hann fékk sent til sín nótnablað þar sem hægt var að bæta píanó- og gítarspili við lögin. Nokkrum árum síðar heyrði hann söguna á bak við lagið Sweet Leilani sem Bing Crosby gaf út árið 1937. Lagið varð svo vinsælt að nótnablaðið með laginu seldist í 54 milljónum eintaka. Í grein sem Beck skrifaði um „plötuna“ sína í The New Yorker sagði hann að í þá daga hefði verið svo algengt að lög væru spiluð heima fyrir að næstum hálf bandaríska þjóðin hefði keypt nótnablað með aðeins þessu eina lagi. Hann heillaðist af þessum gamla tíma og hugsunarhætti og árið 2004 hóf hann að undirbúa verkefnið fyrir alvöru.

Song Reader er 108 blaðsíðna löng nótnabók með myndum og er hans ellefta plata á ferlinum ef það má kalla hana það. Eins og gefur að skilja kemur hún ekki út á geisladiski, vínyl eða á MP3.

„Þessi lög, þar á meðal tvö sem eru ósungin, eru mjög spennandi eins og búast mátti við af höfundinum,“ sagði útgefandinn Faber and Faber. „En ef þú vilt heyra Do We? We Do, eða Don't Act Like Your Heart Isn't Hard, verður þú sjálfur, lesandinn, að sjá til þess.“

Hægt er að hlusta á ýmsa spreyta sig á tónlistinni á vefsíðunni Songreader.net. Beck hefur sjálfur tekið upp prufuútgáfur af lögunum en býst ekki við því að gefa þær út.

Aðdáendur Beck sem kunna ekki að lesa nótur og hafa engan áhuga á að spila lögin hans sjálfir geta glaðst yfir því að hann er með aðra plötu í undirbúningi sem verður gefin út á hefðbundinn hátt. Í viðtali við ástralska útvarpsstöð sagðist hann hafa tekið hana að mestu upp 2008 og er að reyna að taka sér pásu frá störfum sínum sem upptökustjóri til að ljúka við hana.

freyr@frettabladid.is



**UNDARLEG ÚTGÁFA** Tónlistarmaðurinn Beck hefur gefið út plötuna, eða öllu heldur nótnabókina, Song Reader. NORDICPHOTOS/GETTY

## Upptökustjórinn Beck



Beck hefur starfað mikið við upptökustjórn að undanförnu fyrir hina ýmsu listamenn og því hefur hann haft minni tíma til að sinna eigin tónlist. Nú síðast tók hann upp lag kántrísöngvarans Dwights Yoakam, A Heart Like Mine, af nýrri plötu hans 3 Pears. Meðal annarra verkefna hans eru sólóplata Thurstons Moore úr Sonic Youth, Demolished Thoughts, plata Stephens Malkmus [úr Pavement] and the Jicks sem heitir Mirror Traffic og plata Charlotte Gainsbourg, IRM.



Ásgeir Trausti

## 15.11.2012 → 21.11.2012

### LAGALISTINN

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ 2 | Adele | Skyfall |
| ▼ 3 | Retro Stefson | Glow |
| ▼ 4 | Valdimar | Sýn |
| ▲ 5 | Jónas Sigurðsson | Hafið er svart |
| ▼ 6 | Rihanna | Diamonds |
| ▼ 7 | Ragnar Bjarnason/ Jón Jónsson | Froðan |
| ▶ 8 | Mumford & Sons | I Will Wait |
| ▶ 9 | Bruno Mars | Locked Out of Heaven |
| ▶ 10 | Of Monsters and Men | Mountain Sounds |

### TÓNLISTINN

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ 2 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| ▼ 3 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▼ 4 | Valdimar | Um stund |
| ▶ 5 | Skálmöld | Börn Loka |
| ▼ 6 | Of Monsters and Men | My Head Is an Animal |
| * 7 | Víkingur Heiðar Ólafsson/ Kristinn Sigmundsson | Winterreise |
| ▼ 8 | Jónas Sigurðsson | Þar sem himin ber við haf |
| ▼ 9 | Bjarni Arason | Elvis Gospel |
| * 10 | Sverrir Bergmann | Fallið lauf |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/ Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



ÍSLENSK TÓNLIST
Í JÓLAPAKKANN
Ásgeir Trausti
Skálmöld
BÖRN LOKA
Retro Stefson
Tilboðsverð
2.299
Fullt verð 2.899,-
Tilboðsverð
2.299
Fullt verð 2.899,-
Tilboðsverð
2.199
Fullt verð 2.799,-
20% afsláttur
af allri íslenskri tónlist 22. - 25. nóvember
Landsins mesta úrval af íslenskri tónlist
RÍÓ
3CD +DVD
Tilboðsverð
3.399
Fullt verð 4.299,-
2CD
Tilboðsverð
2.599
Fullt verð 3.299,-
Tilboðsverð
2.299
Fullt verð 2.899,-
Tilboðsverð
2.299
Fullt verð 2.899,-
NÝDÖNSK
CD+ DVD
Tilboðsverð
2.899
Fullt verð 3.699,-
Á rómantískum nótum
Tilboðsverð
2.299
Fullt verð 2.899,-
OKKAR MENN Í HAVANA
CD+ DVD
Tilboðsverð
2.799
Fullt verð 3.499,-
RAGGI BJARNA DÚETTAR
CD+ DVD
Tilboðsverð
2.899
Fullt verð 3.699,-
Elly Vilhjálms
DVD +CD
CD+ DVD
Tilboðsverð
3.199
Fullt verð 3.999,-
VALDIMAR
Tilboðsverð
2.199
Fullt verð 2.799,-
MOSES HIGHTOWER
Önnur Mósebók
Tilboðsverð
2.099
Fullt verð 2.699,-
Ávaxtakarfan
CD+ DVD
Tilboðsverð
2.599
Fullt verð 3.299,-
TILBOÐSVERÐ GILDA FRÁ 22.-25. NÓVEMBER
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS
S·K·Í·F·A·N

# Barist við illan anda

**The Possession er ný mynd eftir Ole Bornedal. Illur andi tekur yfir líkama ungrar stúlku. Gagnrýnandinn Roger Ebert gefur myndinni nánast fullt hús stiga.**

Hrollvekjan The Possesion eftir danska leikstjórann Ole Bornedal verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Bornedal vakti fyrst athygli með spennumyndinni Nattevagten frá árinu 1994. Sú mynd hlaut frábæra dóma og aðsókn en var síðar endurgerð í Hollywood með þeim Ewan McGregor og Patriciu Arquette í aðalhlutverkum og farnaðist þá verr í kvikmyndahúsum

Kvikmyndin segir frá Clyde Brenek sem er nýskilinn við eiginkonu sína, Stephanie, og eiga þau saman tvær unglingsdætur; Emily og Hönnuh. Þegar stúlkurnar heimsækja föður sinn á nýju heimili hans í fyrsta sinn, detta þau inn á garðsölu í nágrenninu. Þar finnur Emily gamlan kistil sem hún heillast af og ákveður Clyde að kaupa hann handa dóttur sinni.

Við nánari athugun virðist ómögulegt að opna kistilinn, en Emily tekst það að lokum og í kjölfarið byrja óútskýranlegir og hræðilegir hlutir að henda stúlkuna og fólkið í kringum hana.

Leikarinn Jeffrey Dean Morgan fer með hlutverk Clydes Brenek og leikur Kyra Sedgwick fyrrverandi eiginkonu hans, Stephanie. Natasha Calis og Madison Davenport fara með hlutverk systranna Emily og Hönnuh Brenek. Með önnur hlutverk fara Grant Davenport og reggítónlistarmaðurinn Matisyahu.

Kvikmyndin hefur fengið misjafna dóma. Kvikmyndagagnrýnandinn Roger Ebert gefur The Possesion næstum fullt hús stiga og segir hana vera frábæra hrollvekju. „The Exorcist hefur verið fyrirmynd fjölda kvikmynda, og þessi [The Possesion] er ein af þeim bestu,“ sagði Ebert um myndina.

Aðrir gagnrýnendur fara ekki jafn lofsamlegum orðum um myndina og segja handritið klisjukennt og fyrirsjáanlegt. The Possesion fær 39 prósentustig í einkunn frá gagnrýnendum á vefsíðunni Rottentomatoes.com og 52 prósentustig frá áhorfendum.

**39%** í einkunn fær myndin á kvikmyndavefnum Rottentomatoes.com.

**13** ára er Natasha Calis, sem fer með hlutverk Emily Brenek.



**ANDSETIN** The Possession segir frá ungri stúlku sem er andsetin. Myndin þykir minna um margt á The Exorcist.

### ➜ Kistillinn sem hræddi alla

Handrit The Possession er innblásið af dularfullum kistli sem gekk kaupum og sölum á sölusíðunni eBay. com. Kistillinn var sagður hýsa „dybbuk“ sem samkvæmt þjóðsögum Gyðinga er illur andi sem fastur er í þessum heimi. Eigandi kistilsins, Jason Haxton, bauðst til þess að senda framleiðanda The Possession, Sam Raimi, kistilinn til að nota í myndinni en sá afþakkaði boðið. „Ég vildi ekkert með þennan kistil hafa. Ég er dauðhræddur við hlutinn. Ég hafði aldrei heyrt talað um dybbuk í samkunduhúsinu, en þekkti söguna um The Exorcist vel. Þegar ég kynnti mér frekar þjóðsögur Gyðinga fékk ég hroll inn að beini,“ sagði Raimi í viðtali við Entertainment Weekly.

Jeffrey Dean Morgan, aðalleikari myndarinnar, sagðist ekki geta hugsað sér að handleika hinn raunverulega kistil. „Á meðan ég vann rannsóknarvinnuna fór ég að finna fyrir mikilli hræðslu. Kærasta mín bað mig um að halda mig fjarri kistlinum.“




ÚTGÁFUBOÐ!

Verið hjartanlega velkomin að fagna með okkur útgáfu *Hvítfeld – fjölskyldusögu* eftir Kristínu Eiríksdóttur **í Bókabúð Máls og menningar 22. nóvember kl. 17.00.**

LÉTTAR VEITINGAR OG UPPLESTUR




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*




**LÉTTGEGGJUÐ** Bradley Cooper og Jennifer Lawrence leika léttklikkaða einstaklinga í gamanmyndinni Silver Linings Playbook.

# Léttar frumsýningar í bíóhúsum landsins

**Fengist við geðraskanir, niðurskurð og tímaflakk á spaugilegan hátt auk þess sem hreindýrastrákurinn Nikó snýr aftur í sinni annarri teiknimynd.**

Bradley Cooper, Jennifer Lawrence og Robert De Niro fara með aðalhlutverkin í gamanmyndinni Silver Linings Playbook. Myndin fjallar um Pat Solatano, leikinn af Cooper, sem er með allt niður um sig í lífinu. Hann er lagður inn á stofnun fyrir fólk sem á við geðræn vandamál að stríða og eftir átta mánuði þar flytur hann aftur heim í foreldrahús. Hugsanir hans eru þó margar hverjar helst til klikkaðar og þegar hann kynnist Tiffany, sem er jafnvel klikkaðri en hann, myndast flókið en sérstakt samband þeirra á milli.

Fjölskyldumyndin Here Comes the Boom fjallar um líffræðikennarann Scott Voss, leikinn af Kevin James. Voss er annt um starf sitt og nemendur og þegar skólinn sem hann kennir við stendur frammi fyrir miklum niðurskurði ákveður hann að taka til hendinni. Hann skráir sig í fjölda UFC-bardaga í þeirri von að ná að safna nægum peningum til að bjarga skólanum.

Önnur teiknimyndin um hreindýrastrákinn Niko kemur einnig í bíó um helgina. Að þessu sinni lendir hann í fjörugum ævintýrum á milli þess sem hann verst hættunni frá Hvítu úlfynjunni sem telur sig eiga harma að hefna gegn honum.

Bíó Paradís frumsýnir myndina Safety Not Guaranteed í kvöld. Hún fjallar um þrjá blaðamenn sem komast í samband við mann sem telur sig hafa fundið lykilinn á bak við tímaflakk. Hann býður þeim með sér í mikla ævintýraferð. **- trs**



**VIÐUNDRIN** Kvikmyndin Freaks verður sýnd á Svörtum sunnudegi í Bíó Paradís.

## Svartir dagar í Bíói Paradís

Svartir sunnudagar nefnist dagskrárliður í Bíói Paradís sem fram fer öll sunnudagskvöld. Aðstandendur Svartra sunnudaga eru Hugleikur Dagsson, Sjón og Sigurjón Kjartansson og hafa þeir staðið fyrir sýningum á myndum sem falla undir költ-flokkinn.

Tónlistarmaðurinn Páll Óskar Hjálmtýsson hefur verið fenginn til liðs við þá félaga og mun hann standa fyrir sérstöku Todd Browning kvöldi næstkomandi sunnudag. Þá verða sýndar tvær myndir í leikstjórn Browning; Dracula frá 1931 og Freaks frá 1932. Páll Óskar mun einnig halda stuttan fyrirlestur um Browning, sem var gerður útlægur úr Hollywood eftir gerð hinnar umdeildu kvikmyndar Freaks.

Freaks var byggð á smásögu eftir Tod Robbins sem bar titilinn Spurs og kom út árið 1923. Browning, sem hafði starfað í nokkur ár hjá farandsirkus, fékk fólk með raunverulega fötlun til að leika í myndinni í stað leikara. Þetta vakti hörð viðbrögð meðal almennings og var myndin meðal annars bönnuð á Englandi í þrjátíu ár. Eftir að Freaks kom út átti Browning í erfiðleikum með að finna vinnu og leið ferill hans undir lok skömmu síðar.

Sýningar hefjast klukkan 20 í Bíói Paradís.



**PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON**




# 20-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

AFSLÁTTURINN GILDIR TIL 1.DES







## sævar karl.
*reykjavík*

KENZO
PARIS

ALEXANDER WANG

BALDESSARINI

SCHUMACHER

Rocco P.

van Laack

EMPORIO ARMANI

saevarkarlverslun | HVERFISGÖTU 6 S. 551 3470

# Jólasveinarnir á fullu í desember

Nokkrir þeirra rauðklæddu eru þegar komnir til byggða og undirbúa sig nú í óðaönn fyrir annasamasta tíma ársins. Aðfangadagur er þeim strembnastur en jafnframt skemmtilegasti dagur ársins að sögn umboðsmanns þeirra, Bendts Harðarsonar.

„Fyrstu heimsóknirnar verða núna um helgina svo þeir eru byrjaðir að detta niður úr Esjunni,“ segir Bendt Harðarson, umboðsmaður jólasveinanna og einn eigenda Jólasveinaþjónustunnar Skyrgáms. Bendt segir bræðurna þrettán afar upptekna á þessum tíma árs en aðspurður segir hann Skyrgám gera út yfir 300 jólasveina hver jól. „Heimsóknirnar eru færri þar sem þeir fara stundum nokkrir saman,“ segir hann. Aðfangadagur er þeirra annasamasti dagur og fóru Skyrgámur og félagar til að mynda á 60 staði þann 24. desember 2011. „Þetta er strembinn dagur og jólasveinarnir rétt ná heim í jólamatinn en þetta er jafnframt skemmtilegasti dagur ársins,“ segir Bendt. Jólasveinaþjónusta Skyrgáms hefur verið í samstarfi við jólasveinana í fimmtán ár og er því orðin sjóuð í bransanum.

Félagarnir Magnús Ólafsson og Þorgeir Ástvaldsson eru einnig sjóaðir í jólasveinabransanum, enda hafa þeir verið viðloðandi hann frá árinu 1981. „Við urðum góðir vinir Hurðaskellis og Stúfs þá og höfum lent í ýmsum ævintýrum með þeim síðan,“ segir Magnús og vill meina að börnin hafi ekki breyst mikið í gegnum árin en jólaböllin og hugarfar foreldranna hafi breyst meira. „Börnin eru alltaf jafn skemmtileg, en áður fyrr var mikið um risastór jólaböll. Metnaðurinn fyrir þeim virðist hafa minnkað,“ segir Magnús. Þeir félagar fara um hvippinn og hvappinn á hverju ári til að skemmta börnum og alltaf hafa þeir nikkuna með í för. „Þetta er samt erfitt. Eitt árið ákváðum við að bæta fugladansinum inn í prógrammið. Mér fannst það stórgóð hugmynd þar til ég þurfti að framkvæma hana. Þorgeir slapp vel því hann stóð uppi á sviði með nikkuna á meðan ég var dansandi úti í sal. Svo vorum við jafnvel með nokkur böll í röð. Ég var alveg búinn á því eftir slíka daga, enda ekkert venjulega þungur,“ rifjar Magnús upp og hlær. „En það er svo gaman að skemmta börnunum. Þó þau togi í skeggið og klípi mann. Maður klípur þau þá bara til baka,“ bætir hann við.

tinnaros@frettabladid.is



**GÓÐHJARTAÐIR** Skyrgámur styrkir Hjálparstarf kirkjunnar. Grýla og Skyrgámur afhenda hér Jónasi Þóri Þórissyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfsins, styrk. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Yfir sex milljónir gefnar til hjálparstarfs

Frá því að jólasveinaþjónusta Skyrgáms hóf starfsemi sína árið 1997 hafa jólasveinarnir alltaf gefið 20% af veltu jólasveinaheimsóknanna til Hjálparstarfs kirkjunnar. Árlega er um talsverða summu að ræða og á þessum fimmtán árum hafa þeir gefið yfir sex milljónir. „Fyrst var peningurinn eyrnamerktur börnum í Mósambík og Indlandi en núna fer hluti hans í hjálparstarf hérna á Íslandi líka,“ segir Bendt Harðarson. Jólasveinarnir kíkja við á skrifstofu Hjálparstarfsins árlega og afhenda peninginn persónulega áður en þeir halda aftur upp í Esju.



**LENGI AÐ** Þeir Magnús og Þorgeir hafa þekkt Hurðaskelli og Stúf í rúm þrjátíu ár og skemmta sér alltaf mjög vel með þeim. MYND/ÚR EINKASAFNI



**HANDTEKNIR** Hurðaskellir og Stúfur náðu að gefa Alberti Guðmundssyni alþingismanni epli áður en Hurðaskellir var handtekinn og Stúfur komst undan á hlaupum. MYND/FRIÐÞJÓFUR HELGASON


**Nytjamarkaður Mjódd**

**Nýopnaður í Mjóddinni**

HJÁLPRÆÐISHERINN

Opið þriðjudaga miðvikudaga og föstudaga kl 13-18

**Komið og gerið góð kaup. Styrkið gott málefni!**



*Ertu að hósta úr þér lungunum?*

Lungnakrabbamein
– snemmgreining skiptir sköpum

**Örráðstefna í dag**
**kl. 16:30-18:00**
**í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins**
**Skógarhlíð 8 í tengslum við alþjóðlegan**
**árveknidag gegn lungnakrabbameini**

| | |
|---|---|
| 16:30-16:35 | *Ráðstefnan sett.* **Sigrún Lillie Magnúsdóttir** forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins. |
| 16:35-16:40 | *Ráðgjafarþjónustan.* **Ásdís Káradóttir** hjúkrunarfræðingur segir frá þjónustunni. |
| 16:40-16:45 | *Lungnahópur – fyrir hverja?* **Ingibjörg Þorleifsdóttir** segir frá sinni reynslu í lungnahóp og kynnir www.lungnakrabbamein.is |
| 16:45-16:55 | *Einkenni og greiningarferlið.* **Hrönn Harðardóttir** lungnalæknir. |
| 16:55-17:05 | *Nýjungar í lyfjameðferð.* **Agnes Smáradóttir** krabbameinslæknir. |
| 17:05-17:15 | *Nýjungar í skurðmeðferð við lungnakrabbameini.* **Tómas Guðbjartsson** skurðlæknir. |
| 17:15-17:35 | *Lengra og betra líf.* **Alice Skjold Braae** formaður dönsku lungnasamtakanna segir frá mikilvægi árvekninnar. |
| 17:35-17:50 | *Jafnvægi í daglegu lífi.* **Þórunn Gunnarsdóttir** iðjuþjálfi á Reykjalundi. |
| 17:50-18:00 | *Ávextir og spjall.* |

**Fundarstjóri: Felix Bergsson** leikari.

Allir velkomnir – ókeypis aðgangur

Krabbameinsfélagið Roche LANDSPÍTALI




**GÓÐ SLÖKUN** Sjálfsfróun er frábær leið til að slaka á. Sjálfsfróun er einnig kjörin leið til að læra á eigin líkama. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sjálfsfróun góð leið til slökunar

**?** Ég er 18 ára stúlka og hef aldrei verið í sambandi. Hins vegar hugsa ég mjög oft um kynlíf og/eða dagdreymi um það. Einnig hef ég lesið mér mikið til um kynlíf og allt sem því fylgir og bíð oft spennt eftir að lesa þínar greinar, sem eru í algjöru samræmi við allt sem ég hef lesið.

Eins og ég nefndi áðan hef ég aldrei verið í sambandi en miðað við það litla sem ég hef upplifað og gert sjálf, varð ég mjög vör um sjálfa mig og mína kynhvöt. Núna hugsa ég nærri því stanslaust um kynlíf og hvenær ég gæti haft tíma til að stunda sjálfsfróun (og geri það reglulega). Mín spurning er: Þegar maður stundar sjálfsfróun, kannski oftar en einu sinni á klukkutíma, gerist eitthvað annað en bara líkamleg þreyta? Ég hef lesið á netinu að maður gæti misst kaloríur á því að stunda sjálfsfróun, ætti það að hafa einhver áhrif á þyngd mína eða hvort að ég léttist? Allt sem ég veit um kynlíf hef ég fundið sjálf á netinu, kynlífsfræðsla í grunnskólanum mínum var ekki mjög mikil og man ég lítið eftir henni.

• • •

**SVAR** Þegar stórt er spurt, er margt um svör! Það er fullkomlega eðlilegt að vera forvitin um kynlíf og að hugsa um það. Þú þarft ekkert að hafa verið í sambandi eða stunda kynlíf með einhverjum öðrum til að geta notið þess og langað í meira. Við eigum endalaust inni af fullnægingum en ég myndi passa að hlusta á píkuna og ef hún er orðin þreytt (eða höndin) þá getur verið gott að gera smá hlé. Það er samt frábært að þú skulir stunda sjálfsfróun og þar mættu fleiri konur taka þig sér til fyrirmyndar því þetta er kjörin leið til að læra á eigin líkama og svala kynlífslöngun. Þetta er einnig lærdómur sem kemur sér vel fyrir þig ef þú stundar kynlíf með öðrum síðar.

Það eru til ýmsar tilgátur um brennslu hitaeininga í kynlífi en nú þekki ég það ekki nægilega vel til að tjá mig um það. Ef þú ert að pæla í þessu sem einhvers konar brennslu þá gætirðu eflaust haft púlsmæli og reynt frumlegar stellingar og ákveðinn hamagang við fróunina. Eða farið fyrst að hreyfa þig og verðlaunað eftir á með smá kósístund í rólegheitum. Sjálfsfróun er frábær leið til slaka á, fá hamingjuhormón til að streyma um líkamann og jafnvel slá á verki eins og höfuðverk eða vegna blæðinga. Njóttu þess að veita sjálfri þér unað og fræðast um kynlíf. Sambönd og allt það kemur svo bara seinna.

**KYNLÍF** **TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**VILL EKKI STAÐFESTA** Margir tískumiðlar segja að Christopher Kane sé næsti yfirhönnuður Balenciaga.

# Sagður taka við Balenciaga

Skoski fatahönnuðurinn Christopher Kane er sagður vera nýr yfirhönnuður franska tískuhússins Balenciaga. Þar með tekur hann við keflinu af Nicolas Ghesquiere, sem hætti snögglega fyrr í mánuðinum.

Hvorki tískuhúsið né Kane vilja staðfesta orðróminn sem gengur um netheima en búist er við að Kane hefji störf 1. desember. Hann hefur áður haft umsjón með dótturmerki Versace, Versus, en síðastliðin fimm ár hefur Kane hannað undir eigin nafni við góðan orðstír. Hann er þekktur fyrir að fara óhefðbundnar leiðir í lita- og efnavali en fatalínur hans hafa vakið mikla athygli tískumiðla. Þannig smellpassar hann inn í Balenciaga-tískuhúsið þar sem hefð hefur skapast fyrir óhefðbundnum leiðum í fatahönnun.



Miklar mannabreytingar hafa verið undanfarið hjá stóru tískuhúsunum. Hedi Slimane fór til YSL, sem nú heitir Saint Laurent og Raf Simons fór til Dior.

# NÍUHUNDRUÐ NÝIR TITLAR

*Þú finnur gjöfina í Eymundsson*






**Vildarverð kr. 4.799,-**
Ósjálfrátt
Auður Jónsdóttir
Verð kr. 6.499,-




**Vildarverð kr. 3.999,-**
Augu Líru
Eva Joly/Judith Perrignon
Verð kr. 5.699,-




**Vildarverð kr. 4.499,-**
Kuldi
Yrsa Sigurðardóttir
Verð kr. 6.499,-




**Vildarverð kr. 3.999,-**
Reykjavíkurnætur
Arnaldur Indriðason
Verð kr. 6.499,-




**Vildarverð kr. 4.799,-**
Kantata
Kristín Marja Baldursdóttir
Verð kr. 6.499,-




**Vildarverð kr. 4.799,-**
Ár kattarins
Árni Þórarinsson
Verð kr. 6.499,-




**Vildarverð kr. 4.699,-**
Undantekningin
Auður Ava Ólafsdóttir
Verð kr. 6.299,-




**Vildarverð kr. 4.699,-**
Fyrir Lísu
Steinunn Sigurðardóttir
Verð kr. 6.299,-




**Vildarverð kr. 3.999,-**
Mensalder
Bjarni Harðarson
Verð kr. 5.699,-




**Vildarverð kr. 4.699,-**
Sjóræninginn
Jón Gnarr
Verð kr. 6.299,-




**Vildarverð kr. 4.699,-**
Töfrahöllin
Böðvar Guðmundsson
Verð kr. 6.299,-




**Vildarverð kr. 4.699,-**
Skáld
Einar Kárason
Verð kr. 6.299,-

Skráðu þig í Vildarklúbb Eymundsson
í næstu heimsókn og fáðu afsláttinn um leið.

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*
140 ára

Tilboð gilda til og með 28.11.12 til meðlima í Vildarklúbb Eymundsson.

# Afar myndrænar og lifandi persónur

Sigurjón Sighvatsson hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn á Kulda, nýrri glæpasögu Yrsu Sigurðardóttur.

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson hefur tryggt sér réttinn á nýrri spennusögu Yrsu Sigurðardóttur, Kulda, sem kom út fyrir helgi.

Kuldi er sjálfstæður tryllir í anda bókar Yrsu, Ég man þig, sem Sigurjón hefur þegar keypt réttinn á og fer myndin í tökur á næsta ári. „Kuldi sýnir enn á ný að Yrsa er einstakur höfundur sem hefur tök á lesandanum frá upphafi til enda," segir Sigurjón. „Það andrúmsloft og þær persónur sem hún skapar í bókum sínum henta þar að auki vel kvikmyndaforminu, þar sem sögurnar eru afar myndrænar og persónurnar lifandi. Að mínu mati er Kuldi ef eitthvað er enn sterkari og áhrifameiri bók en Ég man þig og staðfestir að Yrsa er rithöfundur á heimsmælikvarða."



**ÁNÆGÐUR** Sigurjón Sighvatsson er ánægður með að hafa tryggt sér kvikmyndaréttinn á Kulda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Yrsa, sem er á upplestrarferð um Þýskaland, segist himinlifandi með að Sigurjón skuli hafa keypt réttinn á Kulda. Bókin geti ekki verið í betri höndum en hjá honum.

Sigurjón hefur framleitt hátt í fimmtíu kvikmyndir og sjónvarpsseríur, aðallega sem sjálfstæður framleiðandi í Hollywood. Kvikmynd hans Wild at Heart í leikstjórn Davids Lynch hlaut Gullpálmann í Cannes á sínum tíma. Meðal leikara sem hann hefur unnið með eru Harrison Ford, Robert DeNiro, Jeff Bridges, Tim Robbins, Nicholas Cage, Natalie Portman og Toby Maguire. -fb








**HÆTT VIÐ** Britney Spears er sögð hafa hætt við brúðkaup þeirra Jasons Trawick.

## Hætt við brúðkaupið

Söngkonan Britney Spears er sögð vera hætt við að ganga í það heilaga með unnusta sínum, Jason Trawick. Ástæðan er síendurtekin rifrildi milli þeirra.

Samkvæmt Radaronline.com átti brúðkaupið að fara fram í lok desember en eftir röð rifrilda hefur parið snöggleg hætt við þau áform. „Þau sögðu vinum sínum að brúðkaupinu yrði frestað. Britney finnst Jason ekki skemmtilegur lengur og finnst hann haga sér meira eins og foreldri en ástmaður," hafði vefsíðan eftir heimildarmanni sínum.

## Heldur áfram eftir Paradis

Ofurtöffarinn og kyntröllið Johnny Depp var ekki lengi að gráta eiginkonu sína Vanessu Paradis þegar þau skildu í júní. Hann var fljótlega orðaður við hina tvíkynhneigðu mótleikkonu sína, Amber Heard, og virðist samband þeirra standa sterkum fótum. Heimildir herma að hann sé meira að segja búinn að játa henni ást sína. Margir vilja meina að þau hafi verið byrjuð að slá sér upp áður en hann skildi við Paradis og að hún sé í raun ástæða skilnaðarins.



**LEIKRIT Á LEIÐINNI** Leikrit byggt á reynslu Nikki Sixx er væntanlegt á Broadway.

## Heróíndagbók á Broadway

Til stendur að setja upp á Broadway leikrit byggt á bók Nikki Sixx, bassaleikara Mötley Crüe, The Heroin Diaries: A Year in the Life of a Shattered Rock Star.

Þetta staðfesti hinn 53 ára Sixx á Twitter- og Facebook-síðum sínum. „Verkefnið er komið frekar langt á veg. Vonandi kemur leikritið á fjalirnar seint árið 2013 eða snemma 2014," skrifaði hann. Bókin er byggð á dagbókarfærslum Sixx frá árunum 1986 til 1987, eða um svipað leyti og platan Girls, Girls, Girls kom út. Sixx lést næstum vegna of stórs heróínskammts árið 1987.



**FYRIR ANDREW** Myndbandið var tekið upp fyrir tíma Emmu og Andrew. NORDICPHOTOS/GETTY

## Lumar á gömlu kynlífsmyndbandi

Eins og svo margar aðrar Hollywood-stjörnur virðist leikkonan Emma Stone luma á kynlífsmyndbandi. Crazy, Stupid Love stjarnan gerði myndbandið meðan hún var enn ung og vitlaus og löngu áður en núverandi kærasti hennar, Andrew Garfield, kom til sögunnar. Segir sagan að mótleikari hennar í myndbandinu eigi þó enn afrit af því. Það hefur ekki lekið út enn þá og vonar Emma að svo haldist. „Emma ber enga virðingu fyrir stjörnum eins og Kim Kardashian og Paris Hilton sem urðu frægar af því þær létu kynlífsmyndband af sér leka á netið,“ lét heimildarmaður náinn henni hafa eftir sér.



**HANDAHÓFSKENNT MYNDBAND** Taylor Swift segir myndbandið við We Are Never Ever Getting Back Together handahófskennt í anda „indie“-myndbanda. NORDICPHOTOS/GETTY

## Handahófskennt vídeó

Taylor Swift ræddi hugmyndina að baki tónlistarmyndbandinu við lagið We Are Never Ever Getting Back Together, en söguþráðurinn þykir nokkuð óljós. Söngkonan sagðist hafa verið að heiðra „indie“-tónlistarfólk með myndbandi sínu.

„Veistu þegar maður horfir á „indie“-myndbönd og maður hugsar: „Af hverju eru þau á kafi, á stólum sem eru á hvolfi og af hverju er mynd af fiðrildi myndvarpað handahófskennt í bakgrunninn?“ Okkur langaði að taka hattinn ofan fyrir þessum handahófskenndu „indie“-myndböndum. Af hverju eru skógardýr í myndbandinu mínu? Það veit enginn. Af hverju er ég í náttfötum? Það veit enginn. Af hverju er ég allt í einu með gleraugu? Það veit enginn,“ sagði söngkonan í viðtali við New York Times.

# Réð til sín breskan hljóðversgítarleikara

Tónlistarmaðurinn Hjörtur Geirsson borgaði Nigel Cuff góðan pening fyrir aðstoð á nýjustu plötunni sinni.

Tónlistarmaðurinn Hjörtur Geirsson réð breska hljóðversgítarleikarann Nigel Cuff til að spila inn á nýjustu plötuna sína, Watch the Bird Fly (The Raven).

Upptökur fóru fram í hljóðveri Hjartar í Reykjavík og hjá Cuff í Englandi. Sá breski annaðist einnig hljóðblöndun og lokafrágang. Aðspurður segist Hjörtur hafa borgað Cuff góðan pening fyrir aðstoðina. „Ég man ekki hvað ég borgaði honum í heildina. Það voru hundruð þúsunda sem fóru í þetta.“

Samstarf þeirra fór fram í gegnum tölvu, en Cuff er með hljóðver í Bournemouth. „Hann er sérhæfður popp-rokk gítarleikari sem hentaði mér mjög vel. Ég get sjálfur séð um bassaleik og rytmagítar. Svo syng ég líka og er með bakraddir í nokkrum lögum,“ segir Hjörtur, sem segist vel geta hugsað sér að ráða hljóðversspilara í næstu verkefni sín.

Hann gefur plötuna út sjálfur og hafa bæði Cdbaby og Amadeamusic séð um dreifinguna. Einnig er hægt að finna lög af henni á síðunum Soundcloud, Myspace og Youtube. - fb



**RÉÐ HLJÓÐVERSSPILARA** Hjörtur Geirsson réð breskan gítarleikara til að spila inn á plötuna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Jóla-kaupaukinn!




„Raspberry body butter"-húðnæring að andvirði 2490 kr.
fylgir með sem kaupauki þegar verslað er fyrir 5990 kr.
eða meira í Body Shop um þessar mundir.
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

THE BODY SHOP™

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI

# Samsamaði sig sjóræningjum

Sjóræninginn er önnur bókin í þríleik Jóns Gnarr. Bókin fjallar um einelti sem Jón varð fyrir, kynnin við pönkið og flóttann á Hlemm.

„Þetta er sjálfstætt framhald Indjánans. Sjóræninginn segir frá Hlemmsárunum mínum, þegar ég er á aldrinum þrettán til fimmtán ára. Í stórum dráttum segir bókin frá því þegar ég lýk barnaskóla og fer í Réttarholtsskóla. Þar varð ég fyrir miklu einelti og lenti í ákveðnum erfiðleikum, svo kynnist ég pönkinu og fer að hanga á Hlemmi,“ segir Jón Gnarr borgarstjóri um nýútkomna bók sína, Sjóræningjann. Bókin er skálduð ævisaga líkt og fyrri bók Jóns, Indjáninn.

Jón hóf að semja Sjóræningjann stuttu eftir að hann lauk við þá fyrri, en ákvað að bíða með útgáfu bókarinnar þar til nú. „Ég vildi ekki gefa hana út strax því ég var ekki tilbúinn til þess. Í fyrra þótti mér tíminn kominn og ég settist niður og las bókina yfir og fíniseraði hana. Mér fannst mikilvægt að koma henni út, það skiptir svo miklu máli fyrir þá sem eru í líkum aðstæðum og ég var, að fá sögu einhvers sem hefur farið í gegnum það sama. Það virkar sem hvatning og veitir samhug. Á sama tíma var þetta þerapía fyrir mig og ég uppgötvaði margt í sambandi við mitt líf, og lífið almennt, við að skrifin. Bókin fékk mig til að skilja betur hver ég er og úr hverju ég er.“

## Útpældur bókartitill




Frosti Gnarr, sonur Jóns, hannar bókarkápu Sjóræningjans, en á henni má sjá mynd af húðflúri sem Jón fékk sér nítján ára gamall. „Kápan er mjög persónuleg. Það er mýta að sjóræningjar hafi verið illmenni, þeir voru fólk sem var gjarnan á flótta undan illmennum. Fólk sem hafði gert uppreisn gegn harðræði og miskunnarleysi þeirra tíma. Það sama á við Hlemm, ímyndin um okkur krakkana sem héngum á Hlemmi var sú að við værum í dópi og stunduðum innbrot. Þetta átti við mjög fáa, flest vorum við mjög góðir krakkar,“ segir Jón og bætir við að titillinn sé því ekki valinn af handahófi heldur útpældur.

Jón var mjög heillaður af indjánum og sjóræningjum sem barn og þaðan eru titlar bókanna fengnir. Hann leit á sjóræningja sem utangarðsfólk síns tíma og samsamaði sig þeim.

„Ég var alltaf mjög heillaður af menningarsamfélögum sem ég upplifði sem frjáls samfélög. Fyrir mér var indjáni manneskja sem lifði frjáls í sátt og samlyndi við náttúruna. Þegar ég varð unglingur yfirfærðist þessi áhugi minn svolítið yfir á sjóræningja. Sjóræningjar voru gjarnan fólk sem hafði orðið undir í samfélaginu og komist í kast við lögin og varð því að flýja hið hefðbundna samfélag. Mér fannst þetta góður titill á bókina því á þessum tíma var ég að flýja skólakerfið og þá erfiðleika sem ég gekk í gegnum þar. Hlemmur var minn sjóræningjavettvangur.“

Sjóræninginn er önnur bókin í þríleik og mun þriðja og síðasta bókin fjalla um tímann sem Jón eyddi á heimavistarskóla á Núpi í Dýrafirði. Inntur eftir því hvort hann hafi nokkurn tíma í aflögu fyrir fjölskyldu sína á milli þess sem hann sinnir embætti borgarstjóra og listagyðjunni svarar Jón neitandi. „Líf mitt er þannig að ég á ekkert líf,“ segir hann og hlær. „Ég er með standandi dagskrá alltaf. Í sumar, þegar ég ætlaði að eyða sumarfríinu mínu hjá systur minni í Noregi, þá lýsti Morgunblaðið eftir mér, eins og frægt er orðið. Þannig að ég á aldrei frí.“

sara@frettabladid.is



**VARÐ AÐ GEFA BÓKINA ÚT** Sjóræninginn, framhald hinnar skálduðu ævisögu Jóns Gnarr, Indjánans, er komin út. Jón segist hafa orðið að gefa bókina út.






# Dembir sér í flóðið

Sigríður Thorlacius er stolt af nýrri plötu Hjaltalín.

„Við erum smá hissa og sömuleiðis mjög stolt yfir því að platan sé komin út,“ segir söngkonan Sigríður Thorlacius, en í dag kemur út breiðskífan, Enter 4, frá hljómsveitinni Hjaltalín.

Það má segja að ný plata Hjaltalín komi eins og þruma úr heiðskíru lofti en að sögn Sigríðar var það ekki fyrr en í október sem sveitin lagðist öll á eitt við að klára plötuna. „Við höfum verið að búa til grunna síðastliðið eitt og hálft ár en það var ekki fyrr en í október sem við vorum nógu ánægð með efnið og tölduð okkur tilbúin að gefa út plötu. Þannig að það má kannski kalla þetta skyndiákvörðun,“ segir Sigríður, sem einmitt fagnaði afmælinu sínu í gær. „Það var mikill eldmóður í okkur að klára þetta og við unnum mikið á kvöldin og nóttunni því það voru einu tímarnir sem stúdíóið var laust.“

Sigríður segir kveða við nýjan tón á plötunni Enter 4. Högni á svo heiðurinn af öllum textum plötunnar sem eru á ensku. „Ef ég á að segja eitthvað þá er tónninn eilítið dekkri og kannski þyngri, ekki beint svona léttpopp. Það er orðið það langt síðan við gáfum síðast út plötu að það er eðlilegt að við komum inn með nýjan hljóm núna,“ segir Sigríður en síðasta plata Hjaltalín, Terminal, kom út 2009 og fékk einróma lof gagnrýnenda.

Hjaltalín hefur verið í spilapásu undanfarið þar sem meðlimir sveitarinnar hafi verið á víð og dreif um heiminn að vinna í sínu eigin efni. Nú eru þau hins vegar meira en tilbúin að hella sér út í spilamennskuna og ríða á vaðið með útgáfutónleikum í Gamla bíói þann 21. desember. Enter 4 kemur í verslanir í næstu viku en er nú fáanleg á Tonlist.is og á heimasíðu Hjaltalín, Hjaltalinmusic.com.

- áp



**STOLT OG GLÖÐ** Útgáfutónleikar Enter 4 verða 21. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslensk framleiðsla

ÍSFUGL




# Ísfugls hunangslegnar kalkúnabringur á tilboðsverði

Samkaup

nettó

KASKO

Melabúðin

Þín verslun

VÍÐIR

Þín verslun Seljabraut

FK FJARÐARKAUP

HAGKAUP Ein ferð betra verð

HLÍÐARKAUP

NÓATÚN

VEÓ Verslunin Einar Ólafsson ehf.

grafika.is / Guðrún Anna 2012

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
| --- | --- |
| THE TWILIGHT SAGA PART 2 | 5.30, 8, 10.25 |
| SKYFALL | 7, 10 |
| PITCH PERFECT | 8, 10.15 |
| WRECK-IT RALPH 3D | 5.40 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
| --- | --- | --- |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI Í 3D | KL. 5:50 | L |
| WRECK IT RALPH M/ ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |
| WRECK IT RALPH ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:10 | L |
| ARGO | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| HOPE SPRINGS | KL. 5:50 - 8 | L |
| HOUSE AT END OF STREET | KL. 8:10 - 10:30 | 16 |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
| --- | --- | --- |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 | KL. 5:30 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| ARGO | KL. 8 - 10:30 | 14 |
| CLOUD ATLAS | KL. 5:50 - 8 | 16 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 5:30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
| --- | --- | --- |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 | KL. 5:30 - 8 - 11 NÚMERUÐ SÆTI | 12 |
| SKYFALL | KL. 6 - 8 - 9 - 10:30 | 12 |
| WRECK IT RALPH ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
| --- | --- | --- |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN - PART 2 | KL. 8 | 12 |
| ARGO | KL. 10:20 | 14 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL 3D | KL. 6 | L |
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
| --- | --- | --- |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| HOPE SPRINGS | KL. 8 | L |
| END OF WATCH | KL. 10:10 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



BÖRN LOKA „Það er ekkert sérstaklega ferskt tónlistarlega við þessa plötu, en hún er bara svo frábærlega gerð að maður getur ekki annað en hrifist með,“ segir gagnrýnandi Fréttablaðsins um aðra plötu Skálmaldar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Heilsteypt og öflug rokkplata

TÓNLIST ★★★★☆

**Skálmöld**
Börn Loka
**SENA**

Hljómsveitin Skálmöld sló rækilega í gegn með fyrstu plötunni sinni Baldri árið 2010. Þetta var þemaplata sem rakti sögu Baldurs, ímyndaðrar söguhetju á víkingaöld. Baldur var í anda Íslendingasagnanna, en á nýju plötunni Börnum Loka er það norræna goðafræðin sem er viðfangsefnið, vissulega nátengt. Loki er auðvitað einn magnaðasti karakterinn í goðafræðinni og mjög vel til fundið að tileinka honum og börnum hans, Miðgarðsormi, Fenrisúlfi, Hel, Narfa, Vála og Sleipni eina plötu. Snæbjörn Ragnarsson textahöfundur kynnir einnig til sögunnar manneskjuna Hilmar sem Óðinn kallar til goðheima til að berjast við afkomendur Loka, sem leika lausum hala.



Tónlistin á Baldri var þjóðlagaskotið þungarokk. Skálmöld heldur áfram á sömu braut á nýju plötunni, en þó hafa þjóðlagaáhrifin aðeins minnkað og krafturinn aukist á móti. Skálmöld bregður fyrir sig ýmsum tilbrigðum þungarokksins. Það skiptast á öflugir keyrslukaflar, þjóðlagakenndar gítarlínur og rokkkórsöngur. Hljóðmúrinn hjá Skálmöld er á köflum alveg hnausþykkur, en þeir sjá sjálfir um allan hljóðfæraleik ef frá er talinn sellóleikur í laginu Himinhrjóður. Það koma líka við sögu nokkrar aukaraddir, aðallega í kórsöngnum og Edda Tegeder syngur í laginu Hel.

Það er ekkert sérstaklega ferskt tónlistarlega við þessa plötu, en hún er bara svo frábærlega gerð að maður getur ekki annað en hrifist með. Lagasmíðarnar eru allar góðar, flutningurinn er bæði kraftmikill og hnökralaus, hljómurinn er flottur (Flex enn og aftur) og textarnir eru snilldarlega skrifaðir. Myndirnar í plötubæklingnum, sem Ásgeir Jón Ásgeirsson á heiðurinn af, eru líka glæsilegar. Það verður að taka það fram að það er eiginlega nauðsynlegt að skoða umslagið til þess að njóta plötunnar til fulls. Til að ná textunum og sögunni almennilega og fá þannig heildarmyndina.

Börn Loka er mjög vel heppnuð plata, kraftmikil rokkópera sem gefur frumsmíðinni Baldri ekkert eftir.

**Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Skálmöld snarar út rokkóperu númer tvö.

# Handahófskennd og heillandi

## Blaðamaður The Irish Times hreifst af tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves

Blaðamaður dagblaðsins The Irish Times gefur nýafstaðinni tónlistarhátíð, Iceland Airwaves, fína einkunn.

Tónleikar Sóleyjar í Iðnó fá mjög góða dóma. „Hún er með æðislega rödd, notar svalar „lúppur“ og blandar á snilldarlegan hátt saman góðum melódíum og naumhyggju, sem minnir á Lauru Veirs,“ skrifaði blaðamaðurinn, sem hreifst einnig af tónleikum FM Belfast sama kvöld. „FM Belfast er ein skemmtilegasta tónleikasveit í heimi og hún sá til þess að ekki kom til greina að íslenskir tónleikagestir, sem eru vanir að setjast niður hvenær sem þeim dettur í hug, gætu gert það.“ Tónleikar Samaris í Hafnarhúsinu fá einnig flotta dóma. „Samaris spilaði frábæra, drungalega elektróníska tónlist, sem minnti á Bat For Lashes og Fever Ray.“

Loks minnist írski blaðamaðurinn á lokatónleika Sigur Rósar í Nýju Laugardalshöllinni og segir þá hafa verið fallega og epíska. „Flottur endir á tónlistarhátíð sem er yndislega handahófskennd, skrítin, skemmtileg, heillandi og frekar falleg. Þetta var Jumanji-tónleikablanda þar sem þú veist aldrei hvað gerist á næstu tónleikum. Allir sem ég talaði við sögðu að um leið og þú hefðir heimsótt Ísland vildir þú snúa þangað aftur. Þeir höfðu rétt fyrir sér.“ **- fb**



**SÓLEY STEFÁNSDÓTTIR** Blandar saman naumhyggju og góðum melódíum, samkvæmt blaðamanni The Irish Times. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
| --- | --- | --- |
| SNABBA CASH 2 | KL. 5.45 - 8 - 10.30 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| PITCH PERFECT | KL. 5.30 - 8 | 12 |
| HOTEL TRANSYLVANIA ÍSL. TEXTI | KL. 3.30 | 7 |
| SKYFALL | KL. 5 - 8 - 10.15 | 12 |
| SKYFALL LÚXUS | KL. 5 - 8 | 12 |
| TEDDI LANDKÖNNUÐUR | KL. 3.30 | L |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
| --- | --- | --- |
| SNABBA CASH 2 | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 5.30 - 9 | 16 |
| SKYFALL | KL. 6 - 9 | 12 |
| TAKEN 2 | KL. 10.10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 | 10 |
| THE DEEP ENSKUR TEXTI | KL. 5.50 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
| --- | --- | --- |
| SNABBA CASH 2 | KL. 6 - 8 | 16 |
| CLOUD ATLAS | KL. 10 | 16 |
| PITCH PERFECT | KL. 8 | 12 |
| SKYFALL | KL. 5.20 - 10.10 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




FIMMTUDAGUR: SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:20 ■ REFF: HAFIÐ DJÚPA BLÁA (L) 18:00 ■ REFF: LANDSLAG Í ÞOKU + FRIÐRIK ÞÓR & GRÍSKI SENDIHERRANN (L) 20:00 ■ REFF: STRÁKUR Á HJÓLI (L) 22:15 ■ ÞJÓÐFRÆÐI Í MYND (FRÍTT INN) (L) 20:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00 ■ SHADOW DANCER 18:00, 22:00 ■ WOODY ALLEN: A DOCUMENTARY (L) 17:45 ■ JIRO DREAMS OF SUSHI (L) 22:00 ■ DRAUMURINN UM VEGINN 5. HLUTI (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# JÓLABÚÐIN ÞÍN

NÝ VEFVERSLUN

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

## MAGNAÐ
### TILBOÐ TIL SUNNUDAGS Á BÖKUNARVÖRUM

ALLAR BÖKUNARVÖRUR **25%** AFSLÁTTUR




BRAUÐFORM
SPRINGFORM
MUFFINSFORM
SPAÐAR
MÆLISKEIÐAR
PENSLAR
KÖKUKEFLI
PÖNNUR
SIGTI
RJÓMASPRAUTUR
ELDHÚSVOGIR
KÖKUPRJÓNAR
KONFEKTMÓT
BÖKUNAPAPPÍR
MUFFINSSTANDUR
DESILÍTRAMÁL
SLEIFAR
SKÚFFUFORM
MÆLIGLÖS
HNETUKVARNIR
MÆLIKÖNNUR
MÆLIBOLLAR
SLEIKJUR
KLEINUJÁRN
ÚTSTUNGUFORM
PIPARKÖKUFORM
KRANSAKÖKUFORM
HJARTAMÓT
SKÓFUR
HRÆRISKÁLAR
DEIGSPRAUTU
BÖKUNARPLÖTUR
FORM MEÐ HNÍF
EGGJASKILJUR

## tékkÚps listinn

- AÐVENTULJÓSAPERUR
- SOGSKÁLAR
- GRENILENGJUR
- FJÖLTENGI (INNI/ÚTI)
- KÖKUKEFLI
- PIPARKÖKUMÓT
- KJÖTHITAMÆLAR
- SERÍUFESTINGAR
- REYKSKYNJARAR
- ELDVARNARTEPPI
- HNETUBRJÓTAR
- JÓLAPAPPÍR
- SKÆRI
- BORÐAR
- LITAÐAR LJÓSAPERUR
- GIRNI
- GRÓÐURVÍR
- MERKIMIÐAR
- GASKVEIKJARAR
- DRAGBÖND
- KRÓKAR
- KJÖTTVINNAR

## Seríu BÚÐIN ÞÍN



KAUPTU TVÆR **50%** AFSLÁTTUR Á ÓDÝRARI

## VINSÆLAR GJAFIR



## Benitez ráðinn stjóri Chelsea



**FÓTBOLTI** Spánverjinn Rafael Benitez var í gærkvöldi ráðinn knattspyrnustjóri Chelsea til loka tímabilsins. Félagið tilkynnti að um bráðabirgðaráðstöfun væri að ræða og má því leiða líkur að því að Chelsea ráði nýjan stjóra í sumar. Pep Guardiola, fyrrverandi stjóri Barcelona, hefur helst verið orðaður við starfið.

Benitez var síðast stjóri Inter á Ítalíu en þjálfaði þar áður Liverpool frá 2004 til 2010. Hann verður níundi þjálfari Chelsea í tíð Romans Abramovich en nánar er um fjallað um það á blaðsíðum 64 og 65. - esá

## Aðgerð Arnórs heppnaðist vel

**HANDBOLTI** Arnór Atlason gekkst í gær undir aðgerð þar sem gert var að hásininni sem slitnaði í leik með þýska liðinu Flensburg um helgina. Aðgerðin gekk vel að sögn læknisins Thorstens Lange.

„Við saumuðum hásinina. Það gekk allt vel og við erum sannfærðir um að Arnór geti hafið endurhæfinguna sína innan skamms,“ sagði hann en Arnór mun dvelja á sjúkrahúsinu í nokkra daga til viðbótar. „Það er hins vegar of snemmt að meta hvenær hann geti spilað á ný.“ - esá

## KR-ingar riftu samningi Thomas

**KÖRFUBOLTI** Körfuknattleiksdeild KR sagði í gær upp samningi Bandaríkjamannsins Daneros Thomas þar sem hann þótti ekki standa undir þeim væntingum sem gerðar voru til hans.

Thomas spilaði alls sjö deildarleiki með KR í haust og skoraði í þeim ellefu stig og tók rúm fjögur stig að meðaltali. Fram kemur á heimasíðu KR að félagið muni því tefla fram aðeins einum erlendum leikmanni í næsta leik og treysta á þann hóp íslenskra leikmanna sem skipa liðið. - esá

## City úr leik í Meistaradeildinni

**FÓTBOLTI** Annað árið í röð mistókst Manchester City að komast upp úr riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu, en liðið gerði í gær 1-1 jafntefli við Real Madrid á heimavelli. Dortmund vann 4-1 sigur á Ajax í sama riðli.

Dortmund fer áfram sem sigurvegari riðilsins en Real Madrid hafnar í öðru sæti.

PSG, Porto, Schalke, Arsenal, Malaga og AC Milan tryggðu öll sæti sín í 16 liða úrslitunum í gær. Það er því ráðið hvaða lið komast áfram úr riðlum A, B, C og D. - esá




Gói og Baunagrasið

Bráðskemmtileg og fyndin leiksýning fyrir alla fjölskylduna

★★★★ Fréttatíminn ★★★★ Morgunblaðið

SÍÐASTA SÝNING Sun 25/11 kl. 13:00

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið



# HEFÐI SKOÐAÐ AÐ SPILA FRÍTT

Landsliðsmaðurinn Ólafur Gústafsson er búinn að semja við Flensburg til eins árs og spilar væntanlega sinn fyrsta leik fyrir liðið eftir viku. „Þetta er tækifæri sem gefst bara einu sinni í lífinu,“ segir Ólafur spenntur.

**HANDBOLTI** Eins dauði er annars brauð og það sannaðist í gær þegar Ólafur Gústafsson samdi við þýska stórliðið Flensburg. Ólafur fær óvænt tækifæri til þess að sanna sig hjá liðinu út þessa leiktíð og var hann keyptur frá FH.

Arnór Atlason er með slitna hásin og þýski landsliðsmaðurinn Lars Kaufmann verður frá líklega næstu sex vikur vegna meiðsla og því þurfti Flensburg sárlega að bæta við sig rétthentri skyttu.

Það eru fáir leikmenn á lausu á þessum tíma og því leituðu forráðamenn Flensburg til Íslands og gengu hratt frá kaupum á Ólafi, sem hefur ekki áður spilað sem atvinnumaður.

„Ef ég stend mig, sem ég stefni á að gera, þá er aldrei að vita nema mér verði boðið meira. Ég verð ekki ríkur af þessum samningi enda byrjunarsamningur. Ég lít líka á þetta fyrst og fremst sem frábært tækifæri fyrir mig til þess að sanna mig,“ segir Ólafur en hefði hann spilað frítt til þess að fá þetta tækifæri? „Ég hefði alveg tekið það í mál. Þetta er tækifæri sem gefst bara einu sinni í lífinu.“

Flensburg hafði samband á mánudag og spurði hvort Ólafur hefði áhuga á að koma. „Eftir það gerðust hlutirnir mjög hratt. Félögin náðu saman á þriðjudag og ég skrifaði svo undir í dag [í gær]. Ég er svo farinn út til þess að vera úti. Ég varð að bregðast hratt við fyrirspurninni og það var auðvelt.“

Ólafur segist hafa hafnað tilboðum frá þýskum liðum í neðri hlutanum í vetur þar sem hann vildi ekki yfirgefa FH á nýju tímabili. Þessu tækifæri var aftur á móti ekki hægt að sleppa. „Ég hef ekkert rætt við Arnór en er búinn að tala við Vranjes þjálfara. Ég hef fylgst vel með þýska boltanum og Flensburg. Ég verð að aðlagast hratt. Þetta er atvinnumennskan, leikir á þriggja daga fresti og mikið álag. Ég verð að fara vel með mig.“

Ólafur verður ekki orðinn löglegur fyrr en eftir viku og næsta fimmtudag á Flensburg leik gegn Neuhausen. Þar fær Ólafur væntanlega strax að spila enda þörf á hans kröftum strax.

Skyttan stóra og stæðilega hefur alltaf stefnt á atvinnumennsku og fær nú að uppfylla drauminn. „Fyrst ég fór ekki út í sumar þá var stefnan að komast út næsta sumar. Það voru B-deildarlið að skoða mig þá og ég sé ekki eftir að hafa hafnað þeim núna. Nú verð ég að grípa tækifærið og standa mig.“

henry@frettabladid.is



**KOMINN Á STÓRA SVIÐIÐ** Ólafur færi einstakt tækifæri til þess að sanna sig með einu besta liði Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Titlar Flensburg

2004
Þýskalandsmeistari

2001, 2012
Evrópumeistari bikarhafa

2003, 2004, 2005
Bikarmeistari

1997
EHF-meistari

2004, 2007
Úrslit í Meistaradeild

# Bjóst ekki við að ná svona langt

Aðalheiður Rósa Harðardóttir varð í 9.-16. sæti í kata á HM í karate.

**KARATE** Aðalheiður Rósa Harðardóttir náði glæsilegum árangri á HM í karate sem nú stendur yfir í París í Frakklandi. Aðalheiður Rósa varð í 9.-16. sæti í kata kvenna en alls var 51 keppandi skráður til leiks.

Kata er sú keppnisgrein í karate þar sem keppendur skiptast á að sýna æfingar á gólfi. Fimm dómarar dæma æfingarnar og gefa öðrum keppandanum sitt atkvæði. Aðalheiður Rósa vann fyrstu tvær keppnir sínar 4-1 og 5-0 en tapaði svo naumlega, 3-2, fyrir keppanda frá Síle í 16 manna úrslitum.

„Ég bjóst engan veginn við því að ná svona langt. Hingað til hef ég aldrei komst upp úr fyrstu umferð á stórmótum eins og þessum,“ sagði hún við Fréttablaðið í gær. „Ég er því í skýjunum yfir þessum árangri.“

Aðalheiður Rósa verður tvítug í næsta mánuði og á því langan feril fram undan, kjósi hún að leggja áfram stund á íþróttina. „Yfirleitt er verið að toppa á milli 25 og 28 ára aldurs og því leit ég á þetta mót sem tækifæri fyrir mig til að öðlast reynslu,“ segir hún.

Ísland á nú í fyrsta sinn keppnissveit í hópkata á HM en auk Aðalheiðar Rósu eru Kristín Magnúsdóttir og Svana Katla Þorsteinsdóttir í sveit Íslands. Þess má geta að þær urðu Norðurlandameistarar í hópkata í apríl síðastliðnum. Þær hefja keppni í dag.

„Við erum búnar að æfa stíft síðan í sumar og teljum að við séum tilbúnar í slaginn. Við munum þó mæta erfiðum andstæðingi í fyrstu umferð en ef við hittum á góðan dag er allt mögulegt.“ - esá



**AÐALHEIÐUR RÓSA** Náði frábærum árangri á HM í karate í gær.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
JÓLASMJÖRIÐ KOMIÐ
Í VERSLANIR BÓNUS
Jóla SMJÖR
267 KR.
JÓLASMJÖR 500 GR 267 KR. STK
ROBIN KLEMENTÍNUR 2,3 KG.
795 KR. KASSINN
FROSINN
INNMATUR
SS DILKALIFUR 198 KR.KG
KS LAMBAHJÖRTU 298 KR.KG
SUÐUSÚKKULAÐI
279 KR.
GK SUÐUSÚKKULAÐI 300 GR
REYKT OG SALTAÐ
FOLALDAKJÖT MEÐ BEINI
598 KR. KG
SALTAÐ FOLALDAKJÖT
598 KR. KG
REYKT FOLALDAKJÖT
BÓNUS NÝREYKTUR
HAMBORGARHRYGGUR
1279 KR. KG
JÓLAKERTIN KOMIN 12 SM
259 KR. STK
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT
SVEITABJÚGU 1.2 KG
598 KR. PK
DÖNSK KJÚKLINGALÆRI
FROSIN OG ÚRBEINUÐ
Úrbeinuð kjúklingalæri
700 GRÖMM
1398 KR.
EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGA-
BRINGUR
KYCKLINGFILÉ
BESTU KAUPIN
Í KJÚKLINGABRINGUM
Í BÓNUS
1498 KR. 900 GR
LITAÐAR LJÓSAPERUR
179 KR. STK
KS FROSIÐ
LAMBALÆRI
HAUSTSLÁTRUN 2012
1198 KR.KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTGRIPASNITSEL
1898 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPASNITSEL
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
195 KR.
COKE LIGHT- ZERO
2 LTR
ÁTTA METRAR
Í RÚLLUNNI
JÓLAPAPPÍR / 8 M. RÚLLA
298 KR. STK
TEALIGHTS
50 STK. TELJÓS/ 4 KLST.
359 KR. PK
FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS
1898 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPAGÚLLAS
Hátíðar Blanda
MALT
Egils APPELSÍN
PEPSI
pepsi MAX
98 KR. 500 ML
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
1295 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Messi á stanslausri uppleið

Þau ætla að vera fá markametin sem lifa af atlögu Argentínumannsins Lionels Messi, sem er enn eitt tímabilið að bæta frábæra markatölfræði sína. Hvort sem þeir heita Pele, Alfredo Di Stefano, Gerd Müller eða Diego Maradona þá hafa þeir ekki roð við litla og hógværa snillingnum sem hefur gerbreytt viðmiðum okkar um hinn fullkomna fótboltamann.

Lionel Messi skoraði tvö mörk á þriðjudagskvöld þegar Barcelona tryggði sér sæti í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar með 3-0 sigri á Spartak í Moskvu. Hann var að skora tvennu í þriðja Barcelona-leiknum í röð og það þykir varla merkilegt lengur ef hann skorar, því tvö mörk eru eiginlega orðin lágmarkið hjá þessum magnaða leikmanni. Messi hefur nú spilað 19 leiki með Barcelona á tímabilinu, skoraði tvennu í níu þeirra og þrennu í þeim tíunda. Honum hefur aðeins mistekist að skora í sex leikjum á leiktíðinni en hefur lagt upp mark í þeim öllum nema tveimur. Fyrir vikið þykir það oft meiri frétt en þegar hann skorar mark.

Messi er þarna fórnarlamb eigin velgengni og meðfylgjandi línurit sýnir þessa þróun svart á hvítu. Hann hefur hækkað sig á hverju ári og virðist ekkert ætla að slaka á.

Messi var nýorðinn 21 árs þegar Pep Guardiola tók við liðinu og var þá þegar búinn að spila með aðalliði Barcelona í þrjú ár. Guardiola tók hann hins vegar út úr skugga „stóru“ nafnanna og ákvað að leikur liðsins skyldi snúast um Messi, sem jafnframt var kominn framar á völlinn.

Það var ekki að sökum að spyrja, Messi blómstraði og hjálpaði Barca að vinna alla titlana á fyrsta tímabili Guardiola. Messi fór frá því að skora 0,4 mörk í leik (16 mörk í 40 leikjum) í það að skora 0,75 mörk að meðaltali í hverjum leik (38 mörk í 51 leik).

Síðan hefur Messi bætt við meðalskor sitt á hverju tímabili og hann virðist alltaf vera að bæta met eða nálgast met. Þau verða nú fljótlega ekki mörg eftir. Hann skoraði í fyrsta sinn yfir mark að meðaltali í leik á síðasta tímabili og er að gera enn betur í vetur.

Stóra spurningin nú er hvenær þessi ótrúlega markakúrfa Messi nær hámarkinu. Messi er ekki nema 25 ára og á því eftir að bæta við hæfileika sína sem knattspyrnumaður í mörg ár enn. - óój





## Verslunarstjóri

**Rauði krossinn óskar eftir að ráða til starfa verslunarstjóra fyrir fataverslanir á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið:**
- Umsjón með rekstri verslana
- Dagleg samskipti við sjálfboðaliða s.s. skráning og mönnun á vaktir
- Samskipti og samvinna við fataflokkunarstöð

**Hæfniskröfur:**
- Þekking og áhugi á verslunarstörfum og tísku
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veitir Linda Ósk Sigurðardóttir í síma 554 6626.

**Umsóknarfrestur er til 1. desember** og sendist á linda@redcross.is. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum svarað.

Rauði krossinn Kópavogi

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

### Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi

**Samkvæmt 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi.**
1. Breyting á Aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, í Bláskógabyggð, innan þéttbýlisins Laugarvatn.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**
2. Breyting á deiliskipulagi Kiðjabergs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fjölgun frístundahúsalóða og ýmsar lagfæringar.

3. Breyting á deiliskipulagi Sólheima í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fjölgun íbúðarhúsalóða, menningarhús og breyting á athafnasvæði.

4. Breyting á deiliskipulagi Grundar á Flúðum í Hrunamannahreppi. Stækkun skipulagssvæðis til vesturs vegna viðbyggingar við Hótel Flúðir.

5. Breyting á deiliskipulagi orlofs- og frístundasvæðis Félags bókagerðarmanna í Miðdal, Bláskógabyggð. Tvö ný orlofshús auk lagfæringa á lóðarmörkum og byggingarreitum.

6. Deiliskipulag fyrir fjallaselið Þverbrekknamúli í Bláskógabyggð ásamt umhverfisskýrslu.

7. Deiliskipulag fyrir fjallasel í Þjófadölum í Bláskógabyggð ásamt umhverfisskýrslu.

**Samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi deiliskipulagstillögu:**
8. Deiliskipulag fyrir þéttbýli Laugarvatns í Bláskógabyggð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm. Skipulagstillögur nr. 2 til 7 eru í kynningu frá 22. nóvember 2012 til 4. janúar 2013. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 2 til 7 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 4. janúar 2013 og skulu þær vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

# BOLTAVAKTIN
## Staða og úrslit leikja í beinni

vísir - oft á dag

# 50%

## 33-50% afsláttur frá viðmiðunarverði af hágæða fæðubótarefnum

**Aðeins fimmtudag, föstudag og laugardag**

MULTIPOWER

Maggi Bess og Maggi Sam verða á staðnum á laugardaginn og ráðleggja þér um notkun á Maximuscle fæðubótarefnum




**NÝ VARA**
**BCAA powder 400 g**
Eykur vöðvavöxt. Öflug anabolic amínósýrublanda. Eykur úthald í erfiðum æfingum. Meiri árangur á styttri tíma. Viðmiðunarverð
**kr. 5.995-.**




**NÝ VARA**
**NOxtreme Berry blast 908 g**
Aukin orka, einbeitni og áræðni. Öflug anabolic og ergoenic blanda. Eykur flæði næringarefna og blóðs vöðva. Viðmiðunarverð
**kr. 8.995**




**Takmarkað magn**
**Professional 100% Whey protein 2,27 g**
Hreint mysuprótein fyrir aukinn vöðvavöxt. Jarðaberja og vanillubragð 75 skammtar. Viðmiðunarverð
**kr. 13.495**




**Takmarkað magn**
**Professional Mass Gainer 3 kg**
600 kal/ pr.skammtur. Mysu,-mjólkur- og eggjaprótein. Frábært bragð 30 skammtar. Viðmiðunarverð
**kr. 9.995**




**Takmarkað magn**
**PhD Creatine 550 g**
Duft sem eykur orku, úthald og styrk. Viðmiðunarverð
**kr. 5.995.-**




**Takmarkað magn**
**Maxi Fuel Viper Boost 900 g**
Fyrir þá sem vilja æfa af enn meiri krafti. Hannað til að auka andlegt og líkamlegt úthald, gefur aukna orku-strax, seinkar þreytu og viðheldur orku, gott appelsínubragð, blandast vel í vatni.
**kr. 5.995**




**Takmarkað magn**
**EAS Myoplex orignal 20 bréf**
Hágæða prótein til að viðhalda hreinum vöðvamassa. 24 vítamín og steinefni. Þægileg og bragðgóð næring fyrir íþróttafólk. fyrir fólk sem vill byggja upp hreinan vöðvamassa og viðhalda heilsusamlegu líferni.
**kr. 9.995**



Maggi Bess
Margfaldur íslandsmeistari í vaxtarrækt

Magnús Samúelsson
Alþjóðlegur meistari í vaxtarrækt

## MEISTARARÁÐGJÖF

Láttu meistarana ráðleggja þér um val á Maximuscle fæðubótarefnum á laugardaginn milli kl. 12-15

**30% afsláttur**

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 16




# Peðin í stjóratafli Abramovich

**Roberto Di Matteo var í gær rekinn sem stjóri Chelsea og nú er að bíða og sjá hvaða stjóri þorir að setjast í heitasta stólinn í boltanum. Það virðist skipta Roman Abramovich engu máli þótt að hann þurfi að eyða milljörðum í starfslokasamninga.**

**FÓTBOLTI** Roman Abramovich, eigandi Chelsea, rak í gær Roberto Di Matteo úr stjórastól félagsins, aðeins sex mánuðum eftir að Ítalinn varð fyrsti stjórinn í sögu félagsins til að stýra Chelsea til sigurs í Meistaradeildinni.

Einn martraðarmánuður var nóg fyrir Di Matteo til að missa starfið en eins og sagan sýnir svart á hvítu þá sýnir Rússinn enga miskunn þegar liðið stendur sig ekki inni á fótboltavellinum. Í byrjun október var Chelsea í efsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar með 22 stig úr fyrstu átta leikjunum og hafði auk þess náð í 4 stig í fyrstu tveimur leikjunum í Meistaradeildinni.

Nú fjórum vikum og átta leikjum síðar er Roman að leita sér að nýjum stjóra. Chelsea vann bara tvo af síðustu átta leikjum sínum undir stjórn Roberto Di Matteo og endaði á töpum á móti West Brom og á móti Juventus í Meistaradeildinni.

Rússinn Roman Abramovich hefur verið eigandi Chelsea í rúmlega níu ár og á því tímabili hefur félagið verið með átta knattspyrnustjóra. Sá níundi mun síðan taka við starfi Roberto Di Matteo á næstunni.

Di Matteo var sjötti stjórinn sem Roman hefur rekið frá árinu 2004 en auk þess samdi hann um starfslok við Jose Mourinho þegar allt fór upp í háaloft hjá þeim félögum í september 2007. Mourinho á það sameiginlegt með Di Matteo að hafa skilað titlum í hús en í þeim hópi er einnig Carlo Ancelotti, sem gerði Chelsea að tvöföldum meisturum á sínu fyrsta ári. Titlalaust annað tímabilið þýddi hins vegar að hann var rekinn strax eftir lokaleik tímabilsins.

Roberto Di Matteo entist bara 262 daga í stjórastólnum á Brúnni, sem er ekki mjög langur tími, en réð samt ríkjum lengur en þeir Andre Villas-Boas (256 dagar), Avram Grant (247) og Luiz Felipe Scolari (223) í herbúðum Chelsea.

Roman Abramovich er þegar búinn að greiða 37 milljónir punda í bætur til þeirra stjóra sem hann hefur rekið frá Chelsea og þá er ekki meðtalið það sem Di Matteo fær frá honum í starfslokasamningi sínum. Það er talið líklegt að þeir






18 mánuðir sem Ítalinn á eftir af sínum samningi komi þessari upphæð upp í 50 milljónir punda eða yfir 10 milljarða íslenskra króna.

Roman vill árangur og er tilbúinn að borga fyrir hann. Starfsumhverfið verður ekkert manneskjulegra þótt að titlar hafi unnist á þeirra vakt því hausar munu fjúka þegar illa gengur. Flestir hefðu samt talið það tryggja Di Matteo meiri þolinmæði að hafa fært Abramovich Meistaradeildarbikarinn langþráða síðasta vor en miskunnarleysi Rússans kom knattspyrnuheiminum enn á ný á óvart. - óój

Fasteignahúsið
» Fagmennska alla leið
Hlíðasmári 6, 201 Kópavogur
Sími: 566-8866
www.fasteignahusid.is
fasteignahusid@fasteignahusid.is
Jóhann Ólafsson
Löggiltur FFS

Til Leigu




Snyrtilegt 42 fm skrifstofuhúsnæði á fyrstu hæð, sérinngangur, eldhúsinnrétting og snyrting sér. Næg bílastæði og góð staðsetning. **Upplýsingar gefur Sigurður Ólafsson í síma 822-8440.**

www.fasteignahusid.is sími 566 8866



# Vilja bylta veiðistjórnunarkerfinu

**Skotveiðifélag Íslands leggur til róttækar breytingar á veiðistjórnunarkerfinu í nýjum tillögum. Landinu verði skipt upp í 6-8 veiðisvæði og fyrir hvert svæði verði komið á svæðisráði sem fái það hlutverk að móta stefnu um veiðistjórnun og nýtingu veiðistofna.**



**ELVAR ÁRNI LUND** Formaður Skotvís vonast til að með tillögunum náist almenn sátt um veiðistjórnunarkerfið. MYND/ÚR SAFNI

Í tillögum Skotvís, sem bera nafnið Framtíð veiðistjórnunar á Íslandi, segir að veiðistjórnun á Íslandi sé á hrakhólum og hafi verið síðan að embætti veiðistjóra var lagt niður árið 2003. Umhverfisráðuneytið og stofnanir þess hafi tekið við málaflokknum en hlutverkaskipting orðið svo óskýr að það hafi komið niður á veiðistjórnun.

Tillögurnar hafa ekki verið lagðar fyrir aðalfund Skotvís en hafa verið ræddar innan stjórnarinnar í að verða ár.

„Við teljum að það sé fyrst og fremst þörf á breytingum og setjum fram þessar byltingarkenndu hugmyndir í von um að þær veki menn til umhugsunar svo hægt sé að ná almennari sátt um fyrirkomulag veiðistjórnunar á Íslandi,“ segir Elvar Árni Lund, formaður Skotvís. Elvar Árni segir skotveiðimenn gera sér grein fyrir því að erfitt geti verið að koma svo byltingarkenndum hugmyndum í gegn. „En við teljum þetta vel framkvæmanlegt ef menn taka þessu með opnum hug innan ráðuneytisins,“ segir Elvar Árni.

### Nýtt skipulag

Tillögur Skotvís eru ansi róttækar og er meðal annars lagt til að Íslandi verði skipt upp í 6-8 veiðisvæði. Svæðisráði verði komið á laggirnar fyrir hvert svæði sem fái síðan það hlutverk að „móta stefnu um veiðistjórnun og nýtingu veiðistofna og fylgja henni eftir á hverju svæði,“ eins og segir í tillögunum. Samráð skuli haft á milli svæða, eftir því sem þurfa þykir, og svæðisráð hafi heimild til að kalla til liðs við sig sérfræðinga á sviði vistfræði, veiðistjórnunar, náttúruverndar, umhverfisverndar, beitarstýringar, dýralækninga, veðurfars og svo framvegis – og jafnvel erlenda sérfræðinga á þessum sviðum.

### Stefna til tuttugu ára

Skotvís leggur til að á fyrsta fundi svæðisráðanna verði mótuð veiðistjórnarstefna á Íslandi til fimm, tíu og tuttugu ára. Umhverfisstofnun taki við tillögum fulltrúanna og í samráði við sérfræðinga stofnunarinnar verði „unnin heildarstefnumótun fyrir veiðar á Íslandi. Ráðherra staðfestir stefnumótunina og er ábyrgur fyrir því að svæðisráðin og Umhverfisstofnun fái nauðsynlegt fjármagn af fjárlögum Alþingis til að fylgja henni eftir“.

Þá segir í tillögunum að ráðherra „geti ekki breytt tillögum og stefnumótun en aftur á móti getur ráðherra farið fram á að einstök atriði verði endurskoðuð innan ráðanna“.

## Fulltrúar svæðisráða

**Skotveiðimenn** (Skotvís)
**Refa- og minkaveiðimenn** (Bjarmaland)
**Landeigendur** (Félag landeigenda)
**Dýravernd** (Dýraverndarráð)
**Hlunnindabændur** (Félag hlunnindaveiðimanna, eggja- og háfaveiðimenn)
**Vistfræðingur/líffræðingur/fuglafræðingur** (Náttúrustofur og Náttúrufræðistofnun þar sem Náttúrustofur eru ekki fyrir hendi, t.d. fyrir miðhálendið)
**Vistfræðingur/trjáfræðingur/grasafræðingur** (Skógræktin þar sem mikið er um skóga og Landgræðslan á svæðum þar sem starfsemi hennar er umfangsmikil)
**Fulltrúi sveitarstjórna** (Landshlutasamtök sveitarfélaga)
**Fulltrúi ríkisins** (tilnefndur af ríkisstjórn (fulltrúi ríkisins komi fram fyrir hönd þess varðandi þjóðlendur, þjóðgarða, ríkisjarðir, jarðir í eigu ríkisstofnana og -fyrirtækja)

## → Veiðisvæðin

Samkvæmt tillögum Skotvís yrði landinu skipt upp í 6-8 svæði.



**„Við teljum þetta vel framkvæmanlegt ef menn taka þessu með opnum hug innan ráðuneytisins.**

*Elvar Árni Lund, formaður Skotvís*

› Sjá tillögur Skotvís í heild sinni á visir.is

### Hlutverk svæðaráðanna

Samkvæmt tillögu Skotvís verður hlutverk svæðaráða „að gæta að velferð veiðistofna á Íslandi og tryggja framtíð veiða og nýtingu veiðistofna á skynsamlegan og sjálfbæran hátt.“

Svæðisráðin skuli samræma tillögur sínar á landsvísu, en einnig að taka tillit til aðstæðna í hverjum landshluta og á hverju svæði fyrir sig.

„Svæðisráði ber að móta sér skoðun á veiðum allra tegunda sem finnast innan þeirra svæðis. Komi eitthvað óvænt upp á, t.d. viðkomubrestur, ógn við varplönd, sjúkdómar, mikil aukning í stofni og svo framvegis, skal funda hið fyrsta og gera tillögur að aðgerðum, sé talið að slíkt sé raunhæft og til þess fallið að tryggja velferð veiðistofnanna og/eða annarra stofna sem svæðisráðin ber ábyrgð á,“ segir í tillögunum.

### Griðlönd veiðistofna

Skotvís leggur til að Umhverfisstofnun, eftir atvikum, geri tillögur að breytingum á reglugerð og lögum og sendi til ráðuneytisins sem ber að bregðast við sem fyrst.

Þá skuli svæðisráð koma með tillögur að griðlöndum fyrir veiðistofna í þeim tilgangi að tryggja veiðistofnum örugg varplönd og búsvæði árið um kring.

Tillögur svæðisráða skuli eiga við allt landið: þjóðgarða, þjóðlendur, friðlýst svæði, fólksvanga, ríkisjarðir, einkajarðir, eyjur, kletta og sker.

Svæðisráð skuli koma með tillögur að veiðitímabili, sem getur verið eftir atvikum misjafnt á milli landshluta og jafnvel á milli ára ef miklar breytingar eru á veðurfari.

kristjan@frettabladid.is






# Bragðgóð hátíð



Í dag er þakkargjörðardagurinn haldinn hátíðlegur víða um heim. Í tilefni þess er vinsæla kalkúna-máltíðin komin aftur á Veitingastaðinn. Þessi gómsæta hátíðarmáltíð er á aðeins 995 krónur og verður á matseðlinum fram að jólum.

**995,-**

**KALKÚNAMÁLTÍÐ**
Steiktur kalkúnn, sósa, fylling, maísbaunir, rauðkál og brúnaðar kartöflur

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.10

### Neyðarlínan

Sigrún Ósk mætir með sjö-unda þáttinn af Neyðar-línunni á Stöð 2 í kvöld. Að þessu sinni er m.a. rakin saga tveggja sjó-manna sem lentu í sjávarháska þegar bátur þeirra sökk á ör-skammri stundu rétt við Akurey.

## Í KVÖLD



### Astronaut Farmer

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 14.10** Töffarinn Billy Bob Thornton leikur hér NASA-geimfarann Charles Farmer. Sá þarf að leggja geimbúninginn á hilluna langt fyrir aldur fram til að flytja heim og bjarga bóndabæ fjölskyld-unnar. Hann á þó erfitt með að segja skilið við geiminn og reynir að smíða sína eigin eldflaug heima í sveitinni.

Rotten Tomatoes 57% IMDb 6,3



### Revolution

**STÖÐ 2 KL. 21.25** Fimmtán árum eftir svokallað Blackout, þegar heim-urinn missti allt rafmagn, leitar hin unga Charlotte „Charlie“ Matheson svara. Hún er fullviss um að hægt sé að koma rafmagninu á aftur en þarf fyrst að finna rót vandans og ástæðu þess að það datt út á sínum tíma.

64/100 IMDb 6,6



### A View to a Kill

**SKJÁR EINN KL. 22.00** Ein þekktasta myndin um njósnarann James Bond, sem berst nú við tölvurisann Max Zorin. Sá ætlar að framkalla jarð-skjálfta til að eyðileggja Sílikondalinn og þurrka út helstu keppinauta sína. Roger Moore fer með hlutverk 007, Christopher Walken leikur Zorin og Tanya Roberts er Bond-stúlkan.

Rotten Tomatoes 36% IMDb 6,2

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1** **06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tón-sviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Gestakomur í Sauðlauksdal **15.25** Í kvöld um kaffileytið: Ástarsaga Sue og Charles Mingus **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tón-leikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Von Trapp fjölskyldan og Tónaflóðið **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Kiljan** *(e)*
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.15 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.26 Múmínálfarnir**
**17.36 Lóa**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** *(6:31) (e)*
**18.25 Hálandaleikarnir** *(2:3)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Litla Parísareldhúsið** *(6:6) (The Little Paris Kitchen)*
**20.40 Hljómskálinn** *(1:4)* Þáttaröð um ís-lenska tónlist í umsjón Sigtryggs Baldurs-sonar. Honum til halds og trausts eru Guðmundur Kristinn Jónsson og Bragi Valdimar Skúlason. Farið er um víðan völl íslensku tónlistarsenunnar og þekktir tón-listarmenn fengnir til að vinna nýtt efni fyrir þættina.
**21.10 Sönnunargögn** *(10:16) (Body of Proof II)* Bandarísk sakamálaþáttaröð. At-riði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7** *(16:18) (Detroit 1-8-7)* Í þessari bandarísku spennuþáttaröð á morðdeild lögreglunnar í Detroit í höggi við harðsvíraða glæpamenn. Atriði í þátt-unum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Downton Abbey** *(1:8) (Downton Abbey) (e)*
**00.15 Kastljós** *(e)*
**00.40 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**11.30 10 Items of Less**
**12.55 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**14.10 The Astronaut Farmer**
**15.55 10 Items of Less**
**17.15 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**18.35 The Astronaut Farmer**
**20.20 The Deal**
**22.00 My Sister's Keeper**
**01.20 The Deal**
**03.00 My Sister's Keeper**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(18:22)*
**08.30 Ellen** *(47:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(28:175)*
**10.15 Lie to Me** *(22:22)*
**11.05 White Collar** *(8:16)*
**11.50 Harry's Law** *(8:12)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(4:22)*
**13.20 Material Girl** *(3:6)*
**14.15 Being John Malkovich** 16.05 Barnatími Stöðvar 2
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(48:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(16:17)*
**19.45 Modern Family** *(14:24)*
**20.10 Neyðarlínan** Fréttakonan Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fylgir eftir sögum fólks sem hringt hefur í Neyðarlínuna af ýmsum ástæðum. Símtalið til Neyðar-línunnar er spilað og talað við sjúkraflutn-ingamenn og lækna sem aðstoðuðu sjúk-lingana á sínum tíma. Einnig er rætt við fórnarlömbin og fræðst um hvað á daga þeirra hefur drifið frá símtalinu örlagaríka.
**20.40 Person of Interest** *(5:23)* Fyrrver-andi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-ríki. Þættirnir koma úr smiðju J.J. Abrams.
**21.25 Revolution** *(8:22)*
**22.15 Breaking Bad** *(12:13)*
**23.05 Spaugstofan** *(9:22)*
**23.30 Pressa** *(6:6)*
**00.15 Homeland** *(7:12)*
**01.05 Boardwalk Empire** *(2:12)*
**02.00 Stargate: The Ark of Truth**
**03.40 Wrong Turn 3: Left for Dead**
**05.10 Modern Family** *(14:24)*
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistara-mörkin**
**15.30 Meistaradeild Evrópu** Endurs.
**17.10 Þorsteinn J. og gestir: meistara-mörkin**
**17.55 Evrópudeildin: Lazio - Tottenham** BEINT
**20.00 Evrópudeildin: Liverpool - Young Boys** BEINT
**22.05 Spænsku mörkin**
**22.35 Evrópudeildin: Lazio - Tottenham**
**00.15 Evrópudeildin: Liverpool - Young Boys**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Milwall - Leeds**
**18.20 Man. City - Aston Villa**
**20.00 Premier League World 2012/13** Skemmtilegur þáttur þar sem stjörnurn-ar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar og fjallað er um líf leikmanna innan sem utan vallar.
**20.30 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næst-efstu deild enska boltans.
**21.55 Norwich - Man. Utd**
**23.35 Liverpool - Wigan** Ú

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.35 UKI**
**08.45 Stubbarnir**
**09.10 Strumparnir**
**09.30 Brunabílarnir**
**09.50 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Ævintýri Tinna**
**10.35 Búbbarnir** *(6:21)*
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.25 Xiaolin Showdown**
**17.50 Tricky TV** *(1:23)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 The Simpsons** *(11:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(5:18)*
**19.00 Friends** *(13:24)*
**19.25 The Simpsons** *(9:23)*
**19.50 How I Met Your Mother** *(18:22)* Önnur þáttaröð þessara bráðskemmti-legu og rómantísku gamanþátta sem fjalla um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhuga-lífsins til hins ýtrasta. *(18.22)* Það er allt á öðrum endanum í vinahópnum vegna flutninga en það eru ekki allir sáttir við breytingarnar.
**20.10 Game Tíví**
**20.35 Suburgatory** *(15:22)* Ný gaman-þáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**21.00 Pretty Little Liars** *(15:25)* Banda-rísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.45 Gossip Girl** *(6:13)*
**22.25 Game Tíví**
**22.50 Suburgatory** *(15:22)*
**23.15 Pretty Little Liars** *(15:25)*
**00.00 Gossip Girl** *(6:13)*
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** *(75:175)*
**19.00 Ellen** *(48:170)*
**19.45 Strákarnir**
**20.15 Stelpurnar** *(5:20)*
**20.35 Ríkið** *(5:10)*
**21.00 Það var lagið**
**22.00 Friends** *(15:24)*
**22.25 Strákarnir**
**22.55 Stelpurnar** *(5:20)*
**23.15 Ríkið** *(5:10)*
**23.40 Það var lagið**
**00.35 Friends** *(15:24)*
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.35 Pepsi MAX tónlist**
**14.25 The Voice** *(10:15) (e)*
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 America's Next Top Model** *(13:13) (e)*
**19.05 The Office** *(3:27) (e)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(8:26) (e)*
**19.55 Will & Grace** *(7:24) (e)*
**20.20 Happy Endings** *(4:22)* Bráðfyndnir þættir um skrautlegan vinahóp. Jane trúir því að tafla með myndum af því sem maður dreymir um sé málið. Brad geng-ur illa að tengjast yfirmanni sínum, allt þar til hann hittir Max á limmósínunni og Dave er eitthvað hikandi við að kynna nýju kærustuna fyrir vinahópnum.
**20.45 30 Rock** *(14:22)*
**21.10 House** *(10:23)* Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House. Stúlka þarf að gangast undir rannsóknir af öllu tagi svo House of læknateymi hans getur skilað niðurstöðu sinni.
**22.00 A View to a Kill**
**00.15 Parks & Recreation** *(4:22) (e)*
**00.40 CSI: Miami** *(9:19) (e)*
**01.30 Bedlam** *(4:6) (e)*
**02.20 Happy Endings** *(4:22) (e)*
**02.45 Everybody Loves Raymond** *(8:26) (e)*
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** World Tour Championship **2012** (**1:4**) **13.00** Golfing World **13.50** World Tour Championship **2012** (**1:4**) **18.50** Inside the PGA Tour (**44:45**) **19.15** World Tour Championship **2012** (**1:4**) **00.15** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


KEMUR ÚT 27. NÓVEMBER

JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**Meðal efnis í blaðinu:** Jólaljósin, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasiðir og venjur.

**Bókið auglýsingar tímanlega:**

Atli Bergmann
atlib@365.is
512 5457

Benedikt Freyr Jónsson
benni@365.is
512 5411

Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is
512 5427

Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
512 5473

Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is
512 5432

# KÓSÍ KVÖLD

## Jólastemmning í Kauptúni

**20%**
afsláttur af öllum vörum
í Tekk-Company og Habitat.
Aðeins í dag!

Opið til kl. 22
í kvöld

Kaffi og kruðerí

Jólavörurnar komnar!




Kynnum jólailmina frá Crabtree & Evelyn

Pop-up myndlistarsýning:
Olíumálverk eftir Soffíu Sæm.

Hafliði kynnir súkkulaði-kræsingar o.fl.

Inga Elsa og Gísli Egill veita góð ráð og kynna nýútkomna bók sína *Eldað og bakað í ofninum heima*

Léttar veitingar, kaffi og kruðerí

Kynnum Nicholas Vahé gourmet matarlínuna frá HOUSEDOCTOR

20% afsláttur af öllum vörum í Tekk-Company og Habitat

HERA BJÖRK syngur jólalög

sia · house doctor · Ethnicraft® emorational® wooden furniture · Crabtree & Evelyn · habitat

habitat

TEKK-COMPANY 1998 2012 FJÓRTÁN ÁRA

TEKK COMPANY

FABRIKAN

Tekk-Company og Habitat | Kauptúni | Sími 564 4400 | www.tekk.is

Við erum á Facebook

**BÓKIN**



**„Það vill svo skemmtilega til að ég er með tvær góðar á náttborðinu akkúrat núna. Önnur er Vísdómsrit Baggalúts og hin er Heimili fröken Peregrine fyrir sérkennileg börn eftir Ransom Riggs.“**

Theodóra Mjöll Skúladóttir, hárgreiðslukona og höfundur bókarinnar Hárið.

# Ísland í tísku á Travel Channel

Einn klukkutíma þáttur auk annars vikulegs á ferðasjónvarpsstöðinni vinsælu.

„Það var tökulið hérna í þrjár vikur í sumar. Ég eyddi með þeim hálfum degi þar sem við spjölluðu um alls konar hluti tengda Íslandi. Þar að auki mættu þeir á leiksýninguna mína How to Become Icelandic in 60 Minutes og tóku hana alla upp. Hvort þeir noti svo eitthvað af því efni veit ég ekkert um,“ segir leikarinn Bjarni Haukur Þórsson um heimsókn Travel Channel hingað til lands í sumar.

Tilefni heimsóknarinnar var upptaka á Íslandsþætti Bobs Kelly í þáttaröðinni The Ethical Hedonist. Um er að ræða klukkutíma langan þátt sem er alfarið tileinkaður Íslandi og verður sýndur á Travel Channel þann 1. desember næstkomandi klukkan 18.00. Alls samanstendur þáttaröðin af fjórum þáttum, en í hinum þremur heimsækir Bob Srí Lanka, Malaví og Portúgal. Íslendingar ættu margir hverjir að geta horft á þáttinn því Travel Channel er að finna bæði í fjölvarpspakka Stöðvar 2 og Skjáheims.

Svo virðist sem Travel Channel sé með hálfgert Íslandsþema í gangi um þessar mundir og til að mynda eru þættirnir Cruising The Icelandic Fjords og Around Iceland On Inspiration báðir sýndir sama dag og Íslandsþáttur Bobs Kelly. Í þeim fyrrnefnda heimsækir Saga Sapphire landið og kíkir á næturlífið í Reykjavík eitt laugardagskvöld, en hinn er hluti af þrettán þátta röð þar sem Riaan Manser og Dan Skinstad ferðast um landið. - trs



BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON






**MUNUR** Flestum sem frétta af vandamáli Ólafar þykir það stórmerkilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leitar að spegilmynd

Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir er með misstóra fætur. Sá hægri er í skóstærð 38 en sá vinstri er númer 40. Til að auðvelda sér skókaupin hefur Ólöf Hugrún hafið leit á veraldarvefnum að því sem hún kallar „manneskjuna á móti sér“.

„Ég fæddist nú bara svona, þetta er svokallaður fæðingargalli,“ segir leikkonan Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir, sem auglýsir eftir spegilmynd sinni samskiptavefnum Facebook.

Ástæðan er sú að Ólöf fæddist með misstóra fætur. Hægri fóturinn er í stærð 38 en sá vinstri er ívið stærri eða í stærð 40. Því leitar Ólöf logandi ljósi að einhverjum sem glímir við sama vandamál, nema á hinn veginn, og væri tilbúinn að deila með henni skókaupum. „Eitt af því leiðinlegasta sem ég geri er að kaupa mér skó. Ég þarf alltaf að kaupa tvö pör og það er því dýrt dæmi fyrir mig,“ segir Ólöf og bætir við að hún þefi uppi ódýrar skóverslanir í útlöndum. „Skóskápurinn minn er stútfullur af ónotuðum pörum í sitthvorri stærðinni. Ég er ein af þeim sem eiga erfitt með að henda skóm. Þegar ég flutti heim frá Bandaríkjunum fór ég samt með aukaskóna í Rauða krossinn en var með samviskubit eftir á því þeir voru náttúrulega allir í sitthvorri stærðinni og ólíklegt að nokkur hafi not fyrir þá.“

Ólöf fær styrk frá Tryggingastofnun til skókaupa og nýtir sér þann styrk. Hún vill hins vegar gjarnan koma skónum sem hún nýtast henni ekki í notkun, enda grábölvað að hafa fullan skáp af ónotuðum skóm. „Svo væri auðvitað frábært ef sá hinn sami myndi vilja koma með mér og kaupa skó, tvö fatlafól saman í skóbúð. Það væri snilld,“ segir Ólöf, sem forðast að kaupa sér dýra skó. „Nei, en ég vildi það gjarnan. Ég horfi yfirleitt bara á þessi dýru pör, andvarpa og geng í burtu.“

Munurinn er ekki sjáanlegur nema þegar Ólöf er berfætt, en flestum sem frétta af vandmálinu þykir þetta stórmerkilegt og krefjast þess að sjá á henni fæturna.

Ólöf viðurkennir að hún hafi einu sinni tekið einn skó af hvorri stærð er hún keypti skópar í Hagkaup á sínum yngri árum. „Fyrirgefðu Hagkaup. Þetta var hræðilegt og mér leið ekki vel með þetta. En neyðin kennir naktri konu að spinna.“

Eftir að Ólöf hóf leitina að spegilmynd sinni á Facebook hafa fjölmargir haft samband við hana og bent henni á ýmsar lausnir. Til að mynda var henni vísað á skóbúð á netinu sem selur staka skó, nokkuð sem Ólöf ætlar að kanna nánar. „Ég vil finna lausn á þessu máli og hvet fólk til að vera óhrætt við að hafa samband við mig í gegnum Facebook.“ alfrun@frettabladid.is

# Biophilia fyrir alla snjallsíma

Björk undirbýr Android-væðingu Biophiliu. Safnað fyrir verkefninu á Kickstarter.

Björk Guðmundsdóttir ætlar að laga Biophilia-verkefnið sitt að stýrikerfinu Android og reyna að setja það í loftið á næsta ári. Þetta þýðir að Biophilia-öppin verða fáanleg fyrir alla snjallsíma, ekki bara fyrir iPhone og iPad.

Hugsanlega verður safnað fyrir verkefninu í gegnum söfnunarsíðuna Kickstarter.com þar sem almenningur getur látið fé af hendi rakna til verkefnisins. „Þetta kostar svo rosalega mikið. Við vildum gera þetta strax í byrjun en gátum það ekki vegna þess að þetta var svo dýrt. Við hefðum þurft átta forritara í sex mánuði til að gera þetta,“ segir Björk og bætir við að Biophilia hafi aldrei verið hugsað eingöngu fyrir ríka krakka.

Hún er mjög ánægð með viðbrögðin sem hún hefur fengið við öppunum sem hún bjó til í kringum lögin á plötunni og námskeiðunum sem hafa fylgt í kjölfarið. „Við erum búin að fá viðbrögð frá fátækum hverfum í Afríku og Asíu þar sem enginn er með iPhone. Þetta er draumurinn, að allir geti notað þessi öpp, og þetta gæti gerst á næsta ári,“ segir hún. - fb



**BJÖRK** Björk Guðmundsdóttir heldur ótrauð áfram með Biophilia-verkefnið sitt.

# 50 HÁGÆÐA TOMMUR FRÁ

# Panasonic




**Panasonic TXL50EM5**

**249.990**

## 50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**Framúrskarandi myndgæði**
Örþunnur háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn tryggir framúrskarandi myndgæði.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**Game mode**
Tækið er búið sérstöku Game mode, þar sem allar stillingar eru stilltar þannig að það henti best ef tengja á leikjatölvu við tækið.

**Orkunýting A+**
Tækið er mjög sparneytið á orku, enda með LED perum í baklýsingu. Orkunýting A+ er með því besta sem þekkist í sjónvörpum í dag.

LED tv · HIGH CONTRAST · V-Audio SURROUND · Media Player · GAME MODE · USB · HDMI x2 · FULL HD 1920X1080p

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stuttmynd byggð á Ósjálfrátt

Leikstjórinn **Kristín Eysteinsdóttir** ætlar að gera stuttmynd byggða á einum kafla úr nýútkominni skáldsögu Auðar Jónsdóttur, Ósjálfrátt. Kaflinn sem um ræðir fjallar um snjóflóð í þorpi fyrir vestan. Kristín, sem hefur hingað til einbeitt sér að leikritum, er komin á fullt í heimildarvinnu og stefnir á upptökur fljótlega, líklega eftir jól. Framleiðandi verður fyrirtæki Baltasars Kormáks, Blueeyes. Stutt er síðan Baltasar tryggði sér kvikmyndaréttinn á annarri skáldsögu eftir Auði, Fólkinu í kjallaranum.



### FÖGNUÐU ÓVÆNTRI PLÖTU

Vinir og aðdáendur hljómsveitarinnar Hjaltalín komu saman á Kex í gærkvöldi til að hlusta á nýja plötu sveitarinnar, sem kemur út á netinu í dag. Leynd hefur verið yfir útgáfunni fram að þessu og fengu fréttirnar góðar viðtökur þegar þær birtust á netinu í gær, eins og fjallað er um framar í blaðinu. Meðal þeirra sem boðuðu komu sína á Kexið í gærkvöldi voru systkinin Heiða Kristín Helgadóttir í Bjartri framtíð og Snorri Helgason tónlistarmaður, markaðsmaðurinn Jón Gunnar Geirdal, ritstýran **Þóra Tómasdóttir,** ofurfyrirsætan Kolfinna Kristófersdóttir og íþróttafréttamaðurinn Haukur Harðarson.



**- fb, - bþh**

### Mest lesið vísir

1. Maggi Gylfa: Þetta setur allt á annan endann
2. Kjarnorkan komin á rafmagnsreikninginn
3. Þorsteinn fer aftur á Litla-Hraun eftir að kókaín fannst í þvagi
4. Fann Curiosity líf á Mars?
5. Verjandi Annþórs taldi saksóknara vanhæfan





